# FRÉTTABLAÐIÐ

236. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 6. OKTÓBER 2018


# Guð blessi Ísland

**... sagði Geir H. Haarde þáverandi forsætisráðherra við íslenska þjóð fyrir nákvæmlega tíu árum. En hvernig blessaðist þetta? Og hvar eru helstu áhrifamenn hrunsins í dag?**

→ 24–30

Góðir Íslendingar.

Ég hef óskað eftir því að fá að ávarpa ykkur á þessari stundu, nú þegar miklir erfiðleikar steðja að íslensku þjóðinni. Heimsbyggðin öll gengur nú í gegnum mikla fjármálakreppu og má jafna áhrifum hennar á bankakerfi heimsins við efnahagslegar hamfarir. Stórir og stöndugir bankar beggja vegna Atlantshafsins hafa orðið kreppunni að bráð og ríkisstjórnir í mörgum löndum róa nú lífróður til að bjarga því sem bjargað verður heima fyrir. Í aðstæðum sem þessum hugsar auðvitað hver þjóð fyrst og síðast um sinn eigin hag. Jafnvel stærstu hagkerfi heims eiga í tvísýnni baráttu við afleiðingar kreppunnar.

Íslensku bankarnir hafa ekki frekar en aðrir alþjóðlegir bankar farið varhluta af þessari miklu bankakreppu og staða þeirra nú er mjög alvarleg. Á undanförnum árum hafa vöxtur og velgengni íslensku bankanna verið ævintýri líkust. Mikil sóknarfæri sköpuðust þegar aðgengi að lánsfé á erlendum mörkuðum var í hámarki og bankarnir, ásamt öðrum íslenskum fyrirtækjum, nýttu sér tækifærið til sóknar og útrásar.

Á þessum tíma hafa íslensku bankarnir stækkað gríðarlega og nema skuldbindingar þeirra nú margfaldri þjóðarframleiðslu Íslands. Undir öllum eðlilegum kringumstæðum væru stórir bankar líklegri til að standa af sér tímabundinn mótbyr en þær hamfarir sem nú ríða yfir heimsbyggðina eru annars eðlis og stærð bankanna í samanburði við íslenska hagkerfið er í dag þeirra helsti veikleiki.

Þegar alþjóðlega fjármálakreppan hófst fyrir rétt rúmu ári með hruni fasteignamarkaðarins í Bandaríkjunum og keðjuverkun vegna svokallaðra undirmálslána var staða íslensku bankanna talin sterk, enda höfðu þeir ekki tekið þátt í slíkum viðskiptum að neinu marki. En afleiðingar þeirrar keðjuverkunar sem þá hófst hafa reynst alvarlegri og umfangsmeiri en nokkurn óraði fyrir.

Á allra síðustu vikum hefur fjármálakerfi heimsins orðið fyrir gríðarlegum áföllum. Nokkrir af stærstu fjárfestingabönkum heims hafa orðið kreppunni að bráð og lausafé á mörkuðum í raun og veru þurrkast upp. Þetta hefur haft þau áhrif að stórir alþjóðlegir bankar hafa kippt að sér höndum við fjármögnun annarra banka og algjört vantraust hefur skapast í viðskiptum banka á milli. Af þessum völdum hefur staða íslensku bankanna versnað mjög hratt á allra síðustu dögum.

Góðir landsmenn.

Ríkisstjórn Íslands, Seðlabankinn og Fjármálaeftirlitið hafa síðustu daga og vikur unnið baki brotnu að lausn á þeim gríðarlegu erfiðleikum sem steðja að íslenskum bönkunum í góðu samstarfi við þá sjálfa. Að þeirri vinnu hafa ýmsir aðilar komið, til að mynda lífeyrissjóðir og aðilar vinnumarkaðarins. Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur allt kapp verið lagt á að íslensku bankarnir seldu erlendar eignir sínar og minnkuðu umsvif sín svo að íslenska ríkið, svo smátt í samanburði við íslensku bankanna, hefði bolmagn til að styðja við bakið á þeim. Við skulum hafa í huga í því samhengi að þær risastóru aðgerðir sem bandarísk yfirvöld hafa ákveðið til bjargar þarlendu bankakerfi eru um 5% af þeirra landsframleiðslu. Efnahagur íslensku bankanna er hins vegar margföld landsframleiðsla Íslendinga.

Ákvörðun um umfangsmiklar björgunaraðgerðir til handa íslensku bönkunum er því ekki spurning um að skattgreiðendur axli þyngri byrðar tímabundið heldur varðar hún stöðu íslensku þjóðarinnar í heild sinni til langrar framtíðar.

Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að hún muni gera það sem í hennar valdi stendur til að styðja við bankakerfið. Í þeirri viðleitni hafa margir mikilvægir áfangar náðst á síðustu vikum og mánuðum. En í því ógnarástandi sem nú ríkir á fjármálamörkuðum heimsins þá felst mikil áhætta í því fyrir íslensku þjóðina alla að tryggja bönkunum örugga líflínu. Þetta verða menn að hafa í huga þegar talað er um erlenda lántöku ríkissjóðs upp á þúsundir milljarða til að verja bankana í þeim ólgusjó sem þeir eru nú staddir í. Sú hætta er raunveruleg, góðir landsmenn, að íslenska þjóðarbúið myndi, ef allt færi á versta veg, sogast með bönkunum inn í brimrótið og afleiðingin yrði þjóðargjaldþrot. Engin ábyrg ríkisstjórn teflir framtíð þjóðar sinnar í slíka tvísýnu, jafnvel þótt sjálft bankakerfi þjóðarinnar sé í húfi. Til slíks höfum við, ráðamenn þjóðarinnar, ekki leyfi. Íslenska þjóðin og framtíð hennar gengur framar öllum öðrum hagsmunum.

Um helgina var fundað nær linnulaust um stöðu fjármálakerfisins. Ég get fullyrt að allir þeir sem komu að því borði reyndu sitt ítrasta til að búa svo um hnútana að starfsemi banka og fjármálastofnana gæti haldið áfram í dag og ávinningur af vinnu helgarinnar gerði það að verkum að í gærkvöldi var útlit fyrir það að bankarnir gætu fleytt sér áfram um sinn. Af þeim sökum gat ég þess í gærkvöldi að það væri mat mitt og ríkisstjórnarinnar að ekki væri ástæða til sérstakra aðgerða af okkar hálfu. Engin ábyrg stjórnvöld kynna afdrifaríkar aðgerðir varðandi banka- og fjármálakerfi sinnar þjóðar nema allar aðrar leiðir séu lokaðar.

Þessi staða hefur nú í dag gerbreyst til hins verra. Stórar lánalínur við bankana hafa lokast og ákveðið var í morgun að loka fyrir viðskipti með bankastofnanir í Kauphöll Íslands.

Nú reynir á ábyrg og fumlaus viðbrögð. Ég mun nú á eftir mæla fyrir frumvarpi á Alþingi sem mun gera ríkissjóði kleift að bregðast við því ástandi sem nú er á fjármálamörkuðum. Ég hef rætt við forystu stjórnarandstöðunnar í dag og fengið góð orð um að frumvarpið verði afgreitt í dag. Þakka ég þeim samstarfið í því efni.

Með lagabreytingum þessum munum við aðlaga bankakerfið að íslenskum aðstæðum og endurreisa traust erlendra aðila á banka- og fjármálastarfsemi á Íslandi. Verði lögin samþykkt í dag má gera ráð fyrir að þessar heimildir verði virkar strax í kjölfarið.

Ég vil taka af öll tvímæli um að innstæður Íslendinga og séreignasparnaður í íslensku bönkunum öllum er tryggur og ríkisjóður mun sjá til þess að slíkar inneignir skili sér til sparifjáreigenda að fullu. Um þetta þarf enginn að efast. Þá munu stjórnvöld sjá til þess að atvinnulíf landsins hafi aðgang að fjármagni og bankaþjónustu eftir því sem frekast er unnt.

Góðir Íslendingar.

Mér er ljóst að þetta ástand er mörgum mikið áfall sem veldur okkur öllum bæði ótta og angist. Undir þeim kringumstæðum er afar brýnt að stjórnvöld, fyrirtæki, félagasamtök, foreldrar og aðrir sem geta látið gott af sér leiða, leiti allra leiða til að daglegt líf fari ekki úr skorðum.

Ef einhvern tímann hefur verið þörf á því að íslenska þjóðin stæði saman og sýndi æðruleysi andspænis erfiðleikum – þá er sú stund runnin upp. Ég hvet ykkur öll til að standa vörð um það sem mestu máli skiptir í lífi hvers einasta manns, standa vörð um þau lífsgildi sem standast það gjörningaveður sem nú geisar. Ég hvet fjölskyldur til að ræða saman og láta ekki örvæntingu ná yfirhöndinni þótt útlitið sé svart hjá mörgum. Við þurfum að útskýra fyrir börnunum okkar að heimurinn sé ekki á heljarþröm og við þurfum sjálf, hvert og eitt, að finna kjark innra með okkur til að horfa fram á veginn.

Þrátt fyrir þessi miklu áföll er framtíð þjóðarinnar bæði trygg og björt. Það sem mestu máli skiptir er að undirstöður samfélagsins og efnahagslífsins eru traustar, þótt yfirbyggingin gefi eftir í þeim hamförum sem nú ríða yfir. Við eigum auðlindir, bæði í sjó og á landi, sem munu tryggja okkur góða lífsafkomu sama hvað á dynur. Menntun þjóðarinnar og sá mannauður sem hér er til staðar er ekki síður öfundsverður í augum annarra þjóða en náttúruauðlindirnar. Við höfum að sama skapi tækifæri til endurreisnar í fjármálakerfinu. Við höfum lært af þeim mistökum sem gerð voru á hinum miklu uppgangstímum og sú reynsla verður okkur dýrmæt þegar fram í sækir. Með sameiginlegu átaki og af þeirri bjartsýni sem einkennir íslenska þjóð munum við komast í gegnum þessa erfiðleika og hefja nýja og þróttmikla sókn.

Góðir landsmenn.

Verkefni stjórnvalda á næstu dögum er skýrt: að koma í veg fyrir að upplausnarástand skapist, ef íslensku bankarnir verða óstarfhæfir að einhverju marki. Til þess hafa stjórnvöld margvísleg úrræði og þeim verður beitt. Á hinum pólitíska vettvangi, jafnt sem annars staðar, er mikilvægt að slíðra sverðin við þessar aðstæður. Miklu skiptir að við sýnum bæði stillingu og yfirvegun þá erfiðu daga sem nú fara í hönd, látum ekki hugfallast og styðjum hvert annað með ráðum og dáð. Á þann hátt, með íslenska bjartsýni, æðruleysi og samstöðu að vopni, munum við standa storminn af okkur.

Guð blessi Ísland.







## Veður



Hvöss suðaustanátt með slyddu eða rigningu á SA-, S- og V-landi, en hríðarveður til fjalla. Hægari vindur og þurrt NA-lands. Lægir SV til í kvöld með skúrum. SJÁ SÍÐU 48

# Geir færir sig til í Washington

**UTANRÍKISMÁL** Geir H. Haarde mun láta af störfum sem sendiherra Íslands í Washington D.C. þann 1. júlí næstkomandi. Í staðinn tekur hann sæti í stjórn Alþjóðabankans.

Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin skiptast á að eiga fulltrúa í stjórn bankans. Geir var gerður að sendiherra árið 2015.

Bergdís Ellertsdóttir, fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum mun taka við stöðu sendiherra í Bandaríkjunum af Geir.– smj



Geir H. Haarde.

# Hugnaðist ekki mótmælin




Samtökin Reykjavík Animal Save stóðu fyrir samstöðuvöku við sláturhús SS á Selfossi í gær og mótmæltu illri meðferð dýra. Nokkrar harðar kjötætur gátu ekki hugsað sér að grænkerarnir tækju afstöðu með dýrunum og virtust, af ummælum á Facebook-síðu gagnmótmæla sinna að dæma, lita á mótmælin sem persónulega árás á sinn lífsstíl. Brugðu þær því á það ráð að grilla SS pylsur hinum megin við götuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK




Atvikið átti sér stað á Hamborgarabúllunni í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Lögreglumaður neitar sök

**DÓMSMÁL** Lögreglumaður sem ákærður hefur verið fyrir brot í starfi og fyrir að hafa af gáleysi valdið manni stórfelldu líkamstjóni, neitaði sök við þingfestingu málsins í vikunni. Atvikið átti sér stað við Hamborgarabúlluna í Kópavogi í fyrra en lögreglumanninum er gefið að sök að hafa ítrekað skellt bílhurð lögreglubíls á fætur hins handtekna með þeim afleiðingum að hann tvífótbrotnaði.

Hinn handtekni kærði handtökuna en málið var látið niður falla og ákvörðun tekin um að ákæra ekki þá tvo lögreglumenn sem komu að handtökunni. Sú ákvörðun var kærð til ríkissaksóknara sem sneri ákvörðuninni við og fól héraðssaksóknara að gefa út ákæru í málinu. Brotaþolinn fer fram á 7 milljónir í bætur. – aá




# Túristaþyrla í Hornvík vekur furðu Ísfirðinga

**Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar vill að Umhverfisstofnun svari því hvort sveitarfélagið geti bannað þyrluflug og -lendingar í friðlandinu á Hornströndum. Ferðaþjónustufyrirtæki hafi brotið gegn takmörkunum sem settar voru 2014.**

**UMHVERFISMÁL** Bæjarfulltrúar á Ísafirði íhuga að takmarka landgöngu ferðamanna á skemmtiferðaskipum og vilja svör um heimildir sínar til að að setja reglur um þyrluflug í friðlandinu á Hornströndum.

Bæjarstjórnin ákvað í maí 2014 að takmarka verulega þyrluflug í atvinnuskyni yfir friðlandinu. Flugið yrði algjörlega bannað á sumrin og að ekki mætti lenda þyrlum í atvinnustarfsemi nema á viðurkenndum lendingarstöðum sem eru að Látrum í Aðalvík og í Fljótavík.

Í ljósi þess segir bæjarstjórnin nú að það veki „furðu að Ferðaþjónustufyrirtæki hafi flogið ferðamönnum til Hornvíkur þar sem þeir voru skildir eftir í nokkra daga“ eins og segir í fundargerð bæjarstjórnar. „Ekki var leitað eftir leyfi Ísafjarðarbæjar né landeigenda í Hornvík vegna þessarar ferðar. Upp komst um þessa ferð þegar leita þurfti aðstoðar ferðaþjónustuaðila á Ísafirðir til að sækja farþegana á bát þar sem ekki var hægt að lenda í Hornvík vegna veðurs.“

Samþykkti bæjarstjórnin að fá svör Umhverfisstofnunar við því hvort bærinn hafi heimild til að banna þyrluflug og lendingar í friðlandinu, til dæmis í gegn um skipulag svæðisins. „Hver hefur heimild til að heimila þyrluflug og lendingar þyrlu í friðlandinu á Hornströndum?“ spyrja bæjarfulltrúar.

Sérstaklega er undirstrikað að í Hornvík sé ekki viðurkenndur lendingarstaður. „Þar sem ekki var um neyðarflug að ræða er ekki heimilt að lenda þar nema með leyfi landeigenda eða Ísafjarðarbæjar,“ segir um áðurnefnt þyrluflug. Eðlilegt sé að fá svar frá Umhverfisstofnun sem fari með friðlýsingu svæðisins um það hvar heimildir Ísafjarðarbæjar liggi og hver fari með eftirlitshlutverk í friðlandinu.



Ferðamenn af skemmtiferðaskipi stíga á land á Ísafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Átroðningur þessara farþega mun engu að síður eiga sér stað innan sveitarfélagsins og hafa áhrif á upplifun annarra gesta sem og landeigenda sem borga fasteignagjöld af húsum.**
>
> Úr tillögu í bæjarstjórn Ísafjarðar

Afgreiðslu tillögu um að takmarka landtöku farþega skemmtiferðaskipa var hins vegar frestað. Tillagan er um að banna landtöku skemmtiferðaskipa og farþegabáta með fimmtíu farþega eða fleiri nema í viðurkenndum höfnum sveitarfélagsins.

Í tillögunni er sagt að það sé stefna margra skemmtiferðaskipa og þjónustuaðila þeirra fyrir árið 2020 að sniðganga hafnir á Vestfjörðum og bjóða gestum sínum frekar að fara frá borði í Hornvík, Hesteyri, Aðalvík, í minni Lónafjarðar, í Dynjandisvogi og undir Látrabjargi.

„Þeir spara þá hafnargjöld og tekjur af ferðum gesta verða allar eftir um borð í stað þess að deilast út í hagkerfi sveitarfélaganna, átroðningur þessara farþega mun engu að síður eiga sér stað innan sveitarfélagsins og hafa áhrif á upplifun annarra gesta sem og landeigenda sem borga fasteignagjöld af húsum sínum,“ segir í tillögunni sem taka á aftur fyrir síðar. gar@frettabladid.is

# HÚSGAGNABÆKLINGURINN OKKAR ER KOMINN ÚT!

AF ÞVÍ TILEFNI VEITUM VIÐ **20% AFSLÁTT** AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM, RÚMUM, DÝNUM, SÆNGUM OG KODDUM!




RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR TIL 09.10.18**

**TÖLUR VIKUNNAR** 30.09.2018 – 06.10.2018

**13%**
var hlutfall matvöru af útgjöldum heimilanna árið 2016. Fullveldisárið 1918 fór stærstur hluti útgjaldi heimilanna í matvæli eða um helmingur.



**23,7%**
fækkun varð á sölu nýrra fólksbíla í september miðað við septembermánuð í fyrra. Nú voru nýskráðir bílar 935 talsins en voru 1.266 í september í fyrra.

**32,1%**
eigna landsmanna var í skuld í árslok 2017. Skuldahlutfallið hefur ekki verið svona lágt síðan 1992 en þá var það 30,9 prósent.

**586**
byggingar eru á miðhálendinu samkvæmt skýrslu Skipulagsstofnunar. Aðeins 60 prósent þeirra eru skráð í fasteignaskrá Þjóðskrár.



**17,4 milljónum**
króna eyddu ráðuneytin níu undanfarið ár í leigubílaferðir. Kostnaður utanríkisráðuneytisins var mestur eða 6,7 milljónir króna.



**57%**
eru mótfallin aðild Íslands að Evrópusambandinu samkvæmt könnun sem Gallup gerði fyrir samtökin Já Ísland. 46 prósent eru fylgjandi því að taka upp evru í stað krónunnar.



## Þrjú í fréttum
## Ofurhlaup, bætur og léttburar

**Elísabet Margeirsdóttir**
*ofurhlaupari og næringarfræðingur*



var í 9. sæti af 60 keppendum í 409 kílómetra hlaupi í Góbíeyðimörkinni í Asíu. Elísabet, sem kom í mark langfyrst kvenna, kláraði hlaupið á fjórum dögum.

**Ragnar Aðalsteinsson**
*hæstaréttarlögmaður*



sem var verjandi eins hinna sýknuðu í Guðmundar- og Geirfinnsmálum, sagði fásinnu að líta til sanngirnisbótamála við ákvörðun bóta til þeirra. Ragnar sagði þá eiga bótakröfur sem unnt væri að fá úrlausn um fyrir almennum dómstólum ef ekki semdist.

**Geir Gunnlaugsson**
*prófessor*



sem skoðaði hvernig heilsa og líðan barna var fyrir og eftir hrun og hvað gæti breyst á tímum efnahagskreppu, segir börn hafa fæðst léttari eftir hrun miðað við meðgöngulengd.

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Finna þarf urðunarstað fyrir óvirkan úrgang á Suðurlandi

**Meirihluti bæjarstjórnar Ölfuss vill ekki nýjan sorpurðunarstað í sveitarfélaginu. Urðunarstaðurinn hafði verið hugsaður sem framlag Suðurlands í samvinnu sorpsamlaga á Suðvesturlandi. Formaður stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands segir að spýta þurfi í lófana til að leysa málið og að ímynd urðunar hafi breyst.**




**Sífellt minna sorp er urðað en eftir stendur úrgangur eins og múrbrot, gler og uppmokstur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

**UMHVERFISMÁL** „Það er öllum ljóst að þetta er brýnt úrlausnarefni. Bæjarstjórnin vill hins vegar stíga varlega til jarðar þegar kemur að því að bæta við urðunarstað í sveitarfélaginu,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss, en meirihluti bæjarstjórnar samþykkti í síðustu viku tillögu um að hafna nýtingu Nessands fyrir urðunarstað.

Í viljayfirlýsingu sorpsamlaga á Suðvesturlandi, sem undirrituð var í apríl síðastliðnum, segir að nauðsynlegt sé að þessir aðilar sameinist um lausnir eins og kostur er. Hámarkshagkvæmni verði náð með því að hver og einn leggi sitt til lausna sem nýst geti öðrum.

Meðal þessara lausna er fyrirhuguð gas- og jarðgerðarstöð Sorpu á Álfsnesi sem ætlað er að breyta lífrænum úrgangi í lífdísil og sorpbrennsla Kölku á Reykjanesi. Fyrir liggur að urðun verði hætt í Álfsnesi 2020 og finna þarf stað fyrir urðun óvirks úrgangs. Var nýr urðunarstaður hugsaður sem framlag Suðurlands í þetta samstarf.

„Við höfum verið í viðræðum við Sorpstöð Suðurlands um urðunarstað sem tæki að hluta til við af Álfsnesi. Þessi ákvörðun bæjarstjórnar Ölfuss kemur mér svolítið á óvart því það hefur legið í loftinu að það væri vilji fyrir þessu. Þarna yrðu um 20 þúsund tonn urðuð á ári og ekki yrði um að ræða úrgang sem rotnar eða fýkur,“ segir Björn H. Halldórsson, forstjóri Sorpu.

Elliði segir að ýmislegt hafi breyst frá því 2009 þegar Nessandur hafi verið talinn ákjósanlegur staður fyrir urðun. „Matvælavinnslan er nær og sérstaða Ölfuss sem matvælaklasa hefur breyst. Svo höfum við hér fyrirtæki í vatnsútflutningi.“

Hann bendir á að urðunarstaður hafi verið í sveitarfélaginu fram til 2009. Nessandur hafi aðeins verið einn af níu stöðum sem hafi þótt koma til greina. „Það þarf að setja aukna áherslu á að leysa þetta og við munum fara í þá vinnu með okkar samstarfsaðilum,“ segir Elliði.

Fulltrúar O-listans í bæjarstjórn Ölfuss greiddu atkvæði gegn tillögunni um að hafna urðunarstað á Nessandi. Í bókun minnihlutans segir að það sé samfélagsleg ábyrgð að taka þátt í því að leita lausna í þessum málaflokki. Engar forsendur séu fyrir því að leggjast gegn því að viðkomandi urðunarstaður verði áfram skoðaður sem valmöguleiki.

Jón Valgeirsson, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og formaður stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, segir samvinnu á þessu sviði mikilvæga og að styrkleikar hvers aðila séu nýttir.

„Þessi gamla ímynd af sorpurðun á ekki lengur við. Þetta er allt annað í dag þegar búið er að taka lífræna úrganginn út og engin lyktarmál fyrir hendi. Hugmyndafræðin er samt sú að urða sem allra minnst. Aukin áhersla á endurvinnslu og endurnýtingu gerir það að verkum að eftir standa efni sem eru frekar föst og ekki fokgjörn.“

Hann segir enga niðurstöðu komna í málið en finnist rétti staðurinn eigi þetta ekki að vera neitt mál. „Við ákváðum að halda áfram að skoða okkar möguleika en það þarf að kanna möguleikana á svæðinu betur. Nú reynum við að spýta í lófana og sjá hvort við getum ekki leyst þetta.“ **sighvatur@frettabladid.is**




Kringlan
4.–8. OKT.
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS
KRINGLU
KAST
LAUGARDAGUR
10 – 18
SUNNUDAGUR
13 – 18
20–50%
AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

EFLING STÉTTARFÉLAG

FÉLAGSFUNDUR
EFLINGAR - STÉTTARFÉLAGS

Efling - stéttarfélag boðar til félagsfundar þriðjudaginn 9. október klukkan 19:00. Fundarstaður er fundarsalur Eflingar á 4. hæð í Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.

Dagskrá:
1. Kosning fulltrúa í uppstillingarnefnd
2. Önnur mál

Allir félagsmenn velkomnir og hvattir til að mæta.

Stjórn Eflingar




595 1000 Heimsferðir



Styrkir úr Tónlistarsjóði
Umsóknarfrestur til 15. nóvember

Rannís auglýsir eftir styrkumsóknum úr Tónlistarsjóði til verkefna sem efnt verður til á tímabilinu 1. janúar – 30. júní 2019.

Hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra. Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, tónlistardeild og markaðs- og kynningardeild.

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is. Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.

Umsóknarfrestur rennur út 15. nóvember 2018 kl. 16.00.
Ekki er hægt að senda inn umsóknir eftir þann tíma.

Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, í maí og nóvember.

Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími: 515 5800, tonlistarsjodur@rannis.is

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Formaður sambands kúabænda segir kerfi með kaup og sölu mjólkurkvóta komið að þolmörkum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sprunginn markaður sem skaðar greinina

**Mjólkurframleiðendur fá aðeins brot af því greiðslumarki sem þeir ætla sér að kaupa. Dæmi um að bændur hafi fengið 0,0000184 prósent af þeim kvóta sem þeir vildu kaupa. Formaður Landssambands kúabænda segir kerfið sprungið.**

**LANDBÚNAÐUR** Mjólkurbændur sem ætluðu sér að kaupa mjólkurkvóta á markaði um mánaðamótin fengu aðeins brotabrot af þeim kvóta sem þeir vildu kaupa. Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda, segir að kerfið sé meingallað og skaði greinina. Mikilvægt sé að fara í gagngerar endurbætur á þessum hluta búvörusamninganna.

„Þeir sem vilja selja eða kaupa greiðslumark setja inn tilboð á Innlausnarmarkað. Úthlutun fer svo þannig fram að hver og einn kaupandi fær úthlutað í hlutfalli við heildareftirspurn. Ef eftirspurnin er milljón lítrar og bóndi óskar eftir hundrað þúsund lítrum þá fær viðkomandi bóndi 10 prósent af því greiðslumarki sem í boði er,“ segir Arnar

> Við vitum af tilboði upp á milljarð lítra
>
> Arnar Árnason, formaður Landssambands kúabænda



Að mati Arnars er kerfið með kaup og sölu mjólkurkvóta því komið að þolmörkum. „Það sem gerir þetta kerfi gallað er að menn geta boðið í eins mikið og þeir vilja án þess að leggja fram neina tryggingu. Því bjóða menn miklu meira en þeir þurfa á að halda í þeirri von að fá það sem þeir þurfa,“ segir Arnar. „Við vitum af tilboði upp á milljarð lítra. Til samanburðar er heildarframleiðsla á Íslandi um 150 milljón lítrar. Þetta skekkir alla myndina og við þurfum að laga þetta.“

Það séu því bændur sjálfir sem eru á vissan hátt að skemma fyrir hinum bændunum með því að búa til gríðarmikla eftirspurn eftir greiðslumarki á markaði. Þar sem bændur fái aðeins hlutfall af því sem þeir vilja ef eftirspurn er meiri en framboðið verði það til þess að þeir geri óraunhæf tilboð. Þannig sé kerfið sprungið.

Verði á markaðnum er haldið föstu, um 122 krónur á hvern lítra, og er það of lágt að mati margra sem starfa í greininni. Því eru líkur til þess að þeir bændur sem vilja selja greiðslumark sitt nú haldi að sér höndum og bíði. Nýtt kerfi gæti verið handan við hornið og því eðlilegt að ákveðin stöðnun sé á markaðnum. „Það á að kjósa um kvótann í almennum kosningum meðal mjólkurframleiðenda eftir áramótin og því mjög eðlilegt að menn bíði með að bregða búi eða breyta rekstrinum hjá sér á meðan,“ bætir Arnar við.

sveinn@frettabladid.is

## Fjórir ákærðir vegna tilefnislausra líkamsárása í Hafnarstræti í fyrra

**DÓMSMÁL** Fjórir karlmenn á þrítugsaldri hafa verið ákærðir af embætti héraðssaksóknara fyrir þrjár líkamsárásir sem áttu sér stað í febrúar á síðasta ári. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur síðastliðinn mánudag.

> Árásirnar virðast hafa verið með öllu tilefnislausar.

Tveimur mannanna er gefið að sök að hafa ráðist að stúlku í Hafnarstræti í Reykjavík, hrint henni á vegg og í kjölfarið í jörðina með þeim afleiðingum að hún tognaði á hné og hruflaðist á höndum.

Strax í kjölfarið á annar þeirra, í félagi við annan mann sem ekki er ákærður fyrir hrindinguna, að hafa ráðist á kærasta stúlkunnar með höggum og spörkum. Hlaut hann heilablæðingu og stóran skurð á hnakka. Er þeim gefin stórfelld líkamsárás að sök vegna þessa.

Þeim sem ákærður er vegna beggja fyrri árásanna er gefin önnur árás að sök í félagi við fjórða manninn. Eru þeir ákærðir fyrir að hafa slegið hann í bak og höfuð með þeim afleiðingum að hann hlaut skurð og mar á höfði.

Fjallað var um árásirnar skömmu eftir að þær áttu sér stað eftir að Runólfur Ágústsson, fyrrverandi rektor og faðir Eyvindar Ágústs Runólfssonar, þess sem mesta áverka hlaut, sagði frá afleiðingum þeirra á Facebook. Virðast árásirnar hafa verið tilefnislausar en upptökur úr öryggismyndavélum komu að gagni við rannsókn málsins.

Eyvindur fer fram á fimm milljónir króna í miskabætur og 55 þúsund krónur til viðbótar vegna útlagðs sjúkrakostnaðar. Aðrir krefjast 1,1 milljónar samanlagt í miskabætur. – jóe

## Sigurður tekur sér umhugsunarfrest

**DÓMSMÁL** Sigurður Kristinsson hefur verið ákærður fyrir að hafa skipulagt og fjármagnað innflutning á rúmum 5 kílóum af amfetamíni frá Spáni.



Sigurður Kristinsson.

Tveir eru ákærðir í málinu ásamt Sigurði; Hákon Örn Bergmann, fyrir að hafa lagt á ráðin með Sigurði og Jóhann Axel Viðarsson. Í ákæru segir að ákærði Jóhann hafi tekið þátt í brotinu að beiðni Hákonar gegn niðurfellingu skuldar. Sigurður og Hákon tóku sér frest til að taka afstöðu til ákærunnar en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafði Sigurður áður játað að hafa ætlað að flytja fíkniefni til landsins. – aá

SMÁRALIND




**ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM**

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á SMARALIND.IS

OPIÐ: VIRKA DAGA 11-19 FIMMTUDAGA 11-21 LAUGARDAGA 11-18 SUNNUDAGA 13-18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT

# Fátæku börnin í Reykjavíkurborg

**Af þeim tæplega átta hundruð börnum foreldra sem þiggja einhvers konar fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg búa 28 prósent í Breiðholti. Borgarfulltrúi segir fátækt fólk hafa einangrast þar og ekkert barn ætti að þurfa að lifa undir fátæktarmörkum.**




Fjöldi barna þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð frá borginni eftir þjónustmiðstöðvum hverfa. Íbúafjöldi m.v. árslok 2015

**Í Reykjavík ættu engin börn að þurfa að lifa undir fátæktarmörkum.**



Kolbrún Baldursdóttir, borgarfulltrúi Flokks fólksins

**REYKJAVÍK** „Í Breiðholti hefur fátækt fólk einangrast. Í Reykjavík ættu engin börn að þurfa að lifa undir fátæktarmörkum,“ segir borgarfulltrúi Flokks fólksins, Kolbrún Baldursdóttir. Hún fékk þau svör við fyrirspurn sinni að nærri fimm hundruð börn tilheyra fjölskyldum sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu í Reykjavík. En alls nemur heildarfjöldi barna þeirra sem fá fjárhagsaðstoð af einhverju tagi frá borginni nær átta hundruðum. Tæp 28 prósent þessara barna búa í Breiðholti. Kolbrún segir borgarmeirihlutanum hafa mistekist að koma á félagslegri blöndun.

Kolbrún lagði í júlí fram fyrirspurn um hversu mörg börn í Reykjavík búi undir fátæktarmörkum, þ.e. framfærsluviðmiði velferðarráðuneytis. Í svari Regínu Ásvaldsdóttur, sviðsstjóra velferðarsviðs, eru tölur fyrir tímabilið janúar til maí 2018. Á því tímabili voru börn þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu samtals 489, eða tæp tvö prósent allra barna 17 ára og yngri í Reykjavík. Heildarfjöldi barna þeirra sem fá fjárhagsaðstoð af einhverju tagi frá borginni, að meðtöldum þeim sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu, var samtals 784.

Fjárhagsaðstoð til framfærslu getur verið allt að 189.875 krónur fyrir einstakling og 284.813 krónur á mánuði til hjóna eða fólks í sambúð. Aðstoðin er óháð barnafjölda þar sem reiknað er með að barnabætur, meðlög og barnalífeyrir mæti kostnaði vegna barna samkvæmt upplýsingum af vef borgarinnar. Framfærsluviðmið velferðarráðuneytisins gera hins vegar ráð fyrir að einstætt foreldri með eitt barn á framfæri í leikskóla þurfi 302 þúsund krónur á mánuði. Er þá ekki tekinn með húsnæðiskostnaður sem Regína gerir í svari sínu ráð fyrir að sé að lágmarki 100 þúsund krónur til viðbótar að teknu tilliti til húsnæðisbóta. Sviðsstjórinn gerir ráð fyrir því að fleiri reykvísk börn en þeirra foreldra sem fá fjárhagsaðstoð frá borginni séu undir fátæktarviðmiðum. Skýrsla UNICEF frá 2016 áætlaði að 9,1 prósent barna liði skort árið 2014.

Fulltrúar meirihlutans í borgarráði boða stofnun stýrihóps til að móta aðgerðir borgarinnar gegn fátækt, en um áramót er að vænta niðurstöðu greiningar sem velferðarráð óskaði eftir á síðasta kjörtímabili um fjölda barna sem búa við fátækt í borginni.

**mikael@frettabladid.is**




# Telur að frumvarp um veiðigjöld myndi hvata til að skerða hlut sjómanna

**SJÁVARÚTVEGUR** Það að greiða veiðigjöld af afla þremur árum eftir að hann er veiddur er léttvægt vandamál og kallar ekki eitt og sér á lagabreytingu á veiðigjöldum og frumvarp Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegsráðherra um breytingu á lögunum gæti gefið útgerðarmönnum hvata til að verðleggja fisk í innbyrðis viðskiptum eins lágt og hægt er og skerða þannig hlut sjómanna og lækka veiðigjöld til þjóðarinnar.

Þetta er mat Þórólfs Matthíassonar, prófessors í hagfræði við Háskóla Íslands. Hann hefur sent atvinnuveganefnd þingsins greinargerð vegna frumvarpsins þar sem hann fer yfir helstu vankanta þess.

Í frumvarpi ráðherrans mun veiðigjald aðeins reiknast á veiddan fisk og er fiskvinnslum haldið fyrir utan veiðigjöldin. Þórólfur bendir á að útgerðir og fiskvinnslur séu í mörgum tilvikum tengdir aðilar og semji því við sjálfar sig um verðið á fiskinum. Verðið á fiskinum til fiskvinnslunnar ákvarðar því veiðigjöldin. „Verði frumvarpið að lögum með óbreyttum ákvæðum hvað þetta varðar munu útgerðarmenn fá viðbótarhvata til að verðleggja fisk í innbyrðis viðskiptum á sem lægstu verði. Slík aðgerð mundi bæði lækka launakostnað og framtíðarveiðigjald,“ segir Þórólfur.



Sjómenn hafa talið sig hlunnfarna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Þórólfur Matthíasson.

Hann segir einnig að sjóðstreymisvandi fyrirtækjanna, að greiða veiðigjöld vegna afla nokkru áður, sé ekki stórt vandamál. „Vandinn tengdur greiðslu veiðigjalds er ekki með nokkrum hætti frábrugðinn öðrum sjóðstreymisvandamálum sem koma upp,“ segir Þórólfur. „Nú er það svo að höfuðverkefni þeirra sem reka fyrirtæki er að stjórna sjóðstreymi þannig að ekki komi til sjóðþurrðar. Sjóðstreymisvandinn sem tengist veiðigjaldinu er því tiltölulega léttvægur og kallar ekki einn sér á lagabreytingar.“ **– sa**

# Fresta ekki réttaráhrifum úrskurða

**UMHVERFISMÁL** Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála ákvað í gær að fresta ekki réttaráhrifum úrskurða sinna um að fella úr gildi starfs- og rekstrarleyfi eldislaxfyrirtækjanna Fjarðalax ehf. og Arctic Sea.

Í úrskurði nefndarinnar kemur fram að fyrirtækin hafi beðið þess að réttaráhrifum yrði frestað á meðan málin væru til meðferðar fyrir dómstólum.

Í úrskurði nefndarinnar er beiðni fyrirtækjanna um frestun vísað frá og telur nefndin að hún hafi ekki heimild til að fresta réttaráhrifum. Þeirri ákvörðun er síðan í úrskurðinum vísað til ráðherra og segir þar að hann hafi heimild til að veita tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi.

Fyrirtækin tvö, Fjarðalax og Arctic Sea Farm, höfðu fengið leyfi frá MAST til að framleiða 10.700 tonn annars vegar og 6.800 tonn hins vegar í opnum sjókvíum. Fyrirtækin lögðu saman fram frummatsskýrslu fyrir Skipulagsstofnun fyrir rétt tæpum þremur árum og lá álit stofnunarinnar fyrir tæpu ári síðar, en leyfisveiting MAST á samkvæmt lögum að byggja á áliti Skipulagsstofnunar á frummatsskýrslu framkvæmdaaðila. **– la**




HAGKAUP Meira svona alla daga

# Krossá á Skarðsströnd
## - útboð á laxveiði



Veiðifélag Krossár á Skarðsströnd óskar hér með eftir tilboði í lax- og silungsveiði á starfssvæði félagsins fyrir árin 2019 til 2021, að báðum árum meðtöldum, samkvæmt útboðsskilmálum í útboðsgögnum og fyrirliggjandi upplýsingum.

Krossá er á Skarðsströnd í Dalabyggð í rúmlega 200 km akstursfjarlægð frá Reykjavík. Leyfð er veiði með tveimur stöngum á hverjum tíma. Á tímabilinu 28. júní til og með 31. júlí er leyfð veiði með flugu og maðki en eingöngu er leyfð fluguveiði frá og með 1. ágúst til og með 20. september.

Útboðsgögn eru fáanleg hjá umsjónarmanni útboðsins, Símoni Sigurpálssyni
– sími: 893 7249
– netfang: simonsig@simnet.is.

Áskilið er að tilboðum sé skilað á tilboðsformi sem fylgir útboðsgögnunum. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Tilboðum skal skilað til formanns veiðifélagsins Símonar Sigurpálssonar, Þingási 3, 110 Reykjavík fyrir kl. 18:00, fimmtudaginn 25. október 2018.

Tilboðin verða opnuð laugardaginn, 3. nóvember 2018, kl. 13:00 að Krossi á Skarðsströnd í viðurvist þeirra bjóðenda sem þess óska.



# Styrkir úr Lýðheilsusjóði 2019

Lýðheilsusjóður óskar eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til heilsueflingar og forvarna á sviði **geðræktar**, **næringar**, **hreyfingar** og **tannverndar** auk **áfengis-, vímu- og tóbaksvarna**.

Áhersla er lögð á eftirfarandi:

- *Aðgerðir sem miða að því að efla geðheilsu.*
- *Aðgerðir sem miða að heilbrigðu mataræði, svefni og hreyfingu.*
- *Áfengis, vímu- og tóbaksvarnir.*
- *Verkefni sem tengjast kynheilbrigði.*
- *Verkefni sem beinast að minnihlutahópum til að stuðla að jöfnuði til heilsu.*

Við úthlutun verður tekið mið af eftirfarandi stefnum:

- Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi
- Stefna í áfengis- og vímuvörnum til 2020
- Stefna og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum til 2020

Verkefni sem uppfylla eftirtalin skilyrði hafa forgang:

- Verkefni sem unnin eru í víðtæku samstarfi hagsmunaaðila í samfélaginu.
- Verkefni með eigin fjármögnun og/eða aðra fjármögnun.

**Verkefnin eiga að byggja á faglegum grunni og hafa raunhæf og skýr markmið. Gera þarf grein fyrir því hvernig árangur verkefnis verður metinn og skal skila framvinduskýrslu að verkefni loknu.**

**Opnað verður fyrir umsóknir þann 20. september en umsóknarfrestur rennur út þann 15. október 2018. Sótt er um á vefsvæði Lýðheilsusjóðs, http://lydheilsusjodur.sidan.is/pages/.**

Nánari upplýsingar í síma 510 1900 eða á vef Embættis landlæknis.
Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum vefsvæði sjóðsins.

Embætti landlæknis - Barónsstíg 47 - 101 Reykjavík - Sími 5101900 - lydheilsusjodur@landlaeknir.is - www.landlaeknir.is


**Þessi verðlaun eru viðurkenning á þeim þjáningum og skorti á bótum til þeirra kvenna sem eru fórnarlömb nauðgunar og kynferðisofbeldis alls staðar í heiminum.**

Denis Mukwege



**Ég deili þessum verðlaunum með öllum Jasídum, Írökum, Kúrdum, öðrum minnihlutahópum sem eiga undir högg að sækja og hinum óteljandi þolendum kynferðisofbeldis.**

Nadia Murad



# Tvö fengu friðarverðlaun

**Jasídi og Kongómaður fengu friðarverðlaun Nóbels fyrir baráttu gegn nauðgunum. Jasídinn lifði af kynlífsþrælkun ISIS en Kongómaðurinn er læknir sem hefur meðhöndlað tugi þúsunda þolenda.**

**NOREGUR** Nadia Murad og Denis Mukwege hljóta friðarverðlaun Nóbels í ár. Um þetta tilkynnti nóbelsnefndin í Ósló í gær og sagði Beritt Reiss-Andersen formaður að tvíeykið hlyti verðlaunin fyrir „baráttu þeirra fyrir því að hætt verði að nota kynferðisofbeldi sem vopn í stríði“.

Hin 25 ára Murad er næstyngsta manneskjan til að fá verðlaunin. Hún er af þjóðflokki Jasída og var á meðal þeirra fjölmörgu stúlkna og kvenna sem hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki hnepptu í kynlífsþrældóm. Frá því hún slapp hefur hún verið ein háværasta rödd Jasída, talað gegn mansali og fyrir því að alþjóðasamfélagið beiti sér af hörku gegn þeim sem beita kynferðisofbeldi sem vopni.

Kvensjúkdómalæknirinn Mukwege er öllu eldri, 63 ára, og hefur með samstarfsmönnum sínum meðhöndlað um 30.000 þolendur kynferðisofbeldis. Hann hefur áður fengið mannréttindaverðlaun SÞ og var útnefndur Afríkumaður ársins 2009. Það var árið 1999 sem fyrsti þolandinn kom á spítala Mukwege. Henni hafði verið nauðgað og skotið hafði verið úr byssu á kynfæri hennar og læri. Síðar átti Mukwege eftir að meðhöndla fleiri slíka þolendur. **– þea**



Ingibjörg Dögg og Jón Trausti, ritstjórar Stundarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Stundin lagði Glitni aftur

**DÓMSMÁL** „Vonandi lýkur þessu hér,“ segir Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, ritstjóri Stundarinnar, sem hafði í gær betur gegn Glitni í lögbannsmálinu svokallaða fyrir Landsrétti.

Rétturinn staðfesti niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur um að fella úr gildi lögbann sýslumanns á fréttaflutning byggðan á gögnum úr bankanum. Umfjöllun Stundarinnar og Reykjavik Media, fjölmiðlafyrirtækis Jóhannesar Kr. Kristjánssonar, um málefni Bjarna Benediktssonar og fjárfestingar hans fyrir hrun vakti mikla athygli.

Lögbann hefur hvílt á Stundinni frá 16. október í fyrra og þrátt fyrir sigurinn fyrir Landsrétti í gær eru hendur Stundarfólks og Reykjavik Media enn bundnar. Lögbanninu verður nefnilega ekki aflétt fyrr en Glitnir hefur tekið ákvörðun um hvort félagið láti reyna á að áfrýja málinu til Hæstaréttar eða ekki.

**Það er mjög mikilvægt að fá niðurstöðu í þetta mál.**

Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir, ritstjóri Stundarinnar

„Það er mjög mikilvægt að fá niðurstöðu í þetta mál. Það er algjörlega óásættanlegt fyrir lýðræðislega umræðu að hægt sé að leggja lögbann á fréttaflutning, og að sýslumaður geti ruðst inn á ritstjórnir og gengið fram með þessum hætti,“ sagði Ingibjörg Dögg. **– sks**

3. - 8. október

# Kauphlaupstilboð

## Allar aðrar vörur á 10% afslætti




Tax Free

Enn fleiri frábær tilboð í verslun og á **lifoglist.is**



LE CREUSET

Allar vörur frá LE CREUSET á
20% AFSLÆTTI

GEORG JENSEN
**Jólaóróinn 2018**
~~Verð áður: kr. 6.780~~
Tax Free verð: **kr. 5.468***
*19,35% afsláttur

GEORG JENSEN
**Aðventustjaki**
Gylltur
~~Verð áður: kr. 13.540~~
Verð nú: **kr. 10.830**

Glansandi eða matt stál
~~Verð áður: kr. 12.690~~
Verð nú: **kr. 10.150**

**20%** AFSLÁTTUR



KÄHLER
**Urbania kertahús**
~~Verð áður frá: kr. 3.120~~
Verð nú frá: **kr. 2.490**

**20%** AFSLÁTTUR

Margar gerðir







GEORG JENSEN
**Cobra kertastjakar**
Glansandi stál - 3 stk.
~~Verð áður: kr. 24.990~~
Verð nú: **kr. 17.490**

**30%** AFSLÁTTUR

Georg Jensen kerti fylgja



stelton
**Hitakanna**
EM77 – 10 litir
~~Verð áður: kr. 9.580~~
Verð nú: **kr. 5.740**

**40%** AFSLÁTTUR



WMF
**Hnífaparasett**
Philadelphia - 60 stk
fyrir 12 manns
~~Verð áður: kr. 43.350~~
Verð nú: **kr. 23.840**

**45%** AFSLÁTTUR

GEORG JENSEN
**Jólatréstoppur - Stjarna**
Gyllt eða hvítagyllt
~~Verð áður: kr. 14.950~~
Verð nú: **kr. 9.960**

**33%** AFSLÁTTUR

WMF
**Pottasett** - Provence Plus
5 pottar
~~Verð áður: kr. 33.330~~
Verð nú: **kr. 19.990**

**40%** AFSLÁTTUR



**20% AFSLÁTTUR** af öllum öðrum Moomin vörum.



3 fyrir 2

ARABIA
**Múmínkrús** - Allar gerðir
~~Verð áður: kr. 3.180 stk.~~
Verð nú: **kr. 2.120 stk.**
Við kaup á 3 könnum

**33%** AFSLÁTTUR

iittala
**Kastehelmi**
Allar vörur

**20%** AFSLÁTTUR



Líf&List
SMÁRALIND

Skoðið úrvalið á **lifoglist.is**

Sími. 544-2140

## Fulltrúadeild samkvæmt könnunum




## Staðan í öldungadeildinni samkvæmt skoðanakönnunum




# Stefnir í sigur Demókrata

**Útlit er fyrir að Demókratar taki fulltrúadeildina. Virðast ætla að bæta við sig um það bil þrjátíu sætum. Metfjöldi Repúblikana hættir á þingi.**

Þorgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



Í dag er sléttur mánuður þar til Bandaríkjamenn ganga að kjörborðinu. Skoðanakönnunum og stjórnmálaskýrendum í Bandaríkjunum ber saman um að Demókratar séu líklegir til þess að fá meirihluta sæta í fulltrúadeildinni. Eins og stendur hafa Repúblikanar 235 sæti, Demókratar hafa 193 og og sjö eru auð. 218 sæti duga til að mynda einfaldan meirihluta.

Það væru engin óvænt tíðindi að Demókratar bættu við sig sætum í kosningunum, sem fara fram eftir sléttan mánuð. Það er nærri algild regla að flokkur forsetans tapi í kosningum á miðju kjörtímabili hans. Ekki bætir úr skák að Donald Trump mælist óvinsælli en Barack Obama gerði árið 2010. Þá sögðust 45,5 prósent styðja forsetann, nú 42,2 prósent.

Donald Trump og aðrir Repúblikanar hafa því hvatt íhaldssama kjósendur eindregið til þess að skila sér á kjörstað. „Eina ástæðan fyrir því að kjósa Demókrata er sú að þú sért orðinn þreyttur á því að sigra,“ tísti Trump forseti til að mynda í vikunni.

> **Eina ástæðan fyrir því að kjósa Demókrata er sú að þú sért orðinn þreyttur á því að sigra.**
>
> Donald Trump, forseti Bandaríkjanna

Ítarlegasta útgáfa spálíkans tölfræðisíðunnar FiveThirtyEight tekur tillit til skoðanakannana, fjáröflunar flokkanna, sögunnar og fleiri þátta. Samkvæmt því eru 28,8 prósenta líkur á því að Repúblikanar haldi meirihluta sínum. Líkurnar á því að Demókratar nái meirihluta eru þá 71,2 prósent.

Almennt eru bandarískir kjósendur ósáttir við störf fulltrúadeildarinnar en sáttir við sinn fulltrúa. Er það því venjulega töluvert auðveldara að verja sæti sitt en að hirða sæti af sitjandi þingmanni. Það bætir því ekki úr skák fyrir Repúblikana að mun fleiri þingmanna flokksins eru að hætta á þingi en er raunin hjá Demókrötum. Alls eru 39 Repúblikanar að segja það gott og er það mun hærri tala en í undanförnum kosningum.

### Hlutverk þingsins og fyrirkomulag

Bandaríska þingið skiptist í tvær deildir, fulltrúa- og öldungadeild. Þingið fer með löggjafarvaldið. Forseti hefur takmarkað neitunarvald og getur sjálfur gefið út tilskipanir.

Nokkur munur er á starfi deilda þingsins sem og fyrirkomulagi þeirra. Hvert ríki Bandaríkjanna sendir þingmenn í báðar deildir. Mismargir sitja í fulltrúadeild þingsins frá hverju ríki Bandaríkjanna. Fjöldi þingmanna hvers ríkis er ákveðinn með tilliti til íbúafjölda ríkisins. Þannig eru einhver ríki bara með einn þingmann í fulltrúadeildinni á meðan önnur eru með tugi. Tveir fara hins vegar frá hverju ríki í öldungadeildina, algjörlega óháð íbúafjölda.

Sömuleiðis eru kjörtímabilin mislöng. Öldungadeildarþingmenn sitja í sex ár en fulltrúadeildarþingmenn tvö. Þess vegna er bara kosið um rétt rúman þriðjung sæta í öldungadeildinni nú en öll sæti í fulltrúadeildinni.

Hlutverk deildanna er líka misjafnt. Öldungadeildin getur ein samþykkt milliríkjasamninga og skipun embættismanna, líkt og margir gætu hafa tekið eftir í máli Bretts Kavanaugh undanfarna daga. Hins vegar sér fulltrúadeildin um almenna alríkislöggjöf.

Varaforseti gegnir ávallt hlutverki forseta öldungadeildarinnar en meirihlutinn kemur sér saman um forseta fulltrúadeildar. Ef atkvæðagreiðslur í öldungadeild enda í jafntefli sker varaforsetinn úr um niðurstöðuna.

# Repúblikanar með forskot

**Útlit er fyrir að Repúblikanar haldi meirihluta í öldungadeildinni. Eru líklegri til að bæta við sig sætum. Demókratar í íhaldssömum ríkjum í vondri stöðu.**

Mjótt er á munum í öldungadeildinni eins og staðan er nú, fyrir kosningar. Repúblikanar hafa 51 sæti og Demókratar 47. Tveir eru óháðir en þeir greiða alla jafna atkvæði með Demókrötum og má því segja að staðan í öldungadeildinni sé í raun 51-49. Í ljósi þess að varaforsetinn Mike Pence hefur oddaatkvæði mega Repúblikanar við því að tapa einu sæti án þess að tapa völdum.

Eins og venjulega er einungis kosið um þriðjung öldungadeildarþingsæta. Þau eru reyndar 35 talsins í ár. Ætti því að vera mögulegt fyrir Demókrata að ná meirihluta í ljósi óvinsælda ríkisstjórnar Trumps. En málið er flóknara en svo.

Af þeim 35 sætum sem kosið er um þurfa Demókratar og hinir tveir óháðu að verja 26 sæti. Þar af tíu í ríkjum sem Trump vann í forsetakosningunum 2016. Þeir þurfa því að treysta á að vinna tveimur fleiri sæti en þeir tapa.

Samkvæmt spálíkani FiveThirtyEight eru 78,7 prósenta líkur á að Repúblikanar haldi meirihluta en einungis 21,3 prósenta líkur á að Demókrötum takist ætlunarverk sitt. Forskot Repúblikana í könnunum hefur aukist undanfarnar vikur á meðan mál Bretts Kavanaugh, sem Trump hefur tilnefnt til hæstaréttar, hefur verið í hámæli.

Þau sæti sem Repúblikanar halda nú og jöfnust barátta er um eru í Tennessee, þar sem Repúblikani leiðir með hálfu prósenti samkvæmt meðaltali skoðanakannanna sem RealClearPolitics tekur saman, í Nevada leiðir Demókrati með 2,3 prósentum, í Arizona leiðir Demókrati með 3,5 prósentum og í Texas leiðir Repúblikani með 4,6 prósentum.

Fimm sæti Demókrata þykja hins vegar afar viðkvæm. Útlit er fyrir að Demókratar tapi sæti sínu í Norður-Dakóta, en þar leiðir Repúblikani nú með 8,7 prósentum. Meiri spenna er í Flórída þar sem Demókrati leiðir með 2,4 prósentum, Indiana þar sem Demókrati leiðir með 2,5 prósentum, Missouri þar sem Repúblikani leiðir með 0,4 prósentum og Montana þar sem Demókrati leiðir með þremur prósentum.

Gangi þessar skoðanakannanir eftir myndu Demókratar tapa tveimur af sætum sínum. Þeir myndu þó vinna tvö sæti af Repúblikönum. Staðan yrði sem sagt óbreytt í öldungadeildinni.

# Ríkisstjórastólar gætu skipst jafnt

Kosið er um ríkisstjórastólinn í 36 af 50 ríkjum Bandaríkjanna. Eins og stendur halda Repúblikanar 33 ríkisstjórasetrum, Demókratar sextán og einn er óháður. Samkvæmt spá RealClearPolitics er útlit fyrir að Repúblikanar haldi að minnsta kosti 23 sætum og Demókratar 19 en í átta ríkjum er afar mjótt á munum.

Einna mest spennandi er baráttan í Flórída. Þar mætast algjörlega andstæðir pólar bandarískra stjórnmála. Demókratinn Andrew Gillum er á meðal þeirra frjálslyndustu í flokki sínum en Repúblikaninn Ron DeSantis er harður íhaldsmaður. Í síðustu tveimur könnunum sem birst hafa mælist Gillum með eins prósentustigs forskot. Forskot hans hefur farið minnkandi undanfarnar vikur en stóð til að mynda í fimm prósentustigum um miðjan september.

> **Andstæðir pólar bandarískra stjórnmála berjast um Flórída. Íhaldsmaður saxar á forskot frjálslynds sem mælist nú eitt prósent.**

Demókratar mælast sigurstranglegri í flestum öðrum ríkjum þar sem mjótt er á munum. Það er að segja í Wisconsin, Oregon, Ohio, Nevada og Iowa.

Einnig er spenna í Georgíu þar sem Repúblikani mælist með 0,5 prósenta forskot og í Kansas þar sem Repúblikani mælist með eins prósents forskot.

Demókratar virðast svo líklegir til þess að hirða fjóra stóla sem Repúblikanar halda og Repúblikanar eru líklegir til að taka stól hins óháða.

Verði þetta raunin myndu Repúblikanar samtals halda 25 ríkisstjórastólum og Demókratar 25.

## Ríkisstjórar samkvæmt könnunum



# HAUSTÚTSALA!
# 30% AFSLÁTTUR
## AF ÖLLUM HÚSGÖGNUM OG GJAFAVÖRU
## 20% AFSLÁTTUR AF SÉRPÖNTUNUM





**CAMERICH CRESCENT SÓFI**
**KR. 324.000,-, NÚ KR. 226.800,-**
FÁANLEGUR Í GRÁU, BRÚNU OG LJÓSU ÁKLÆÐI

HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11-16.

Ford Volvo Mazda Peugeot Citroën

# BÍLAFJÖR BRIMBORGAR

## LAUGARDAG FRÁ 12-16

Komdu í Bílafjör Brimborgar í dag.
Brimborg býður upp á yfir 500 gerðir bíla,
frábært verð og framúrskarandi þjónustu.
***– við eigum rétta bílinn fyrir þig!***

**GLÆSILEGIR NÝIR BÍLAR!**

## ÚRVAL OG ÞJÓNUSTA

### CITROËN C3 AIRCROSS FEEL

1,2 bensín, 110 hö, beinskiptur

Verð frá: 2.990.000 kr.

### MAZDA CX-5 VISION AWD

2,0 bensín, 160 hö, sjálfskiptur

Verð frá: 5.390.000 kr.





### VOLVO V40CC

Volvo 30 ár hjá Brimborg

D2 Momentum, 120 hö, sjálfskiptur

Aukabúnaður innifalinn:
Málmlitur, hljómtæki Sensus Connect,
nálægðarskynjari aftan og bakkmyndavél

Verð frá: 4.090.000 kr.



# NÝR VOLVO V60

## BÍLL ÁRSINS Á ÍSLANDI 2019

Volvo V60 hefur verið valinn Bíll ársins 2019 af Bandalagi íslenskra bílablaðamanna. Komdu og sjáðu þennan glæsilega bíl í nýjum sýningarsal Volvo að Bíldshöfða 6.

Verð frá: 6.190.000 kr.

**MADE BY SWEDEN**

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2019 BÍLABLAÐAMANNA



# ALLT Á EINUM STAÐ

## FORD FIESTA TREND

1,1 bensín, 85 hö, beinskiptur

Verð frá: 2.250.000 kr.

## PEUGEOT 3008 ACTIVE

1,2 bensín, 130 hö, sjálfskiptur

Verð frá: 3.990.000 kr.

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2018 BÍLABLAÐAMANNA







ÚRVAL! ÚRVAL! ÚRVAL! ÚRVAL!

***SKOÐAÐU ÚRVALIÐ FRÁ FORD, VOLVO, MAZDA, CITROËN OG PEUGEOT HJÁ BRIMBORG***

***– Komdu í reynsluakstur í dag!***

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 8

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5

**brimborg.is**

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## 8000 teskeiðar



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Meðaljóninn í okkar heimshluta brennir um það bil fimmtungi þeirra hitaeininga sem afi hans og amma gerðu í daglegu amstri. Ræktin, fjallgöngur, útihlaup og hreyfing til heilsubótar er ekki talið með.

Skortir okkur agann sem forfeðurnir bjuggu yfir? Erum við kærulausari, látum okkur eigin heilsu og velferð barna okkar í léttu rúmi liggja? Auðvitað ekki. En eðli vinnu hefur breyst og freistingarnar eru allt í kring. Hvernig snúum við þessu við – náum hinu langþráða jafnvægi milli matar og hreyfingar, hinum gullna meðalvegi sem allflestir fetuðu áður fyrr?

Íslendingar eru meðal feitustu þjóða. Viðbúið er að senn komi að skuldadögum. Uppgjörið snertir ekki einungis þá sem glíma við aukakílóin og sjúkdómana, sem tengjast óhófinu, og þeirra fólk. Heilbrigðiskerfið er rekið fyrir skattfé. Þetta snertir alla.

Og þar spilar mataræðið langstærsta rullu og svo hreyfingin.

Upp úr 1980 fór af stað mikil herferð gegn fitu. Þegar fitan fór út af matseðlinum kom viðbættur sykur í staðinn. Einnig fór að bera meira á unninni matvöru. Því sem náttúran býður var skipt út fyrir matvöru sem maðurinn sjálfur hafði fundið upp og átt við.

Varla þarf að leita lengi á Íslandi til að sjá að matarvenjum okkar er stórlega ábótavant. Við hringveginn eru sykraðir gosdrykkir, unnar kjötvörur og sælgæti meira áberandi en einfaldur, hollur matur. Ekki bara hér á landi. Við getum ekki farið um flugvöll, keypt bensín eða hóstamixtúru án þess að á vegi okkar verði stæðurnar af snakki, sælgæti og hvers kyns óhollustu.

Sjálft höfuðvígi heilsunnar – Landspítalinn – er ekki barnanna bestur. Furðulegt er að sjúklingar, sem fá úrvals þjónustu frá læknum og hjúkrunarfólki, fái matarbakka sem hæfir þorrablóti.

Meðal Bandaríkjamaður innbyrðir 36 kíló af fitu árlega og setur 8000 teskeiðar af sykri inn fyrir varir sínar. Gosdrykkjaþamb vegur þungt. Meðalþambið er 215 lítrar. Það er ekki lítið. Rannsóknir sýna, að þegar 100 manns sem berjast við aukakílóin fara í megrun og æfa reglulega – eru færri en fimm þeirra enn að tveimur árum síðar.

Uppeldi ræður miklu um mataræði og hreyfingu. Foreldrum ber að leiðbeina börnum sínum um hollt mataræði og hvetja þau til hreyfingar. En fólki sem ekki hefur úr miklu að spila er vorkunn. Það kostar mikla peninga að borða hollan mat og tómstundir eru rándýrar. Þarna þarf hið opinbera – ríki og sveitarfélög – að stíga inn. Skattkerfið á að hvetja til neyslu hollari fæðu. Skipuleg hreyfing á að vera fyrir alla – veigamikill hluti af skólagöngu.

Við gerum ábyggilega margt vel á Íslandi í þessum efnum. Ef marka má afrek landans í alþjóðlegum íþróttum er hann duglegur að hreyfa sig. En betur má ef duga skal. Við erum meðal feitustu Evrópuþjóða. Leiðin til að reka af sér slyðruorðið er vel þekkt. Við þurfum að sameinast um að feta einstigið milli hófsemi í mat og drykk og hollrar hreyfingar.

**Við getum ekki farið um flugvöll, keypt bensín eða hóstamixtúru án þess að á vegi okkar verði stæðurnar af snakki, sælgæti og hvers kyns óhollustu.**

Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



## Orkuveitan og kynlífs-költið

Mildan vormorgun árið 2011 gekk Catherine Oxenberg eftir Venice Beach í Los Angeles ásamt nítján ára dóttur sinni, Indiu. India átti sér þann draum heitastan að opna bakarí og hafði Catherine skráð mæðgurnar á námskeið í rekstri fyrirtækja. Þann dag upphófst áralöng martröð kvennanna tveggja.

Sex árum síðar fékk Catherine símtal frá kunningjakonu. „Þú verður að bjarga Indiu.“

Þegar Catherine hitti Indiu næst var hún horuð, fáskiptin, sljó og farin að missa hárið.

Catherine vildi helst ekki spyrja – hún óttaðist svarið. En líf dóttur hennar lá við. „Er búið að brennimerkja þig?“

India hikaði. „Já, mamma, það er búið að brennimerkja mig. Og hvað með það?“

### Örþrifaráð

Í mars síðastliðnum var Keith Raniere, leiðtogi „sjálfhjálparhópsins“ NXIVM, handtekinn grunaður um mansal og kynlífsþrælkun. Var honum gefið að sök að halda úti þaulskipulögðu „þrælakerfi“ þar sem konum var gert að stunda með honum kynlíf, þær voru sveltar, heilaþvegnar og brennimerktar með upphafsstöfum hans.

Það sem Catherine Oxenberg hafði talið námskeið um fyrirtækjarekstur reyndist sjálfstyrkingarnámskeið NXIVM. India gekk til liðs við samtökin og sökk djúpt í kviksyndi sértrúarsafnaðarins.

Þegar Catherine missti allt samband við dóttur sína einsetti hún sér að heimta hana úr helju. Catherine tókst að fá Indiu til að mæta á fund með fjölskyldunni. India lét ekki segjast. Næst leitaði Catherine til lögreglunnar. Enginn vildi hlusta. Catherine átti ekki annarra kosta völ en að grípa til örþrifaráða. Hún fór með málið í fjölmiðla.

Eftir að Catherine, sem þekkt er fyrir leik sinn í sápuóperunni Dynasty, lýsti vegferð dóttur sinnar í dagblaðinu The New York Times gengu yfirvöld loks í málið. Réttarhöld yfir Raniere hefjast í janúar næstkomandi.

### Hrollvekjandi snertiflötur

Skandall skekur Orkuveitu Reykjavíkur. Skemmst er frá því að segja að Bjarni Már Júlíusson var rekinn úr stöðu framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar, dótturfélags OR, fyrir óviðeigandi hegðun og Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, steig tímabundið til hliðar á meðan úttekt er gerð á vinnustaðamenningu fyrirtækisins. Aðdragandi málsins er brottrekstur Áslaugar Thelmu Einarsdóttur sem gegndi starfi forstöðumanns einstaklingsmarkaðar Orku náttúrunnar. Telur Áslaug að rekja megi uppsögn sína til þess að hún hafi ítrekað kvartað við starfsmannastjóra fyrirtækisins undan óviðeigandi hegðun Bjarna Más í garð kvenkyns starfsmanna og viðskiptavina fyrirtækisins.

Til að forða lögfræðideild Orkuveitunnar frá því að fara á límingunum skal það tekið fram strax að hér stendur alls ekki til að líkja fyrirtækjamenningu OR við sóðalegan kynlífs-költ. Við bíðum eftir niðurstöðum úttektarinnar. Það er þó hrollvekjandi snertiflötur á máli Orku náttúrunnar og NXIVM.

### Rotin vinnustaðamenning

#metoo byltingin hófst er leikkonur í Hollywood greindu annars vegar frá kynferðisofbeldi sem þær höfðu orðið fyrir í starfi og hins vegar atvinnumissi í kjölfar þess að þær reyndu að segja frá.

Flestum var ljóst í kjölfar #metoo að fauskum og níðingum yrði ekki útrýmt með einu myllumerki. Eitt töldu þó flestir hafa áunnist: Þögnin var rofin.

Mál Áslaugar bendir hins vegar til annars. Í átján mánuði kvartaði Áslaug undan hegðun yfirmanns eftir þeim boðleiðum sem OR bauð upp á. Á hana var þó ekki hlustað fyrr en hún greip til örþrifaráða – þeirra sömu og Catherine Oxenberg. Ekkert var gert til að huga að rotinni vinnustaðamenningu OR fyrr en málið rataði í fjölmiðla.

Á dögunum kom út bók um mál Catherine Oxenberg. Endalokin eru hamingjurík: Catherine og dóttir hennar eru sameinaðar á ný. Áslaug hefur hins vegar ekki fengið lok sinna mála. Áhorfendur bíða óþreyjufullir lokaþáttar sápuóperunnar Skömm Orkuveitunnar.




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*


Way of Life!
NÝR JIMNY!
ALVÖRU JEPPI
FRUMSÝNUM HANN
6. OKT. KL. 12–17
LÉTTAR VEITINGAR Í BOÐI
ALLIR SEM REYNSLUAKA
SUZUKI BÍL Á SÝNINGUNNI FARA
Í LUKKUPOTT. DRÖGUM ÚT TVO
HEPPNA EFTIR SÝNINGUNA SEM MUNU
VINNA SÉR INN SKEMMTIFERÐ
INNANLANDS FYRIR TVO.
Það er fernt sem skilgreinir Jimny sem ekta jeppa:
Sterkbyggð grind
Mikil veghæð
Heilar hásingar með gormafjöðrun
Fjórhjóladrif með lágu drifi
Það er alltaf Suzuki veður!
FLUTT MEÐ
EIMSKIP
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
SUZUKI
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100

FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

# Verðum að spila betur á lengri köflum

**Erik Hamrén krefst þess af sínum leikmönnum að þeir bæti sig frá fyrstu leikjum hans við stjórnvölinn hjá íslenska karlalandsliðinu. Hamrén lagði ríka áherslu á það þegar hann ræddi við blaðamenn í gær að meginmarkmiðið væri að komast í lokakeppni EM 2020.**

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu mætir til leiks eftir erfiða daga í frumraun sinni í Þjóðadeild UEFA þegar liðið leikur tvo leiki, annars vegar vináttulandsleik gegn heimsmeisturum Frakklands í Guingamp 11. október og hins vegar þriðja leik sinn í Þjóðadeildinni gegn Sviss 15. október.

Erik Hamrén, þjálfari íslenska liðsins, var borubrattur þegar hann ræddi við fjölmiðla á blaðamannafundi í gær, en tilkoma nokkurra lykilleikmanna aftur í liðið vekur líklega von í brjósti hans, auk þess sem frammistaðan gegn Belgíu í öðrum leik Þjóðadeildarinnar var betri en í leiknum gegn Sviss.




Erik Hamrén á blaðamannafundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Ég hef notað tímann frá síðustu leikjum til þess að greina leikina gegn Sviss og Belgíu og hef sent leikmönnum liðsins klippur úr leikjunum með athugasemdum um það hvað betur má fara,“ segir Hamrén í samtali við Fréttablaðið.

„Við munum mæta öflugum andstæðingum, líkt og við gerðum síðast, og meginmarkmið okkar er að bæta leik okkar og spila lengri góða kafla en við gerðum í leikjunum gegn Sviss og Belgíu. Við bættum okkur vissulega á milli leikja og leikurinn við Belgíu var mun betri en skellurinn í Sviss. Við þurfum hins vegar að fækka mistökum okkar, halda einbeitingu okkar allan tímann og ná betri heildarframmistöðu í leikjunum sem fram undan eru. Ég lærði mikið af leikjunum í september og leikmenn kynntust mér líka. Við munum nýta tímann vel fram að komandi leikjum og freista þess að koma áherslum okkar í gegn. Meginmarkmiðið er svo að komast í lokakeppni EM 2020,“ sagði Svíinn enn fremur.

„Mér finnst ólíklegt að við munum breyta um leikkerfi í þessum leikjum, en ég hef lungann úr mínum þjálfaraferli spilað með fjögurra manna varnarlínu. Það er hins vegar ekki loku fyrir það skotið að við leikum með þriggja manna varnarlínu á einhverjum tímapunkti í Frakkaleiknum þó svo að mér finnist það ólíklegt,“ segir þjálfarinn um komandi verkefni.

„Það er gott að vita af Arnóri [Sigurðssyni] og þróuninni á ferli hans. Ég tók eftir þessum leikmanni þegar hann var að spila í Svíþjóð áður en ég tók við íslenska landsliðinu og ég þekki hann vel. Eins og ég sagði um Albert [Guðmundsson] fyrir síðasta verkefni finnst mér hins vegar mikilvægara að Arnór spili allan tímann með U-21 árs landsliðinu gegn Spáni og Norður-Írlandi en nokkrar mínútur með okkur,“ segir Hamrén um Arnór og aðra unga og efnilega íslenska leikmenn.

hjorvaro@frettabladid.is

## Landsliðshópurinn

**Markverðir:**
Hannes Þór Halldórsson
Rúnar Alex Rúnarsson
Ögmundur Kristinsson

**Varnarmenn:**
Birkir Már Sævarsson
Ari Freyr Skúlason
Sverrir Ingi Ingason
Hólmar Örn Eyjólfsson
Ragnar Sigurðsson
Kári Árnason
Hörður Björgvin Magnússon
Jón Guðni Fjóluson

**Miðjumenn:**
Gylfi Þór Sigurðsson
Birkir Bjarnason
Guðlaugur Victor Pálsson
Rúrik Gíslason
Jóhann Berg Guðmundsson
Rúnar Már Sigurjónsson
Emil Hallfreðsson
Arnór Ingvi Traustason

**Sóknarmenn:**
Kolbeinn Sigþórsson
Jón Dagur Þorsteinsson
Alfreð Finnbogason
Viðar Örn Kjartansson
Albert Guðmundsson



# Kom mér skemmtilega á óvart

Jón Dagur Þorsteinsson er eini nýliðinn í hópi íslenska karlalandsliðsins sem mætir Frakklandi og Sviss. Jón Dagur segir að valið hafi komið honum að vissu leyti á óvart þó svo að honum finnist það verðskuldað.

**FÓTBOLTI** Jón Dagur Þorsteinsson, sem leikur þessa stundina með danska liðinu Vendsyssel á láni frá enska liðinu Fulham er einn fjögurra leikmanna sem koma inn í íslenska A-landsliðið í knattspyrnu fyrir komandi verkefni með liðinu. Hann hefur leikið vel bæði fyrir U-21 árs landsliðið í síðustu leikjum þess og látið til sín taka hjá Vendsyssel undanfarið og hlaut náð fyrir augum Eriks Hamrén og Freys Alexanderssonar, þjálfara íslenska A-landsliðsins, að þessu sinni.

„Þetta er auðvitað mjög kærkomið og mikill heiður. Þetta kom mér ekki algerlega í opna skjöldu, en samt alveg flatt upp á mig þegar ég sá þetta. Ég hef verið að spila reglulega hér í Danmörku og gengið vel að mínu mati, þannig að mér fannst þetta alveg raunhæft. Ég var hins vegar ekki búinn að fá að vita af þessu áður en þetta vera opinberað, þannig að ég var ekki viss,“ segir Jón Dagur í samtali við Fréttablaðið.

„Ég býst ekki við því að fá spilmínútur í þessum verkefnum, en verð auðvitað klár ef kallið kemur. Mér finnst líklegra að hugmyndin sé að ég fái smjörþefinn af því hvernig hlutirnir virka hjá A-liðinu og að kynnast tempóinu á æfingum hjá liðinu. Þetta er líklega töluvert stökk frá U-21 árs liðinu og það verður bara gaman að takast á við það,“ segir Jón Dagur enn fremur.




Jón Dagur Þorsteinsson fagnar marki sínu fyrir Vendsyssel í sigri á stórliði FC København í dönsku úrvalsdeildinni um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

> Ég hef verið að spila reglulega hér í Danmörku og gengið vel að mínu mati, þannig að mér fannst þetta alveg raunhæft.
>
> Jón Dagur Þorsteinsson

„Það er gaman að við Albert [Guðmundsson] fáum kallið að þessu sinni og ég tel að fleiri leikmenn í U-21 árs liðinu gætu dottið inn í A-hópinn innan tíðar. Við erum með marga góða unga leikmenn og ég tel að framtíðin sé björt hjá A-liðinu. Nú er það bara mitt að grípa þetta tækifæri og standa mig vel. Mér líður annars vel í Danmörku og það er gott að fá að spila reglulega með aðalliði. Mér hefur líka gengið vel hérna og vonandi heldur það bara áfram,“ segir HK-ingurinn.

hjorvaro@frettabladid.is

## Nýjast

**Dominos-deild karla**

**Stjarnan - ÍR 94-77**

**Stjarnan:** Paul Jones III 26/10 fráköst, Hlynur Bæringsson 17/12 fráköst/7 stoðsendingar, Collin Pryor 16/8 fráköst, Ægir Þór Steinarsson 14/7 stoðsendingar, Tómas Þórður Hilmarsson 12, Antti Kanervo 6/8 fráköst, Arnþór Freyr Guðmundsson 3.

**ÍR:** Justin Martin 23/9 fráköst, Matthias Orri Sigurðarson 18, Gerald Robinson 14, Sigurkarl Róbert Jóhannesson 9, Hákon Örn Hjálmarsson 8/6 fráköst, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 5/7 fráköst.

*Leik Njarðvíkur og Keflavíkur var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.*

FYLKIR

Aðalfundur

knattspyrnudeildar Fylkis

Fimmtudaginn 25. október 2018 kl. 19:30 er boðað til aðalfundar knattspyrnudeildar Fylkis í samkomusal Fylkishallar.

Dagskrá:

Hefðbundin aðalfundastörf samkvæmt lögum félagsins
Önnur mál.

Stjórn knattspyrnudeildar Fylkis.





## CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

**145.153 kr.** ~~179.990 kr.~~



## CONNECT

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Svart leður.
Stærð: 311 x 205 x 88 cm

**354.831 kr.** ~~439.990 kr.~~



## NORWICH

Nettur tungusófi. Ljósgrátt áklæði, svört grind og fætur.
Stærð: 233 x 148 x 81 cm.

**112.895 kr.** ~~139.990 kr.~~



## KIRUNA

Hornsófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 236 x 200 x 78 cm

**145.153 kr.** ~~179.990 kr.~~

## SUN

2,5 og 3ja sæta sófar frá Furninova. Slitsterkt Cortina-áklæði. Silfurgrátt, dökkgrátt og brúnt.



2,5 sæta, stærð: 179 x 93 x 78 cm.
**112.895 kr.** ~~139.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 199 x 93 x 78 cm.
**129.024 kr.** ~~159.990 kr.~~



## FRANKLIN

2,5 og 3ja sæta sófar. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði. D. 86 H: 81 cm

2,5 s.: B: 180 cm
**96.766 kr.** ~~119.990 kr.~~

3ja s.: B: 208 x cm
**145.153 kr.** ~~179.990 kr.~~



## HOLIDAY

Hornsófi. Svart slitsterkt áklæði.
Stærð: 279 x 238 x 89 cm

**282.250 kr.** ~~349.990 kr.~~



## HOLIDAY

Tungusófi. Svart slitsterkt áklæði
Stærð: 279 x 238 x 89 cm

**193.540 kr.** ~~239.990 kr.~~



**ÖLL SÓFABORÐ & ALLIR PÚÐAR Á**

# TAXFREE

**MIKIÐ OG FJÖLBREYTT ÚRVAL**



# SÓFAR TAXFREE

Allir sófar á taxfree tilboði*

VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN



## BOYD

Þriggja sæta sófi. Dökkgrátt sléttflauel áklæði og brúnt PU-leður.
Stærð: 215 × 87 × 78 cm

Áklæði
**96.766 kr.** ~~119.990 kr.~~

PU-Leður
**100.798 kr.** ~~124.990 kr.~~




Þú finnur nýja bæklinginn okkar á husgagnahollin.is



## KIRUNA

U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Kaffibrúnt slitsterkt áklæði einnig fáanlegt dökkgrátt.
Stærð: 301 × 200 × 78 cm

**177.411 kr.** ~~219.990 kr.~~

* Taxfree tilboðið gildir á sófum, sófaborðum og púðum og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA HÖLLIN

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN

# Slökun, sítrusávextir og hollur heimalagaður matur



Lax og egg eru matartegundir ríkar af d-vítamíni.

**Dr. Teitur Guðmundsson gefur lesendum góð ráð til að verjast pestum vetrarins.**

**Flensur og kveisur?**

*– Hvernig er best að verjast því að fá flensu og kveisur vetrarins?*

Við vitum að það ganga mjög margar pestir yfir haust- og vetrarmánuðina, inflúensan kemur iðulega um miðjan vetur og er þá bólusetning ágætis vörn. Það að bólusetja sig reglulega byggir upp ónæmi gegn flensuveiru sem er á hverju ári nýr stofn og þess vegna þarf að framkvæma bólusetninguna árlega. Almenna reglan er svo sú að fara vel með sig, fá nægan svefn og huga að streituþáttum og vellíðan, álag hefur dempandi áhrif á ónæmiskerfið og viðbragð þess.

*– Á hverju á fólk að vara sig?*

Það er ágætt að hafa það í huga að flest smit eru dropa- og snertismit, þannig að mikil nálægð við veika einstaklinga getur valdið veikindum og smiti, handþvottur er ágæt regla líka til að draga úr líkum á smiti.

*– Áttu einhver góð ráð um mataræði eða lífsstíl sem fólk ætti að fylgja?*

Þetta er mjög einstaklingsbundið auðvitað en með vísan til þess sem segir hér að ofan er aðalatriðið að vera í góðu jafnvægi. Almennt má segja að næringarríkur matur, fjölbreyttur og ferskur sé lykilatriði. Skyndifæði og unnin matvara er ekki skynsamlegt almennt burtséð frá því hvaða tími ársins er. Ávextir og grænmeti eru rík af vítamínum og bætiefnum, sérstaklega sítrusávextir.

*– En bætiefni og vítamín?*

Bætiefni og vítamín fáum við flest hver með réttu mataræði og ef upptaka í líkamanum er í lagi. Það má þó segja að líklega fáum við ekki nóg af D-vítamíni og það má bæta það upp sérstaklega. Ýmis bætiefni eru nefnd til sögunnar líkt og C-vítamín, sink, ýmis andoxunarefni og margt fleira. Flest eru vítamínin vatnsleysanleg svo það er erfitt að gera sér illt, B-vítamín hafa löngum verið notuð og við vitum að þau dempast við streitu og álag. Hin fituleysanlegu geta verið varhugaverðari og ætti ekki að taka inn í óhófi en það eru A-, D-, E- og K-vítamín.

*– Hvernig styrkir fólk ónæmiskerfið ef það hefur hug á því?*

Best er að hreyfa sig reglulega, borða hollan mat og ferskan, elda sjálfur og njóta, huga að svefninum sérstaklega, að fá nægan svefn, og draga úr streitu og álagi almennt ef hægt er eru svona þessi hefbundnu ráð. Það getur svo verið skynsamlegt að iðka slökun og hugleiðslu eða jóga til viðbótar. **– kbg**


**Dr. Teitur Guðmundsson leggur áherslu á gott mataræði, slökun og hreyfingu.**


**Heitt sítrónuvatn er mikil heilsubót.**

## Gott

- Jóga og hugleiðsla
- Sítrusávextir
- Hollur heimalagaður matur
- C-, B- og D-vítamín
- Sink
- Handþvottur
- Hreyfing

## Slæmt

- Skyndifæði og unnin matvara
- Streita og álag


**Það er ráð að þvo hendur til að forðast smit.**


**Jóga styrkir og mýkir líkamann.**

Það er ágætt að hafa það í huga að flest smit eru dropa- og snertismit, þannig að mikil nálægð við veika einstaklinga getur valdið veikindum og smiti.


**B-vítamínforðinn minnkar undir álagi.**

Meira á www.frettablaðið.is. Vefurinn Doktor.is hefur eignast annað heimili á Lífinu á www.frettabladid.is.

# Um helgina

### Sjónvarp: Hryllingur í október

Hryllingur verður alls ráðandi á stærstu veitunum, Netflix, Hulu og Amazon Prime. Á Netflix verða teknar til sýninga hin klassíska hryllingsmynd The Shining, Truth or Dare og The Hunting of Molly Hartley. Þá verður einnig frumsýnd Netflix-myndin The Haunting of Hill House. Á Hulu verða American Psycho og Anaconda. Amazon Prime sýnir The Amityville Horror, Curse of Chucky, Jeepers Creepers 2 og The Texas Chainsaw Massacre 2.






### Bók: Sænsk gúmmístígvél

Still Hennings Mankell er bæði margslunginn og fallegur. Óhætt er að mæla með nýútkominni bók hans, Sænsk gúmmístígvél, um hinn sjötuga einbúa Fredrik Welin sem vaknar upp við að húsið hans brennur. Hann kemst undan en allt er horfið og hefst þá uppgjör.

### Myndlist: Véfréttir í Listasafninu

Í Listasafni Íslands verður í dag opnuð sýningin Véfréttir. Sýnd verða verk úr samnefndri myndröð Karls Einarssonar Dunganon (1897-1972). Einnig verða til sýnis ljóð, úrklippubækur og önnur skjöl Dunganons sem Þjóðskjalasafn Íslands varðveitir og lánar á sýninguna.



### Fyrir börnin: Bangsi litli í skóginum

Franski rithöfundurinn og teiknarinn Benjamin Chaud er væntanlegur hingað til lands. Nýlega kom út bók hans Bangsi litli í skóginum sem heillar bæði börn og fullorðna sem lesa. Textinn er hnyttinn og teikningarnar undurfallegar og skemmtilegar. Bangsi litli lendir í miklum ævintýrum þegar hann ákveður að hætta að vera björn og verða krakki.



# HRUNIÐ

1989 DESEMBER 1990 JANÚAR FEBRÚAR 1998 JÚLÍ ÁGÚST SEPTEMBER 1999 NÓVEMBER DESEMBER 2000 JANÚAR JÚNÍ

**Janúar**
■ Stærsti einkabanki landsins lítur dagsins ljós þegar Íslandsbanki verður til við sameiningu Alþýðubanka, Iðnaðarbanka, Útvegsbanka og Verzlunarbanka.

**28. ágúst**
■ Ríkisstjórnin samþykkir stefnumótun um sölu hlutafjár í bönkunum þremur.




**Nóvember**
■ Fjárfestingarbanki atvinnulífsins seldur til hóps sem samanstendur af 26 lífeyrissjóðum, fyrirtækjum og einstaklingum fyrir 9,7 milljarða króna.

**Desember**
■ Sala á 15 prósenta hlut ríkissjóðs í Landsbanka Íslands og Búnaðarbankanum. Alls skrá 55 þúsund manns sig fyrir hlut í bönkunum og söluandvirði nemur 5,5 milljörðum króna. Eftirstandandi hlutur ríkisins í bönkunum er um 72 prósent eftir söluna.

**Júní**
■ Íslandsbanki og Fjárfestingarbanki atvinnulífsins sameinast.

2001 APRÍL MAÍ 2002 DESEMBER 2003 JANÚAR

**18. maí**
■ Alþingi samþykkir frumvarp viðskiptaráðherra sem fól í sér heimild til að selja eignarhlut ríkisins í Landsbanka Íslands og Búnaðarbankanum að fullu.



**31. desember**
■ Undirritun kaupsamningum um hlutafé í Landsbanka Íslands milli íslenska ríkisins og Samson eignarhaldsfélags ehf. sem þeir Björgólfur Guðmundsson, Björgólfur Thor Björgólfsson og Magnús Þorsteinsson standa að baki. Hluturinn nemur 45,8 prósentum og kaupverð í heild er rúmar 139 milljónir Bandaríkjadala.



**16. janúar**
■ Undirritun kaupsamnings um hlutafé í Búnaðarbankanum milli íslenska ríkisins og S-hópsins en fyrir hópnum fara Ólafur Ólafsson og Finnur Ingólfsson. 45,8 prósenta hlutur seldur á 11,9 milljarða króna.




2004 ÁGÚST SEPTEMBER 2005 JANÚAR MARS APRÍL

**Ágúst**
■ Bankarnir fara í samkeppni við Íbúðalánasjóð um íbúðalán. ÍLS slakar á lánaskilyrðum til að mæta aukinni samkeppni og yfirvöld hækka veðhlutfall lána Íbúðalánasjóðs upp í 90 prósent.

**September**
■ Íslandsbanki hefur sókn á erlenda markaði árið 2004 með kaupum á Kredittbanken í Noregi. Opnaðar eru skrifstofur eða útibú í London, Kaupmannahöfn og á fleiri stöðum.

**September**
■ Kaupþing kaupir danska bankann FIH en með kaupunum tvöfaldast efnahagsreikningur íslenska bankans.



**Janúar**
■ Landsbanki Íslands opnar útibú í London og setur Lárus Welding sem útibússtjóra.

**Mars**
■ Íslandsbanki breytir nafni sínu í Glitnir.

**Apríl**
■ Kaupþing kaupir breska fjármálafyrirtækið Singer & Friedlander.



**Virði hlutabréfa féll um 85 milljarða króna**

**Vorið 2006**
Lausafjárskortur gengur nærri bönkunum en þetta tímabil hefur almennt gengið undir nafninu „míní-krísan“. Erlendir fjármálagreinendur og fjölmiðlar beina augum sínum að íslensku bönkunum og vekja athygli á veikri stöðu þeirra.

2006 OKTÓBER




**Október**
■ Landsbanki Íslands hleypir netbankanum Icesave af stokkunum í Bretlandi í því skyni að fá erlend innlán.

**Apríl 2007**
FL Group nær undirtökunum í Glitni með kaupum á hlut Milestone í bankanum. Þannig er athafnamaðurinn Jón Ásgeir Jóhannesson orðinn einn af aðaleigendum Glitnis.



**Desember 2007**
Skammtímaskuldir þjóðarinnar orðnar um fimmtánfaldur gjaldeyrisforði Seðlabankans en stærstur hluti skammtímaskuldanna er vegna fjármögnunar bankanna. Erlend innlán bankanna þriggja eru einnig um áttfaldur gjaldeyrisforðinn.

**Janúar 2008**
Kaupþing fellur frá kaupum á hollenska bankanum NIBC upp á þrjá milljarða evra en viðskiptin hefðu á þeim tíma orðið þau stærstu í Íslandssögunni. Ástæðan er sögð óróleiki á fjármálamörkuðum.

2008 SEPTEMBER OKTÓBER

**15. september**
■ Alþjóðlegi fjárfestingarbankinn Lehman Brothers verður gjaldþrota. Þetta er enn þann dag í dag stærsta gjaldþrot sögunnar.




**25. september**
■ Glitnir óskar eftir 600 milljóna evra neyðarláni frá Seðlabankanum til þess að standa skil á lánum en því er hafnað.




**29. september**
■ Ríkið tekur yfir 75 prósenta hlut í Glitni og leggur til hlutafjárframlag að jafnvirði 600 milljóna evra.

**3. október**
■ Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir að bankarnir séu tæknilega gjaldþrota í útvarpsviðtali. Áhlaup á bankana hefst og myndast örtröð í bankaútibúum.

**Viðrar hugmynd um þjóðstjórn**



**4.–5. október**
■ Fjöldi funda haldinn á vegum ríkisstjórnar og forsvarsmanna bankanna. Tillögur um yfirtöku Kaupþings á Glitni og flýtimeðferð til að koma Icesave í breskt dótturfélag lagðar fram.



# Ris og fall íslensku bankanna

Fordæmalaus vöxtur bankakerfisins og hrunið sem af honum leiddi verður lengi í minnum haft. Hér er stiklað á stóru um atburðarásina.






**6. október**
■ Geir H. Haarde forsætisráðherra ávarpar þjóðina í sjónvarpsútsendingu. Í kjölfarið er kynnt frumvarp til neyðarlaga sem gefur Fjármálaeftirlitinu víðtækar heimildir til inngripa í fjármálastofnanir.

**7. október**
■ Fjármálaeftirlitið tekur yfir rekstur Landsbanka Íslands á grundvelli neyðarlaganna. Bretar beita hryðjuverkalögum gegn bankanum eftir samtal þáverandi fjármálaráðherra, Alistairs Darling og Árna Mathiesen.

**8. október**
■ Fjármálaeftirlitið tekur yfir rekstur Glitnis á grundvelli neyðarlaganna.

**9. október**
■ Fjármálaeftirlitið tekur yfir rekstur Kaupþings á grundvelli neyðarlaganna. Þar með eru íslensku viðskiptabankarnir allir komnir í hendur yfirvalda.




  

Komdu og skoðaðu Iveco Daily sendibíl ársins 2018 í fjölbreyttum útfærslum hjá eftirfarandi söluaðilum:

Toyota Akureyri | Toyota Kauptúni | Toyota Reykjanesbæ | Toyota Selfossi | Kraftvélum Kópavogi

---

**KRAFTVÉLAR**

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is










# Afdrif áhrifamanna í bankakerfinu

Bankastjórar, stórir hluthafar í bönkunum og aðrir áhrifamenn í fjármálalífinu hurfu margir hverjir úr sviðsljósinu í kjölfar fjármálahrunsins. Flestir þeirra hafa þó náð að fóta sig að nýju.

## Lárus Welding

Lárus Welding var ráðinn bankastjóri Glitnis vorið 2007 og tók við af Bjarna Ármannssyni. Lárus hefur frá hruni sinnt ýmsum ráðgjafarstörfum og kom meðal annars að sölu á helmingshlut í Sjóklæðagerðinni 66°Norður í sumar. Þá hefur hann unnið fyrir Malcolm Walker, eiganda verslanakeðjunnar Iceland í Bretlandi og veitti honum ráðgjöf í tengslum við kaup Bretans á brugghúsi Ölgerðarinnar í Borgarfirði árið 2012.



„Ákvörðunin sem ég myndi vilja taka aftur er að taka að mér starf forstjóra Glitnis," sagði Lárus í yfirlýsingu í dómsal 2017.

## Halldór J. Kristjánsson

Halldór J. Kristjánsson var bankastjóri Landsbanka Íslands frá árinu 1998 en áður starfaði hann sem ráðuneytisstjóri.

Halldór fór til Kanada í kjölfar hrunsins. Hann var ráðinn til fjármálafyrirtækisins Prospect Financial Group en það komst í fréttir hérlendis þegar greint var frá því að það væri tilbúið til að gangast í ábyrgð fyrir fjármögnun á hluta tilboðs fyrrverandi forstjóra og stofnanda Fáfnis Offshore í eignarhluti tveggja stærstu hluthafa íslenska olíuþjónustufyrirtækisins.



## Jón Ásgeir Jóhannesson

Kaupsýslumaðurinn Jón Ásgeir Jóhannesson byggði upp verslunarveldi út frá stofnun Bónuss 1989 og varð einn stærsti eigandinn í Glitni í gegnum FL Group vorið 2007.

Á meðal eigna hans og eiginkonu hans Ingibjargar Stefaníu Pálmadóttur í dag eru Fréttablaðið, 101 Hótel og yfir fimm prósenta hlutur í Högum en nýlega var greint frá því að þau hefðu selt allan hlut sinn í Sýn, tæplega 11 prósenta hlut, fyrir tæpa tvo milljarða króna til þess að bæta við hlut sinn í Högum.

365 miðlar eignuðust hlut sinn í Sýn þegar Sýn keypti stærstan hluta reksturs 365 miðla í fyrra.



## Bjarni Ármannsson

Bjarni Ármannsson lét af störfum sem forstjóri Glitnis vorið 2007 eftir tíu í ár stólnum í kjölfar breytinga á eignarhaldi bankans. Síðan þá hefur hann verið virkur í fjárfestingum hérlendis. Bjarni hefur frá árinu 2012 byggt upp flutningastarfsemina Cargow á Norður-Atlantshafi á grundvelli þjónustusamnings við álrisann Alcoa. Þá varð hann nýlega næststærsti hluthafinn í sjávarútvegsfyrirtækinu Iceland Seafood. Fjárfestingarfélag Bjarna, Sjávarsýn, hagnaðist um 420 milljónir króna á síðasta ári en félagið á meðal annars hluti í hreinlætisvörufyrirtækinu Tandri og Ellingsen.



„Ég get verið sjálfum mér reiður fyrir að hafa tekið ákvarðanir í uppbyggingu kerfis sem ekki stóðst," skrifaði Bjarni í grein í Morgunblaðið í ársbyrjun 2009.

## Björgólfur Thor Björgólfsson

Björgólfur Thor Björgólfsson var árið 2007 í 249. sæti á lista tímaritsins Forbes yfir ríkustu menn veraldar. Hann var aðaleigandi Landsbankans og Actavis, auk þess að eiga í fjarskiptafyrirtækjum erlendis.

Björgólfur Thor lauk skuldauppgjöri í ágúst 2014 en í því fólst að hann yrði áfram hluthafi í félögum á borð við Actavis, pólska fjarskiptafélagið Play, nýsköpunarfyrirtækið CCP og gagnaverið Verne Holding.

Fjarskiptafélagið Nova, sem Björgólfur stofnaði 2006, var selt til bandarísks eignastýringarfyrirtækis árið 2016 og CCP var nýlega selt til Suður-Kóreu fyrir 46 milljarða króna. Greint var frá því í vor að Björgólfur væri í sæti 1.215 á lista Forbes yfir ríkustu einstaklinga heims. Voru auðævi hans þá metin á 211 milljarð króna.



„Ég velti því fyrir mér hvort ég ætti að skríða undir stein og bíða eftir að storminn lægði. Mér leið svo illa út af þessu öllu saman," er haft eftir Björgólfi í viðtali við Forbes.

## Sigurjón Þ. Árnason

Sigurjón Þ. Árnason tók við stöðu bankastjóra Landsbanka Íslands vorið 2003 við hlið Halldórs J. Kristjánssonar. Hann var áður framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Búnaðarbankans.

Eftir fjármálahrunið tók Sigurjón að sér stundakennslu við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Sigurjón hefur undanfarið starfað sem sérfræðingur hjá Veritas ráðgjöf. Hann veitti til að mynda ráðgjöf í deilu Sunshine Press og Datacell við Valitor. Deilan snýst um lok á greiðslugátt fyrir fjáröflun Wikileaks og lagði Sigurjón mat á tjón félaganna. Sigurjón mun auk þess hafa veitt ráðgjöf í tengslum við fjármögnun á United Silicon.



„Ég var sannfærður fram á síðustu stundu um að við myndum lifa þetta af."

## Hreiðar Már Sigurðsson

Hreiðar Már Sigurðsson hafði starfað hjá Kaupþingi frá árinu 1994 þegar hann var ráðinn forstjóri bankans árið 2003. Eftir fall bankans sneru Hreiðar og fjölskylda hans sér að rekstri gistihúsa. Félagið Gistiver tengdist rekstri gististaða víðsvegar um landið. Meðal þeirra er lúxusgistihúsið ION hótel á Nesjavöllum við Þingvallavatn.



„Ég held að við höfum verið kynslóð stjórnenda sem ætlaði ekki að láta nappa sig í Öskjuhlíðinni," sagði Hreiðar Már við rannsóknarnefnd Alþingis.

## Ágúst og Lýður Guðmundssynir

Ágúst og Lýður Guðmundssynir, oftast kenndir við fyrirtækið Bakkavör, voru fyrir fall Kaupþings í hópi stærstu eigenda bankans.

Bræðurnir misstu tökin á Bakkavör í kjölfar fjármálahrunsins en fyrir rúmum tveimur árum keyptu þeir hlut íslenskra lífeyrissjóða og Arion banka í félaginu sem síðan var skráð á markað.

Ágúst og Lýður voru í 197. sæti yfir ríkustu íbúa Bretlands samkvæmt lista The Sunday Times frá síðustu áramótum. Voru eignir þeirra metnar á rúmlega 100 milljarða króna.



## Hannes Smárason

Hannes Smárason var um tíma einn stærsti eigandinn í fjárfestingarisanum FL Group. Hann tók við forstjórastöðu hjá félaginu árið 2005 en lét síðan af störfum í árslok 2007 þegar Baugur varð aðaleigandi í kjölfar hlutafjáraukningar.

Eftir hrun veitti Hannes ráðgjöf vegna sölu Íslenskrar erfðagreiningar til bandaríska fyrirtækisins Amgen. Hannes var einn af stofnendum líftæknifyrirtækisins WuXi NextCODE árið 2013. Það var keypt á 8,5 milljarða króna tveimur árum síðar.






NÓI SÍRÍUS

# KÖKUBÆKLINGURINN

## ER KOMINN




Síríus
Sælkerabakstur

Bökunarvörurnar frá Nóa Síríus eru fullkomnar í baksturinn.
Hvort sem það er silkimjúkt rjómasúkkulaði, kraftmikið suðusúkkulaði eða ljúffengt lakkrískurl, þá verður þinn sælkerabakstur enn betri með vörunum frá Nóa Síríus.

# HRUNIÐ



Björgvin G. Sigurðsson, þá viðskiptaráðherra, afhendir Sigurjóni Þ. Árnasyni, fyrrverandi bankastjóra Landsbanka, verðlaun fyrir ársskýrslu ársins 2007. „Vönduð í alla staði,“ var mat dómnefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Björgólfur Thor hélt á fund forsætisráðherra, 29. september. Daginn sem ríkið yfirtók 75 prósent hlut í Glitni banka.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Samhugur fólks bjargaði geitunum

Þetta er fyrsta árið í tuttugu ár sem við erum í plús,“ segir Jóhanna Þorvaldsdóttir um rekstrarstöðuna á geitabúinu á Háafelli.

„Það er þrjóskan og hlýhugur fólks til okkar og geitanna sem hefur skilað okkur áleiðis. Bæði Íslendinga og útlendinga. Straumur ferðamanna til landsins hefur orðið okkur til hagsbóta,“ bætir hún við. Jóhanna selur afurðir sínar til veitingastaða í Reykjavík og Krauma í Borgarfirði. Sem er eini veitingastaðurinn á landinu sem er með geitakjöt á matseðli. Þessir veitingastaðir leggja áherslu á hreinar afurðir. Þá selur hún sápur, krem, skinn (stökur), geitaost í kryddlegi og pylsur. Viðskiptavinir hennar eru bæði hér á landi og víða um heim.

Árið 2014 stefndi í að jörðin að Háafelli yrði boðin upp vegna skulda eftir þungan rekstur eftir hrun. Geitunum hefði þurft að slátra. „Vinkona mín í Bandaríkjunum ákvað að koma mér til hjálpar og efndi til söfnunar á netinu til að reyna að afstýra uppboðinu. Það tókst. Ótrúlegur fjöldi fólks, hér á landi, í Bandaríkjunum og víðar um heim lagði okkur til fé,“ segir hún frá en um þrettán milljónir króna söfnuðust.

„Það munaði ekki nema hænuskrefi að við töpuðum jörðinni. Það var ekki bara vegna þess að bankarnir féllu. Það var líka vegna þess að við stóðum í hugsjónastarfi. Við þurftum til að mynda að vera með jörðina í tíu ár í einangrun af því að við tókum kollóttu geiturnar. Það var meðal annars þess vegna sem við höfðum litla innkomu í byrjun.

Eftir hrun kom Jón Bjarnason með tillögu að samningi við okkur og bankann. Svo var honum potað í burtu. Hann var í raun eini ráðherrann sem hefur sýnt okkur einhvern áhuga. Næsti ráðherra, það var ekki séns að ná í hann og ekki gefinn möguleiki á viðtali. Þeir vissu í ráðuneytinu að þeir báru ábyrgð á dýrategund í útrýmingarhættu en þótti það ekki mikilvægt á þessum tíma og fannst erfitt að réttlæta hjálp við einn bónda umfram aðra.

Bankinn stóð samt við sinn hluta



**„Bankinn græddi ekkert á á þeim sem skulduðu lítið.“** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

samningsins og frysti helming lána í þrjú ár. Þetta var gríðarlega þungt allt saman. Árið 2007 ætluðum við að reisa byggingu á jörðinni, ef við hefðum haft kjark til þess þá hefðum við líklega sloppið betur. Það ímynda ég mér að minnsta kosti því mér virðist að þeir sem skulduðu mikið hafi fengið afskrifaðar óheyrilegar upphæðir. Um þá giltu aðrar leikreglur. Við hin sem skulduðum minna skyldum borga hverja krónu og standa svo löskuð á eftir. Bankinn græddi ekkert á því að hjálpa þeim sem skulduðu lítið. Þetta var að ég held veruleiki margra í hruninu.

Jóhanna segir hug þeirra standa til að hafa ostagerð á Háafelli. „Það fæst minni mjólk frá geitum en kúm, osturinn er því dýrari í framleiðslu. Hann er framleiddur fyrir okkur á Erpsstöðum sem er í klukkutíma fjarlægð. Það er áríðandi fyrir okkur að byggja þetta upp. Það er búið að teikna upp bygginguna og við erum komin með tilskilin leyfi.“

Jóhanna segir það aldrei munu koma til greina að gefast upp. Enn er fólk með geitur í fóstri til að létta undir með henni og styðja við íslenska geitastofninn. „Og án stuðnings fjölskyldu væri þetta ekki hægt. Ef maður hefur nógu mikla trú á því sem maður er að gera og baráttuvilja þá kemst maður áfram. Ég er stundum eins og trúboði, ég veit að það að rækta geitastofninn og halda honum við skiptir máli. Litafjölbreytileiki íslenska geitastofnsins er einstakur í heiminum og það er einnig heilbrigðið og hreinleiki afurðanna. Söfnunin og samhugur fólks með mér og geitunum er hins vegar það sem skilaði okkur í mark. Svo eru ýmis önnur ævintýri sem við geiturnar lentum í. Svo sem óvænt frægð þeirra í Game of Thrones. Hingað er enn að koma fólk sem er alveg veinandi yfir því að fá að klappa geitunum sem léku í þáttunum. Og fyrsta sumarið kom fólk langan veg til þess að fá mynd af sér með hafrinum sem drekinn tók,“ segir Jóhanna.

Þó að hugarfar landsmanna hafi að einhverju leyti breyst eftir hrun segir Jóhanna enn vanta skilning á mikilvægi íslensks landbúnaðar. „Um tíma varð algjör bylting í viðhorfi fólks. Fólk fór að skilja hversu mikilvæg íslensk framleiðsla á matvöru er. Eyjafjallagosið hjálpaði enn frekar til að ýta undir skilning. Enn finnst mér þó vanta dýpri skilning. Hér er flutt inn hráefni, tökum til dæmis rabarbara sem vex eins og gorkúlur um allt land. Hann er flutt ur sérstaklega inn til þess að búa til sultur, þetta er ofboðslega skrýtið,“ segir Jóhanna. „Fólk hugsar enn ekki nægilega mikið um það hvaðan það fær matinn sinn og hvernig hann verður til.“



**Íris Ösp segist fegin því að fjölskyldan hafi sleppt tökunum og flutt til Grænlands. Hún tengdist náttúrunni þar sterkum böndum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Settu í fyrsta gír á Grænlandi

Þegar hrunið skall á var ég fimmtán ára, að verða sextán. Ég stundaði nám í tíunda bekk í Hlíðaskóla. Reyndar varð rask á skólagöngunni þennan vetur og ég kláraði í grunnskólanum á Ísafirði,“ segir Íris Ösp Heiðrúnardóttir um októbermánuð árið 2008.

Hún segist hafa farið á nokkur mótmæli en fundist hún utangarðs. „Ég stóð svolítið fyrir utan þau, fannst þau spennandi en vissi varla hverju ég átti að mótmæla. Fannst ég ekki eiga beint tilkall til þess, ég var dæmigerður týndur unglingur býst ég við,“ segir Íris.

Þegar hrunið skall á var stjúpfaðir hennar í byggingarvinnu. Í þeim geira missti fjöldi fólks atvinnu sína. „Hann missti vinnuna og sótti um störf víða, eiginlega alls staðar þar sem honum datt í hug að störf væru í boði. Meðal annars á Grænlandi. Hann kom heim einn daginn og sagði: Heyrið mig, við þurfum að flytja til Grænlands,“ segir Íris og segir fjölskylduna hafa gapað af undrun.

Hún segist ekki hafa tekið fréttunum sérlega vel. „Ég sá það ekki þá, en ég sé það núna að þetta var besta ákvörðun sem fjölskyldan gat tekið. Þetta áttu eftir að verða góð ár. Ég var bara unglingur með fordóma og sá fyrir mér glatað líf innan um gamla, tannlausa og hjólbeinótta karla,“ segir Íris og hlær.

„Grænland gerði mig að betri manneskju. Við fluttum fyrst til eins syðsta bæjar á Grænlandi, Nanortalik. Við vorum þar í um tvö ár. Á átján ára afmælisdaginn minn fluttum við svo til Qaqortoq og þar bjuggum við í önnur tvö ár. Hér heima var allt í volli en við skiptum í fyrsta gír. Mamma fór að hugsa um garðinn sinn, hún hefur mikinn áhuga á blómum og garðyrkju. Ég á lítinn bróður, hann var eins árs þegar við fluttum og það var gott fyrir hann að búa þarna,“ segir Íris.

„Ég fylgdist lítið með fréttum frá Íslandi. Internetið var af skornum skammti þar sem við bjuggum. Grænlenskt samfélag er svo allt öðru vísi en íslenskt. Þar er annar taktur. Ef það er ekki til mjólk í búðinni. Þá kemur þú bara aftur næsta dag. Eða þar næsta. Við löbbuðum líka út um allt, sama hversu langt við þurftum að fara á milli staða. Við fjölskyldan urðum eiginlega frjáls. Við erum öll fegin því að hafa farið. Við slepptum takinu, fórum að horfa betur í kringum okkur. Ég væri ekki sama manneskjan, ég tengdist náttúrunni sterkt og opnaði huga minn og hjarta fyrir menningu annarra,“ segir Íris.




**„Helvítis fokking fokk“ var einn af einkennisfrösum hrunsins. Frasi sem tjáðu margskonar flóknar tilfinningar Íslendinga á þessum tíma.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Gerðubergsfundir Eflingar
# alla laugardaga í október
## frá klukkan 14:30 til 16:00

6. október

### Is your boss stealing from you?

**Ingólfur Jónsson** Efling's staff member, will give a short presentation on the current situation in the hospitality sector. After this employees from restaurant and hotels will share their experience.

**Er verið að svindla á þér?**
Á fundinum munu starfsmenn á gisti- og veitingahúsum og kjarafulltrúar Eflingar deila reynslu sinni og taka við spurningum úr sal.

13. október

### Stéttaskipting í grunnskólum

**Berglind Rós Magnúsdóttir** dósent við Menntavísindasvið HÍ ræðir ójöfnuð og misskiptingu í menntakerfinu. Vitað er að víða erlendis hefur efnahagsleg misskipting og frekari innleiðing á markaðs- og einkavæðingu í skólakerfinu ýtt enn frekar undir félagslega og menningarlega aðgreiningu í menntakerfum, en hvernig er staðan á Íslandi?

20. október

### Afkoma lágtekjufólks á Íslandi

Sameiginlegur fundur með Öryrkjabandalagi Íslands um skatta- og skerðingarmál. Erindi frá **Stefáni Ólafssyni** og pallborð með **Sólveigu Önnu Jónsdóttur** formanni Eflingar, **Þuríði Hörpu Sigurðardóttur** formanni ÖBÍ og **Bergþóri H. Þórðarsyni** öryrkja og dyraverði.

27. október

### Brotastarfsemi á íslenskum vinnumarkaði

Viljum við byggja „hagvöxt og velsæld" íslensks samfélags til framtíðar á grunni nútíma þrælahalds?
**María Lóa Friðjónsdóttir** sérfræðingur hjá ASÍ ræðir um kjarasamningabrot.

Efling invites to open meetings held in Gerðuberg at 14:30, every Saturday until mid-December. The meetings will be streamed live and recorded, to enable people who cannot attend the meeting to watch from home.
A live, on-screen English translation of the meeting's content will be provided.
**More information in English about each meeting is on www.efling.is**

Ókeypis barnagæsla verður í boði á bókasafninu í Gerðubergi. Nauðsynlegt er að skrá börnin fyrirfram í gæsluna á www.efling.is
Nánari upplýsingar um hvern fund og dagskrá fram í desember verða gerðar aðgengilegar á vef Eflingar www.efling.is eins fljótt og auðið er.

**Félagsmenn eru hvattir til að skrá sig á fundinn á www.efling.is**

EFLING STÉTTARFÉLAG

Efling-stéttarfélag, Sætúni / Guðrúnartúni 1 • 105 Reykjavík • Sími: 510 7500 • www.efling.is




**Óhætt er að segja að mikil reiði og óvissa hafi ríkt með almennings þessa örlagaríku daga. Reiði margra beindust að stjórnvöldum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Missti föður sinn og bróður



**Alex Ford er að ná sér á strik eftir áföll og erfiða lífsreynslu í hruninu. Hún fær aðstoð sálfræðings og er hjá Umboðsmanni skuldara.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Alex Ford er fædd árið 1993. Hún er tuttugu og fimm ára gömul námskona og listamaður. Hún segist muna afar lítið eftir upphafi hrunsins og mótmælunum sem urðu í kjölfarið. Eftirleikurinn næstu ár er í brennidepli. „Afleiðingar hrunsins urðu miklar á líf fjölskyldu minnar og við misstum allt,“ segir Alex.

Alex bjó með foreldrum sínum og systkinum í rúmgóðri íbúð á Laugavegi. „Foreldrar mínir keyptu íbúðina árið 2005. Hún kostaði þá 21 milljón króna. Svo kom hrunið og það fór allt í klessu og lánin hækkuðu alveg svakalega,“ segir Alex frá og segir fjölskylduna hafa reynt af fremsta megni í fyrstu að halda í við afborganirnar. „Þau gátu það bara ekki. Við fluttum í Garðabæinn í litla stúdíóíbúð sem amma mín átti. Þar fengum við að borga lágmarksleigu. Við bjuggum þar, öll fjölskyldan, og leigðum íbúðina á Laugavegi til námsmanna. Þannig gekk þetta í smá tíma,“ segir Alex.

Faðir hennar veiktist og lést árið 2010. Alex segir líklegt að álag í kjölfar atvinnumissis og skuldaklafa hafi haft vond áhrif á heilsu hans. „Pabbi var hjartveikur og það var mikið álag á honum. Það var líka mikið álag á spítalanum þegar hann veiktist og þurfti að leita þangað. Hann var bara 57 ára þegar hann dó,“ segir hún frá. Alex missti bróður sinn einnig úr álagstengdum veikindum. „Hann dó úr blæðandi magasári og fékk einnig ekki þá umönnun sem hann þurfti á að halda,“ segir hún.

Alex hefur reynt að takast á við vanlíðan af völdum álags og áfalla með aðstoð sálfræðings. „Ég er greind með áfallastreituröskun. Ég ákvað í samráði við sálfræðinginn minn að vera ekki að róta í áföllunum heldur einbeita mér að framtíðinni. Ég er hins vegar ekki að gera þetta á hnefanum og er miklu frekar meðvitað að einbeita mér að því að komast af,“ segir hún.

Hún segist líklega ekki muna eins og aðrir landsmenn eftir hruninu. „Áföllin yfirskyggja það allt saman. Skuldabagginn var svo þungur og við stóðum ekki undir honum. Það var ekki nægilega vel haldið utan um venjulegar fjölskyldur. Vinnuálagið og skuldirnar voru of háar,“ segir Alex.

„Svo misstum við íbúðina og þá sundraðist fjölskyldan enn frekar,“ segir Alex frá. „Mamma flutti á Vatnsleysuströnd því að hún hafði ekki efni á því að leigja íbúð í borginni. Nú býr hún á Akureyri, amma hjálpaði henni að kaupa íbúð þar. Ég fór á leigumarkaðinn, nítján ára gömul,“ segir hún og segist hafa komist af síðustu ár með því að safna skammtímaskuldum.

„Ég komst af með því að lifa á yfirdrætti. Þegar bankinn hringdi og bauð mér kreditkort þá sagði ég bara já því ég var staurblönk og þurfti peninga til að lifa af. Ég er núna hjá Umboðsmanni skuldara og að læra að umgangast peninga upp á nýtt. Ég mun komast í gegnum fjárhagsvandann. En ég mun líklega aldrei geta keypt mér íbúð,“ segir Alex.



**Mæðginin Guðrún og Sigurjón Geir Eiðsson.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Héldum bara áfram að prjóna og taka slátur

Mæðginin Sigurjón Geir Eiðsson og Guðrún Sigurjónsdóttir hitta blaðamann í Varmalandsskóla í Borgarfirði. Sigurjón Geir stundar þar nám en fjölskyldan býr á Glitstöðum sem eru skammt frá í firðinum rétt við Grábrók.

Fyrir tíu árum voru foreldrar hans á heimleið af fæðingardeildinni með hann. Þau kveiktu á útvarpinu og hlustuðu á Geir Haarde biðja guð um að blessa Ísland á ferð undir Hafnarfjalli.

„Við áttum hann 2. október. Ég fékk að liggja á fæðingardeildinni í fjóra daga og þá var að hefjast fréttaumfjöllun sem tengdist hruninu. Ég hef aldrei haft eins gott næði til að horfa á fréttir. Ég var ein á stofu og það var eiginlega svolítið ógnvænlegt. En svo vorum við að keyra heim 6. október og vorum stödd undir Hafnarfjalli þegar Geir flutti þetta lamandi ávarp sitt sem allir muna eftir hvar þeir voru þegar það var flutt,“ segir Guðrún. „Maður var að koma með nýjan einstakling inn í þessar aðstæður,“ segir Guðrún og segir að þau hjón hafi að sjálfsögðu fundið til meiri ábyrgðar en vanalega. „En við vissum reyndar að það þyrfti mikið til að líf okkar myndi raskast mikið, en auðvitað hafði þetta áhrif. En svona kreppa kemur misjafnlega mikið niður á fólki, hún kom ekki eins við sveitirnar eins og aðra. Þenslan var ekki jafn mikil hjá okkur. Þetta brjálæði sem var búið að vera skilaði sér ekki endilega í launaumslögin hjá okkur. Við héldum bara áfram að prjóna og taka slátur, tala saman. Okkur varð ekki haggað. Við gerðum allt eins og áður og gerum enn,“ segir Guðrún.

„Mér fannst við vera á réttri leið í samfélaginu eftir hrun. En því miður þá finnst mér bullið aftur orðið ískyggilega mikið. Nú er aftur mikil neysla þó að það sé ekki mikil skuldasöfnun eins og var áður. En neyslan og þenslan, hún er ekki hér í sveitinni. Það sem maður óttast mest eru afleiðingar þess að boginn verði aftur of hátt spenntur. Sumir fara alltaf fram úr sér og svo þarf alltaf að borga brúsann og það deilist á okkur öll,“ segir hún.

Sigurjón segist vita í grófum dráttum um hvað hrunið snerist. „Fyrst og fremst fóru bankarnir á hausinn. En síðan veit ég ekkert meira um það,“ segir hann. Um peninga og góðæri segir hann: „Það er misjafnt hvort það er gott að eiga mikið af þeim eða lítið. Það fer eftir ýmsu,“ segir hann. Hann er ekki harðákveðinn í því hvað hann ætlar að verða þegar hann er orðinn stór. Guðrún móðir hans segir að fyrir stuttu hafi hann ætlað sér að verða fuglafræðingur. Á hann sér þá uppáhaldsfugl? „Já, það er glókollur,“ segir hann.

## Logi Pedro

Ég fór beint úr skólanum, var busi í MH, niður á Austurvöll og fylgdist með. Ótrúlegt að sjá hvað þessi mótmæli hreyfðu við fólki og það voru allir svo svekktir og reiðir. Örsmár hópur var mættur til að berja á holdgervingum valdsins, lögreglunni, en meirihlutinn mætti af því að þeim blöskraði taktleysi stjórnvalda og ábyrgðarleysi. Mér fannst mótmælin rosaleg, og vel heppnuð og mikilvæg. En ég hefði samt ekki viljað þurfa að standa vörð um Alþingishúsið og ég get ímyndað mér að það blundi enn gremja í lögreglumönnum yfir þessu öllu saman. But that's the job.





**Geir H. Haarde forsætisráðherra eftir fund í ráðherrabústaðnum þar sem mögulegt lán hjá AGS var rætt helgina 19. október 2008.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Frekari upprifjun á hruninu í máli og myndum.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**


GOTT VERÐ Í ICELAND
NAMMILAND
50%
AFSLÁTTUR FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS
ÍSPINNAR 6 STK
2 TEG
299
KR/PK
CHICAGO TOWN PIZZA 2PK
OG 1 L COKE Í PLASTI
499 KR
FJALLALAMB
LAMBALÆRI FROSIÐ
999
KR/KG
KRISTALL Í DÓS
330 ML
79
KR/STK
D-VÍTAMÍN
LÉTTMJÓLK, 1L
149
KR/STK
BEN & JERRY'S
6 TEG
599
KR/STK
MYLLU
HEIMILISBRAUÐ, 700 G
349
KR/STK
10 SS VÍNARPYLSUR,
10 MYLLU PYLSUBRAUÐ
OG 2L PEPSI
1.399 KR
PEPSI, PEPSI MAX
OG APPELSÍN Í DÓS
500 ML
99
KR/STK
SÓMA SAMLOKA OG
HÁLFUR LÍTER AF GOSI Í
PLASTI, FRÁ ÖLGERÐINNI
499 KR
KJÖRFUGL
BRINGUR
1.599
KR/KG
KÓKÓMJÓLK
6*250 ML
669
KR/PK
SÓMA LANGLOKA OG
HÁLFUR LÍTER AF GOSI Í
PLASTI, FRÁ ÖLGERÐINNI
599 KR
OPIÐ
24
TÍMA
netgíró
Iceland
ENGIHJALLI – VESTURBERG – ARNARBAKKI – GLÆSIBÆR – STAÐARBERG – HAFNARGATA – KAUPANGUR



**Geir H. Haarde fundaði með blaðamönnum þann 6. október 2006, daginn sem neyðar-lögin voru sett. Sama dag flutti hann ávarp til þjóðarinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK



**Mikil mótmæli voru fyrir framan Stjórnarráðið þann 22. janúar 2009.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Hér hreinsar sjúkraflutningamaður augu ungs mótmælanda eftir að reynt var að stöðva útsendingu Kryddsíldar á Hótel Borg.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Fjölmennur hópur lögreglumanna stóð vaktina.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Aðsúgur var gerður að bifreið Geirs H. Haarde við Stjórnarráðið þann 21. janúar 2009.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Mótmælendur veifa blysum yfir opnum eldi við Þjóðmenn-ingarhúsið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK



„Fyrir mér var gríðarleg opinberun að skilja að það er aldrei of seint að eignast hamingjuríka æsku. Það fallega í þessu öllu er að uppgötva að það er til lausn.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ógæfan varð styrkur minn

**Bubbi Morthens** gerir upp kynferðislega misnotkun í ljóðabók. Hann segir það stórkostlega reynslu að vera loks frjáls frá því sem hélt honum í fjötrum svo lengi. Vinnur að nýrri plötu og síðan taka við tónleikar víðs vegar.




Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is


Í nýrri ljóðabók sinni, Rof, yrkir Bubbi Morthens um kynferðislega misnotkun sem hann varð fyrir sem barn. Í fyrsta ljóði bókarinnar nefnir hann áfallið sem

*læddist inní drauminn*
*eitraði framtíðina*
*hvarf útí myrkrið*

*með æskublómið*

Sú kynferðislega misnotkun sem hann varð fyrir í æsku hefur litað líf Bubba í áratugi, en nú tekst hann á við áfallið í áhrifamikilli ljóðabók. „Þegar upp er staðið held ég að öll skáld yrki um innra líf sitt. Meira að segja Halldór Kiljan þótt hann segðist frábiðja sé slíkt. Þessi ljóð tóku af mér ráðin,“ segir Bubbi. „Ég var að vinna úr æsku minni og áföllum með aðstoð leiðsögumanns og við vorum að fara yfir lífshlaup mitt. Ég átti erfitt með að festa niður ákveðna hluti, þannig að ég punktaði hjá mér það sem ég ætlaði að tala um. Þessir punktar urðu að ljóðum. Svo hugsaði ég með mér: Láttu bara vaða! Þannig að nú eru ljóðin komin í ljóðabók. Án þess að ég sé að setja það í stórkostlegan fókus finnst mér þessi bók eiga erindi til annarra karlmanna. Karlmenn hafa ekki mikið verið að ræða kynferðislegt ofbeldi sem þeir verða fyrir.“

## Var aldrei einn

*Hver var þessi maður sem beitti þig kynferðislegu ofbeldi þegar þú varst barn?*

„Nafn hans skiptir í rauninni ekki máli eða hvaðan hann kom. Hins vegar breytti þetta lífi mínu og það svo sterklega að í rauninni var ég aldrei einn. Eins og segir í ljóðinu Ánauð: Við vorum alltaf tveir.“

*Hatarðu þennan mann?*

„Nei. Ég er hins vegar búinn að skila honum skömminni. Í bókinni er ljóð sem heitir Staðreynd og er upptalning á staðreyndum og endar á: Aðeins eitt prósent viðurkennir verknaðinn.

Ljóðin í bókinni segja þessa sögu á frekar skýran máta. Það skiptir hins vegar gríðarlega miklu máli að til er lausn við áföllum eins og þessum. Það er hægt að vinna sig út úr þeim með hjálp fagaðila. Með því móti brýtur maður hlekki og verður frjáls. Það er aldrei of seint. Lífið er of merkilegt og dásamlegt til þess að maður gefi því ekki öll möguleg tækifæri og leggi sig fram við að finna kjarnann sinn og lifa í heiðarleika gagnvart sjálfum sér.“

## Loksins laus við kenginn

*Þú ert rúmlega sextugur. Ertu í fyrsta skipti frá því þessir hræðilegu atburðir gerðust orðinn frjáls?*

„Já.“

*Finnst þér ekki dapurlegt að það skuli hafa orðið svo seint?*

„Þetta er súrrealískt, að vera frjáls gagnvart einhverju sem hefur haldið þér í fjötrum svo lengi en um leið stórkostleg reynsla. Ameríkaninn segir: It is never too late to have a happy childhood. Fyrir mér var gríðarleg opinberun að skilja að það er aldrei of seint að eignast hamingjuríka æsku.

Ég er ekki að segja að líf mitt hafi að öllu leyti verið hörmung. Hins vegar má segja að ég og einhvers konar ógæfa höfum bundist í bandalag. Þessi ógæfa varð um leið styrkur minn vegna þess að ég lifði hana af, en um leið skerti hún lífsgæði mín verulega. Þar af leiðandi er ég afskaplega þakklátur fyrir að vera loksins laus við kenginn sem hefur plagað mig nánast frá því ég var lítill strákur.

Lykillinn að velsæld vitundarinnar er sjálfskærleikur, og eins og segir í bókinni:

*það er aldrei of seint*
*að byrja að elska sjálfan sig*

## Ekki mikið mál að deyja

Í ágústmánuði síðastliðnum varð Bubbi að hætta við tónleika á Menningarnótt eftir að hafa verið lagður inn á spítala. Það tók hann nokkurn tíma að jafna sig. „Það rofnaði slagæð í kokinu á mér og hefði hún rofnað ofar þá hefði ég dáið á staðnum,“ segir Bubbi. Spurður hvort hann hafi óttast að deyja segir hann: „Ég varð skelkaður en óttaðist ekki að deyja. Ég var aðallega að pirra mig á því hvað þetta var subbulegt. Það er óþægilegt að blæða í fjóra sólarhringa og enginn vissi hvað væri í gangi. Ég þurfti að fara í mjög magnaða aðgerð þar sem var farið með myndavél í gegnum nárann.“

*Það hefði getað farið illa, þú hlýtur að vera glaður yfir að vera á lífi?*

„Lífsþorstinn er forritaður í okkur, hver einasta fruma er forrituð með þau skilaboð að lifa. Vitundin og vitundarlíf er nokkuð sem ekki er hægt að setja fingur á og er ekki sjáanlegt. Ég held að hver einasta lifandi vera með sjálfsvitund hafi sínar óskir og þrár um það hvernig hún vill deyja og sé búin að teikna það upp.“

*Hvernig teiknar þú þinn dauða upp?*

„Ég á mér þá ósk að deyja á árbakkanum, eða í fangi konu minnar í miðri athöfn eða deyja í svefni. Annars skipta mínar óskir engu máli í þessu sambandi. Ég held að tími okkar á þessari jörð sé ákveðinn og dauðinn mætir sama hvað við erum að gera, dagurinn er ákveðinn, mínútan er ákveðin.

Það hlýtur að vera óskaplega erfitt djobb að vera dauðinn, það hlýtur að taka á. Stundum finn ég til samúðar með honum. Ég er kominn á þá skoðun að lífið og dauðinn séu par sem eigi í eldheitu ástarsambandi. Þar sem ég hef áttað mig á þessu þá er það að deyja ekki mikið mál, þannig séð. Svo að þegar dauðinn kemur, þá bara kemur hann. Það er hins vegar ágætt að vera búinn að hugleiða dauðann og undirbúa ➡

„MIÐAÐ VIÐ LÍFERNIÐ OG ÞAÐ MAGN FÍKNIEFNA SEM ÉG NEYTTI ÞÁ ER ÉG VIÐ GÓÐA ANDLEGA OG LÍKAMLEGA HEILSU OG ER ÓSKAPLEGA ÞAKKLÁTUR FYRIR ÞAÐ.“

„ÉG ER EKKI AÐ SEGJA AÐ LÍF MITT HAFI AÐ ÖLLU LEYTI VERIÐ HÖRMUNG. HINS VEGAR MÁ SEGJA AÐ ÉG OG EINHVERS KONAR ÓGÆFA HÖFUM BUNDIST Í BANDALAG.“

# ego dekor

## MIKIÐ ÚRVAL AF HÚSGÖGNUM OG SMÁVÖRU



SEAL TUNGUSÓFI
Stærð: 278X173cm
Verð: 229.000,-



CAMILO TUNGUSÓFI
Stærð: 297x172cm
Verð: 269.900,-



VEGGBORÐ METAL
Stærð: 100x36x H: 85cm
Verð: 35.000,-



STÆKKANLEGT BORÐ - HNOTA
Stærð: 160(248)X100cm - Verð: 199.000,-
Stærð: 200(288)X110cm - Verð: 219.000,-

SÓFABORÐ MIRROR
Stærð: 63x63x H: 45cm
Verð: 29.900,-



VEGGHILLA METAL
Stærð: 80x15x H: 80cm
Verð: 28.000,





DELTA STÓLL
Verð: 19.900,-



KENDALL HÆGINDASTÓLL
Verð: 58.000,-



CIRO STÓLL
Verð: 24.500,-



LOGAN STÓLL
~~Verð: 19.500,-~~
TILBOÐSVERÐ: 15.600,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau: 10.00 - 16.00
Sun: Lokað.

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is
S. 544 4420

Framúrskarandi fyrirtæki



Bubbi, Hrafnhildur, Ísabella Ósk 13 ára, Dögun París 9 ára og Aþena Lind 6 ára. Bubbi segist leggja mikið upp úr því að börnin lesi bækur sér til gagns og ánægju. MYND/HARALDUR GUÐJÓNSSON THORS

ÞAÐ ER EITT SEM ÉG LEGG MIKIÐ UPP ÚR Í SAMBANDI VIÐ BÖRNIN OG ÞAÐ ER BÓKLESTUR, SEM MÉR FINNST SKIPTA MIKLU MÁLI.



„Hins vegar breytti þetta lífi mínu og það svo sterklega að í rauninni var ég aldrei einn.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

sig undir hann þannig að maður lifi ekki endalaust hugaróra Einars Ben sem var svo ægilega hræddur við dauðann að það litaði alla tilveru hans. Það er ekki skemmtilegt.“

Bubbi hefur ekki farið leynt með drykkju og dópneyslu sína í fortíðinni, sem hann segir hafa staðið í átján ár. Hann er spurður hvort hann haldi að þetta líferni hafi haft varanleg áhrif á líkamlega og andlega heilsu. „Klárlega. Kannabis var mitt efni og ég held að ég muni aldrei jafna mig fullkomlega á þeirri neyslu. Kannabis er lúmskt og skilur eftir sig sviðna vitund hjá alltof mörgum. Auðvitað eru til manneskjur sem geta notað það og sloppið sæmilega frá því en því miður eru fleiri sem geta það ekki. Þetta er lúmskasta dópið. Hins vegar er ég svo ótrúlega heppinn að það eru góð gen í mér, eins og Kári myndi segja. Miðað við líferni ið og það magn fíkniefna sem ég neytti er ég við góða andlega og líkamlega heilsu og er óskaplega þakklátur fyrir það.“

## Samúð með svíninu

Blaðamaður hefur reynslu af því að Bubbi hafi frestað viðtölum vegna þess að hann vildi sinna dætrum sínum þegar starfsdagar voru í skólanum. Er hann afar umhyggjusamur pabbi? „Ég veit það ekki en ég á nógan tíma ef svo ber undir,“ segir hann. „Ef það er frí í skólanum og konan er að vinna þá er ég bara heima með krakkana og spilli þeim. Þau eru með iPad og Netflix og fá að sinna hugðarefnum sínum án þess að ég sé að trufla þau.

Það er eitt sem ég legg mikið upp úr í sambandi við börnin og það er bóklestur, sem mér finnst skipta miklu máli. Miðdóttirin, Dögun París, er svo góður upplesari að ég er farinn að láta hana lesa upp fyrir mig. Hún les með tilþrifum og ástríðu. Undanfarið hefur hún verið að lesa fyrir mig Vefinn hennar Karlottu. Þar er lýst ægilegri angist sem grípur svínið þegar rolluskjátan skellir því á það að örlög þess séu að enda sem jólasteik. Ég hef svo mikla samúð með svíninu að ég hugsa í öngum mínum: Get ég virkilega haldið áfram að borða svínakjöt?

Dögun París les miklu meira en skólinn ætlast til og við fjölskyldan skemmtum okkur alveg konunglega yfir upplestri hennar á framhaldssögunni um svínið og Karlottu. Ísabella Ósk, eldri dóttir mín, er gríðarlegur lestrarhestur og las bókina Bókaþjófinn þegar hún var ellefu ára og les enn í dag mikið.

Af eigin reynslu veit ég hversu miklu máli það skiptir að börn lesi. Ég var alinn upp við bóklestur og las eins og enginn væri morgundagurinn. Ég held að ég hefði aldrei orðið það sem ég er nema vegna þess hversu mikið ég las af bókum og ljóðum. Síðustu tuttugu árin eða svo hef ég aðallega lesið ljóð. Ég á gríðarlega stórt safn ljóðabóka þannig að ég les bæði gömul og nýrri ljóð. Næstu vikur og mánuðir munu mikið fara í að lesa þær ljóðabækur sem koma út fyrir þessi jól.

Ég held að gullöld ljóðsins númer tvö sé í uppsiglingu. Unga kynslóðin kaupir ljóðabækur og les ljóð vegna þess að formið höfðar til þeirra. Formið á samfélagsmiðlunum kallast á við ljóðformið vegna þess að það er líka mjög knappt. Ég held að þetta sé ástæðan fyrir því hvað ljóðið er að koma sterkt inn.“

## Merkingarríkur dagur

Auk þess að senda frá sér ljóðabók er Bubbi að vinna að plötu. „Eftir útkomu hennar tekur við tónleikaröð. En núna er ég að fara að spila í kirkjum. Þar er gott að koma fram. Fólk kann sig í kirkjum, er til dæmis ekki með símann uppi þar og það skiptir máli. Kirkjur eru passlega stórar, þar myndast nánd og hljómburðurinn er oftast mjög góður.

Ég er að fara að spila mikið af nýju efni í bland við gamalt og svo endar þetta auðvitað á Þorláksmessutónleikum í Hörpu og tónleikum á aðfangadag á Litla-Hrauni.“

Bubbi hefur lengi haft það fyrir sið að spila fyrir fanga á Litla-Hrauni á aðfangadag. Dagurinn er fyrir vikið mjög eftirminnilegur dagur í lífi hans. „Aðfangadagur er svefnlaus dagur hjá mér. Á Þorláksmessu er ég búinn að spila í Hörpu milli tólf og eitt, fer að sofa þrjú, fjögur, vakna klukkan tíu á aðfangadag og legg af stað á Litla-Hraun að spila.

Aðfangadagur er sérstakur og merkingarríkur dagur af því ég fer á Litla-Hraun að spila. Hinn klassíski boðskapur jólanna kristallast í huga mínum í því þegar ég geng út af Litla-Hrauni, auðmjúkur og þakklátur maður fyrir líf mitt.“

Rauði krossinn

# Hjálpin

LAUGARDAGUR 6. OKTÓBER 2018

Fréttablað Rauða krossins



Ragna og Halima hittast öll þriðjudagskvöld og tala saman íslensku.

Síða → 2

Ásgeir og Þrúður eru leiðsögumenn flóttafólks á vegum Rauða krossins.

Síða →3



Sólrún María hefur áralanga reynslu í kynja- og jafnréttismálum á alþjóðavettvangi.

Síða →4



Heimsóknavinir Rauða krossins heimsækja fólk á heimili þess, stofnanir, sambýli eða dvalarheimili.

Síða →6



**Þú finnur gersemar í Rauðakrossbúðunum**

og styður í leiðinni við hjálpar- og mannúðarstörf

14 búðir víðsvegar um landið

RAUÐI KROSSINN ICELANDIC RED CROSS

# Ágætu lesendur

Rauði krossinn á Íslandi er fjöldahreyfing. Félagar eru yfir 20.000 og sjálfboðaliðar skipta þúsundum. Þar að auki nýtur félagið virks og mikilvægs fjárhagslegs stuðnings fólks sem við nefnum Mannvini. Rauði krossinn á einnig í miklum og árangursríkum samskiptum og samvinnu við stjórnvöld og sveitarfélög. Íslendingar þekkja Rauða krossinn og stuðningur almennings við félagið er mikill. Við sem vinnum sem sjálfboðaliðar hjá félaginu þökkum landsmönnum fyrir samstarfið og munum leggja okkur fram um að það verði gjöfult á komandi tímum.

Verkefni Rauða krossins eru margvísleg. Félagið er hluti af stærstu mannúðarhreyfingu heims og því er í mörg horn að líta, því víða ríkir neyð og hörmungar. Meginkraftur félagsins fer þó í að sinna fjölþættum málefnum í okkar eigin landi, þar er að mörgu að hyggja því margir standa höllum fæti. Deildir félagsins um allt land sinna sínu nærsamfélagi af dugnaði og í þessu blaði má sjá umfjöllun um mörg viðfangsefni þeirra. Þá eru æpandi úrlausnarefni í fjarlægum löndum, allir sem fylgjast með fréttum vita að víða ríkir ófriður sem er þess valdandi að fólk í milljónatali rekst á vergang, ýmist í sínu eigin landi eða hrekst land úr landi til að finna frið og skjól. Enginn þekkir nema sá sem í því lendir hversu sárt það er að yfirgefa allt sitt og leggja af stað út í fullkomna óvissu með börnin sín oft ung og smá.

Við lifum í viðsjálum heimi. Ófriður, náttúruhamfarir og loftslagsbreytingar geta orðið miklir áhrifavaldar í lífi einstaklinga og þjóða. Þó margt bendi til þess að afleiðingar þessa alls geti á komandi árum orðið miklar og viðvarandi skulum við ekki gleyma því að aldrei hefur mannkynið verið betur í stakk búið til að takast á við slík viðfangsefni. Mannkynið hefur í heild aldrei verið ríkara, betur menntað og heilbrigðara en nú. Mikilvægustu verkefni framtíðarinnar verða því þau að koma í veg fyrir stríðsátök, tryggja sem best viðbrögð við náttúruvá, bæta umgengni við náttúruna og skipta auði jarðar jafnar milli barna en við höfum hingað til gert. Hin alþjóðlega mannúðarhreyfing Rauða krossins á þar miklu hlutverki að gegna og Rauði krossinn á Íslandi er þar virkur þátttakandi.

Með kærri kveðju,
Sveinn Kristinsson
formaður



Sveinn Kristinsson, formaður Rauða kross Íslands.

Vilt þú gerast sjálfboðaliði?

Skráðu þig á raudikrossinn.is

RAUÐI KROSSINN ICELANDIC RED CROSS



Ragna og Halima hafa hist á hverjum þriðjudegi í hátt í tvö ár og stefna á að gera það áfram. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

# Ræða allt milli himins og jarðar

**Sjálfboðaliðar Rauða krossins í Eyjafirði aðstoða fólk af erlendum uppruna við að efla íslenskukunnáttu sína. Þær Ragna Þórisdóttir og Halima Darwish Alhamo hittast öll þriðjudagskvöld og tala um daginn og veginn.**

Ég var að fletta í gegnum gamla Dagskrá, sem ég geri annars aldrei, þegar ég rakst á auglýsingu þar sem óskað var eftir sjálfboðaliðum til að kenna sýrlenskum flóttamönnum á Akureyri íslensku. Mér fannst þetta strax rosalega áhugavert enda taldi ég að þetta gæti verið mjög þroskandi upplifun. Mér fannst spennandi að fá að kynnast fólki með allt aðra menningu, heyra sögu þess og geta aðstoðað það með einhverjum hætti,“ segir Ragna um af hverju hún ákvað að gerast sjálfboðaliði. Hún starfar sem aðstoðarverslunarstjóri í Húsgagnahöllinni. „Ég hafði aldrei komið nálægt íslenskukennslu áður og tók það fram þegar ég sótti um. Þá var mér bent á að íslenskuþjálfunin væri aðeins hluti af verkefninu og það skipti líka máli að rjúfa félagslega einangrun.“

Ragna fékk það verkefni að hjálpa Halimu, sýrlenskri flóttakonu sem hafði komið til Íslands árið 2016 með fjölskyldu sinni.

„Ég byrjaði að læra íslensku með hinum Sýrlendingunum við komuna til landsins. Þetta var stutt námskeið og ég fékk lítið út úr tímunum af því ég kunni hvorki að lesa arabísku né ensku. En ég hélt áfram að reyna með hjálp kennara eins og Önnu og Sóleyjar,“ segir Halima sem finnst afar mikilvægt að læra íslensku. „Ég þarf að geta talað við nýju vini mína og geta hjálpað börnunum í skólanum. Þá er Ísland mitt nýja land og íslenska mitt nýja tungumál. Ég er svo glöð þegar ég sé börnin mín tala íslensku við bekkjarfélaga sína og ég er svo stolt af þeim. Þau eru ekki búin að læra málið alveg og eiga enn í vandræðum en reyna sitt besta.“

> **„Ég þarf að geta talað við nýju vini mína og geta hjálpað börnunum í skólanum. Þá er Ísland mitt nýja land og íslenska mitt nýja tungumál. Ég er svo glöð þegar ég sé börnin mín tala íslensku við bekkjarfélaga sína.**

Halima segir sjálfboðaliðaframtak Rauða krossins hafa hjálpað sér mikið. „Ingibjörg hjá Rauða krossinum sagði mér frá tveimur sjálfboðaliðum, þeim Grétu og Rögnu, sem væru til í að hjálpa mér að þjálfa mig í íslenskunni. Gréta hjálpaði mér í smá tíma en þurfti að hætta en Ragna hefur kennt mér núna í bráðum tvö ár. Hún kemur heim til mín alla þriðjudaga eftir vinnu og saman höfum við náð miklum árangri.“

Þær Ragna og Halima hittust fyrst í janúar 2017. „Við hittumst alltaf á þriðjudögum, oftast heima hjá Halimu, og því hef ég kynnst allri fjölskyldunni líka, en hún á eiginmann, sex börn og tengdamóður. Stundum förum við reyndar út, á kaffihús eða í göngutúr. Við spjöllum um daginn og veginn. Hún segir mér oft frá fjölskyldu sinni, systkinum og foreldrum, sýnir mér myndir og við tölum um þær. Hún segir mér líka frá sýrlenskum mat. Stundum sýni ég henni myndir, og svo tölum við bara um það sem við höfum verið að gera vikuna á undan,“ lýsir Ragna. Hún reynir líka að vera Halimu og fjölskyldu til aðstoðar við ýmislegt sem kemur upp á. „Ég reyni að útskýra fyrir þeim pósta sem þau fá til dæmis frá skólanum og bendi þeim á hvar þau geti leitað sér aðstoðar.“

Ragna segir Halimu afar áhugasama um að læra íslensku og komast inn í samfélagið. „Hún er afskaplega dugleg kona og mér fór fljótt að þykja vænt um hana.“

„Það er frábært að geta fengið hjálp frá Rauða krossinum og fólkinu í samfélaginu eins og Rögnu. Þá eru börnin á leikskólanum þar sem ég vinn líka frábærir kennarar, þau hjálpa mér að þjálfa mig í íslenskunni og því þarf ég að þakka þeim,“ segir Halima glaðlega.

Ragna getur tekið undir að Halimu hafi fleygt fram í íslenskunni eftir að hún fór að vinna á leikskólanum. „Við hittumst ekki í nokkrar vikur í sumar. Þegar við hittumst aftur fann ég hvað henni hafði farið mikið fram.“

Ragna segir að þótt verkefnið miði að því að hún aðstoði og hjálpi Halimu þá hafi það gefið henni sjálfri mikið. „Ég er svo ánægð með að ég skyldi álpast til að skoða þessa gömlu Dagskrá á sínum tíma. Ég hef fengið heilmikið til baka og sé fram á að halda áfram að hitta Halimu á meðan hún nennir að hitta mig. Svo skora ég bara á fleiri að gerast sjálfboðaliðar hjá Rauða krossinum.“

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Rauði krossinn | Veffang: frettabladid.is

# Leiðsögumenn flóttafólks eru lykill inn í samfélagið

Ásgeir Jóel Jacobson og Þrúður Arna Briem skráðu sig sem leiðsögumenn flóttafólks á vegum Rauða krossins. Í kjölfarið kynntust þau Danila Krapivenko frá Rússlandi, sem átti sér þann draum að búa til vegan-sápur. Með samvinnu þeirra þriggja varð draumurinn að veruleika.

Leiðsögumenn flóttafólks er verkefni á vegum Rauða krossins þar sem einstaklingar og fjölskyldur eru paraðar saman við fólk sem hefur fengið stöðu flóttafólks hér á landi. Leiðsögumenn aðstoða fólk á ýmsa lund og veita vináttu og hjálparhönd í eitt ár. Markmiðið er að stuðla að gagnkvæmri aðlögun að íslensku samfélagi og oft myndast falleg vinátta milli fólks.

„Okkur langaði að sinna mannúðarmálum í nærumhverfinu,“ segir Ásgeir Jóel Jacobson um tildrög þess að þau Þrúður Arna Briem kynntust Danila Krapvenko en hann kom sem flóttamaður hingað til lands fyrir tveimur og hálfu ári.

„Það var afar hjálplegt fyrir mig að komast í kynni við Ásgeir og Þrúði og þau voru fús til að svara mörgum spurningum sem mig vantaði svör við. Það er mikilvægt fyrir flóttamenn að kynnast Íslendingum og íslensku samfélagi,“ segir Danila.

„Málefni flóttamanna hafa lengi verið í brennidepli um heim allan. Okkur sárnaði framkoma íslenskra yfirvalda við fólk sem var sent úr landi og langaði að leggja okkar af mörkum. Þegar við sáum auglýsingu frá Rauða krossinum þar sem óskað var eftir leiðsögumönnum fyrir flóttafólk fannst okkur liggja beint við að skrá okkur. Rauði krossinn hafði strax samband og í kjölfarið fórum við á námskeið. Skömmu eftir að því lauk vorum við komin í samband við Danila,“ segir Ásgeir. „Álitið var að við myndum smellpassa saman því hann væri á svipaðri línu og við. Hann er mjög sjálfstæður og talar ensku en oft eru tungumálaerfiðleikar helsta hindrunin þegar kemur að samskiptum,“ bætir Ásgeir við.



„Okkur langaði að sinna mannúðarmálum í nærumhverfinu,“ segja Ásgeir Jóel Jacobson og Þrúður Arna Briem. Þau kynntust Danila Krapvenko en hann kom sem flóttamaður hingað til lands fyrir tveimur og hálfu ári. MYND/ERNIR



Sápan sem Danila býr til fæst á gistiheimili sem Ásgeir og Þrúður reka.

Útbúinn var samningur sem þau þrjú skrifuðu undir og fljótlega hittust þau í mat. „Danila sagði okkur að hann langaði til að búa til sínar eigin sápur alveg frá grunni. Við fórum strax í að hjálpa honum af stað og höfðum samband við sápugerðir til að finna rétta hráefnið fyrir hann. Í framhaldinu datt okkur í hug að gaman væri að hann gerði sápur fyrir gistiheimili sem við rekum yfir sumartímann að Öxl á Snæfellsnesi. Danila bjó til þrívíddarmót sem hann sendi til Rússlands og lét prenta í þrívíddarprentara. Þegar mótin komu til Íslands gat hann byrjað að steypa sápurnar,“ rifjar Ásgeir upp.

Í framhaldinu bjó Danila til sérstakar sápur sem nú eru til sölu á gistiheimilinu. Sápurnar hafa vakið töluverða athygli og flestir kaupa þær þegar þeir heyra söguna á bak við þær.

Þau Ásgeir og Þrúður eru sammála um að það hafi verið einstaklega ánægjulegt að hafa fengið að taka þátt í þessu verkefni. „Ekki síst vegna þess hvað við vorum heppin að fá að kynnast Danila. Það var mjög lærdómsríkt fyrir okkur að fá að kynnast þessum frábæra strák því hann er svo einbeittur í því sem hann gerir og er alltaf jákvæður. Hann sér engar hindranir, bara áskoranir og hann heyrist aldrei kvarta yfir neinu. Þetta var mjög áreynslulaust, afslappað og skemmtilegt alveg frá byrjun. Við smullum strax saman. Það hjálpaði mjög mikið að við deildum þeim lífsstíl að vera vegan og höfum að mörgu leyti svipaðar lífsskoðanir,“ segir Þrúður.

„Krakkarnir okkar kynntust Danila, hann kom heim til okkar í spjall og mat og við fórum saman á andlega setrið okkar í sveitinni að Öxl á Snæfellsnesi. Það var einstaklega gaman að hafa afdrep í sveitinni þar sem við gátum farið og verið yfir helgi, þannig nær maður oft betri tengslum, auk þess sem hann naut þess að fá tækifæri til að skoða landið,“ bætir hún við.

Nú er komið meira en ár frá því að Ásgeir og Þrúður gerðust leiðsögumenn Danila en þau halda enn sambandi og reikna ekki með að breyting verði þar á. Spurð hvaða áhrif verkefni á borð við þetta hafi fyrir flóttamenn segja þau að það geti hjálpað fólki að fóta sig í íslensku samfélagi. „Fyrstu skrefin hjá flóttamönnum sem koma til Íslands felast oft í samskiptum við stofnanir. Þetta er leið til að komast inn í samfélagið og í tengsl við innfædda sem fólk getur leitað til,“ segir Ásgeir.

Danila hefur eignast nokkra íslenska vini og segir hvorki auðveldra né erfiðara að kynnast Íslendingum en fólki af öðru þjóðerni. Hann hefur áhuga á að bæta íslenskukunnáttu sína og langar að fara í skóla til þess. „Það var mjög gott að kynnast Ásgeiri og Þrúði og fá aðstoð þeirra við að gera drauminn um sápuna að veruleika.“

# Aðstoða börn með heimalærdóm

Bókasafn Reykjanesbæjar hefur boðið börnum og unglingum upp á námsaðstoð með heimalærdóm í samstarfi við Rauða krossinn. Starfið hefur gefist vel og börnin hafa tekið nám sitt alvarlega.

Unnur Katrín Valdimarsdóttir segir að þetta hafi verið í boði undanfarin ár með mjög góðum árangri. Í bókasafninu er frábær aðstaða til að taka við börnunum, þau geta jafnt lesið, skrifað og reiknað. Ef þau lenda í erfiðleikum fá þau aðstoð hjá Unni Katrínu og Elvu Dögg Sigurðardóttur háskólanema.

„Það voru þær Kolbrún Sveinsdóttir kennari og Stefanía Gunnarsdóttir, forstöðumaður bókasafnsins, sem byrjuðu á þessu. Þetta var hugsað fyrir börn sem þurftu á aðstoð að halda með heimalærdóminn, bæði íslensk börn og börn af erlendum uppruna. Aðstoðin er opin öllum börnum frá fjórða bekk og upp úr. Þau hafa reyndar komið yngri og eru velkomin. Eldri krakkar hafa komið hingað og nýtt sér aðstoðuna til að læra undir próf. Við erum með opið á þriðjudögum og fimmtudögum frá klukkan 14.30 til 16,“ segir Unnur Katrín og bætir við að krakkarnir biðji um aðstoð við hitt og þetta.



Unnur Katrín aðstoðar börn á Suðurnesjum við heimalærdóm í bókasafninu.

„Stundum þurfa þau bara stuðning og hjálp við að byggja upp sjálfstraust. Aðrir þurfa hjálp við stærðfræðina, náttúrufræði eða lestur. Það koma alls konar beiðnir um aðstoð til okkar. Við viljum gjarnan að fleiri börn komi og nýti sér þessa aðstoð því mikil ánægja hefur verið með þetta. Ég er búin að fá sömu krakkana ár eftir ár og þau hafa bætt sig í námi með þessari aðstoð. Það mættu fleiri vita af þessum möguleika.“

Aðstoðin heldur áfram í vetur á þriðjudögum og fimmtudögum. Þegar Unnur Katrín er spurð hvort þær Elva standi aldrei á gati gagnvart námsefni krakkanna, játar hún því. „Jú, það kemur fyrir. Við höfum til dæmis þurft að rifja upp stærðfræðina en það kemur fljótt. Við lærum mikið af krökkunum og þau af okkur. Þessi félagsskapur er einstaklega skemmtilegur og gefandi. Þetta er annað árið mitt í þessu starfi og mér finnst þetta ótrúlega gaman. Ég vil endilega hvetja foreldra á Suðurnesjum til að senda börnin til okkar og létta undir með heimalærdóminn,“ segir hún.

Fullvíst má telja að þetta getur komið mörgum foreldrum og börnum vel í annasömum nútímanum.

Bókasafn Reykjanesbæjar er staðsett að Tjarnargötu 12, sími 421 6770.

# Höfum ýmislegt fram að færa

## Rauði krossinn leggur mikla áherslu á kynja- og jafnréttissjónarmið í alþjóðastarfinu. Sólrún María Ólafsdóttir er sendifulltrúi og verkefnastjóri í alþjóðamálum hjá Rauða krossinum á Íslandi en hún hefur áralanga reynslu í kynja- og jafnréttismálum á alþjóðavettvangi.

Eins og margir höfum við verið að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í öllum verkefnum sem þýðir að við pössum upp á að hugað sé að þörfum mismunandi samfélagshópa, sérstaklega mismunandi þörfum karla og kvenna, stráka og stelpna,“ segir Sólrún María. „Þannig reynum við að koma í veg fyrir að verkefnin viðhaldi eða styrki valdaójafnvægi sem fyrir er í þeim samfélögum sem við vinnum í og helst koma á meiri jöfnuði. Undanfarið höfum við verið að gera þetta á meira kerfisbundinn hátt til að auðvelda okkur og samstarfslandsfélögum okkar að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmiða í verki.“



Sólrún María Ólafsdóttir hefur starfað að kynja - og jafnréttisverkefnum á vegum Rauða krossins um allan heim, með áherslu og konur og stúlkur.

> Almennt leggjum við áherslu á að hjálp berist þeim samfélagshópum sem eru í hvað viðkvæmastri stöðu og þurfa mest á aðstoðinni að halda.

Hún segir reynsluna hafa sýnt að samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða ein og sér skili ekki alltaf árangri. „Samþættingin verður oft meiri í orði en á borði, eitthvað sem gert er til málamynda, og því erum við ekki einungis að styrkja okkar innra starf heldur einnig að styðja verkefni sem styrkja konur og stúlkur sérstaklega. Almennt leggjum við áherslu á að hjálp berist þeim samfélagshópum sem eru í hvað viðkvæmastri stöðu og þurfa mest á aðstoðinni að halda. Reynslan og tölfræðin sýnir að vegna félagslegrar stöðu kvenna og stúlkna eru það oft þær sem verða verst úti í náttúruhamförum og vopnuðum átökum. Konur eru einnig líklegri til að vera fátækar, ef þær fæðast fátækar eru þær síður líklegar til að vinna sig upp úr því en líklegri til að lifa við heilsubrest og hljóta ekki menntun og því beinum við sjónum okkar sérstaklega að þeim. Við hér á Íslandi erum framarlega í jafnréttismálum og hugsum um þessi mál. Við getum ekki gert allt, alls staðar – en þarna höfum við ýmislegt fram að færa.“

Hún nefnir verkefni í Líbanon fyrir flóttafólk frá Sýrlandi þar sem Rauði krossinn á Íslandi styður við beinan fjárstuðning til einstæðra mæðra. „Við erum einnig að styðja verkefni gegn kynferðislegu ofbeldi í Sýrlandi og Suður-Súdan og erum að leggja grunninn að verkefni sem miðar að því að vinna gegn kynferðislegu ofbeldi gegn skólastúlkum í Malaví. Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans er líka með okkar stuðningi að vinna í handbókum og öðru efni tengdu blæðingaheilbrigði sem miðar að því að aðstoða stúlkur og konur í þeim efnum.“

Hún segir helstu áskoranirnar felast í því að koma inn í rótgróna menningu og reyna að breyta hlutunum. „Breytingar í venjum og hugsunarhætti eru aldrei auðveldar og það er alls ekki alltaf auðvelt að koma á breytingum í rótgrónum samfélögum. Við erum að vinna í svo mörgum ólíkum menningarheimum og mætum ekki alltaf fullum skilningi á því sem við erum að reyna að gera. Á sama tíma mætum við líka miklum stuðningi og samstarfsfólk í öðrum landsfélögum hefur verið mjög ánægt með hversu mikla áherslu við leggjum á jafnréttissjónarmið. Sum landsfélög hafa leitað sérstaklega til okkar eftir aðstoð við innleiðingu jafnréttisverkefna og skilningurinn á verkefnum sem þessum er alltaf að aukast. Jafnréttismál eru í deiglunni á Íslandi og við höfum mikla reynslu í að miðla auk þess sem yfirvöld á Íslandi styðja okkur vel í þessum málaflokki.“

# Mannúð, menning og gleði á Ísafirði

## Á Ísafirði hafa verið haldin námskeið fyrir börn til að kynna starf Rauða krossins fyrir þeim og leyfa þeim að verja tíma með eldri borgurum. Námskeiðin hafa skapað mikinn áhuga á hjálparstarfi.

Undanfarin ár hafa námskeiðin Mannúð og menning/Gleðidagar verið kennd í Barnaskólanum í Hnífsdal í júlí. Þar fá börn á aldrinum 6-9 ára fræðslu um starf og hugsjónir Rauða krossins, að starfa með eldri borgurum og læra skyndihjálp. Margrét Heiða Magnúsdóttir, tómstunda- og félagsmálafræðingur, er verkefnastjóri námskeiðsins Mannúð og menning.

„Námskeiðið snýst fyrst og fremst um að kynna starf Rauða krossins fyrir börnum og fræða þau um hlutverk hans og helstu hugtökin sem tengjast starfinu,“ segir Margrét. „Við kennum þeim líka um mannúð, ólíka menningu og vinnum verkefni út frá hugsun og grundvallarmarkmiðum Rauða krossins. Þetta er líka bara mikil hreyfing, útivera, leikir og skemmtun. Þetta er mjög fjölbreytt.

Þegar krakkarnir vinna verkefni út frá grundvallarmarkmiðum Rauða krossins skapast umræða og við leyfum þeim að túlka þau sjálf, en á þessum aldri skilja þau ekki endilega öll hugtökin sem við tölum um,“ segir Margrét. „Í lokin er svo alltaf haldin sýning fyrir foreldra, þar sem þeir fá að koma og sjá verkefnin sem krakkarnir hafa verið að vinna.

Svo blandast við þetta svokallaðir Gleðidagar, sem er námskeið þar sem við fengum eldri borgara með okkur í lið,“ segir Margrét. „Hugmyndin er að brúa bilið milli yngstu og elstu kynslóðarinnar og leyfa eldri borgurum sem eru hættir að vinna að koma og vera sjálfboðaliðar og verja tíma með börnunum.



Á námskeiðunum læra börn um starf Rauða krossins, fá kennslu í skyndihjálp og starfa með eldri borgunum.

Við fáum líka heimsókn frá slökkviliðinu og sjúkraflutningafólki sem kennir börnum hvað þau geta gert í neyð og fræðir þau um störf sín,“ segir Margrét. „Þá fá þau líka að fara upp í sjúkrabíl og slökkviliðsbíl, sem þeim finnst mjög spennandi. Við höfum líka farið að hitta björgunarsveitina í Bolungarvík og skoðað skipið þeirra.

Námskeiðið skilar árangri og skapar áhuga á hjálparstarfi. Þetta eru oft fyrstu kynni barnanna af Rauða krossinum en mörg þeirra halda áfram í námskeiðum hjá félaginu,“ segir Margrét. „Margir af krökkunum sem komu til mín fyrst fyrir tíu árum eru orðnir sjálfboðaliðar hjá Rauða krossinum eða starfa í hjálparsveitunum í dag. Okkur fannst líka mikilvægt að byrja snemma að kenna þeim skyndihjálp, því þau geta hjálpað ótrúlega mikið ef eitthvað kemur upp á. Þetta námskeið er hluti af fræðslustarfinu „Skyndihjálp út lífið“ sem allar deildir Rauða krossins á norðanverðum Vestfjörðum standa fyrir.



Margrét Heiða Magnúsdóttir, tómstunda- og félagsmálafræðingur, er verkefnastjóri námskeiðsins Mannúð og menning.

Námskeiðið var ekki haldið í sumar vegna persónulegra aðstæðna og það er smá óvissa með námskeiðið næsta sumar, en við viljum endilega halda áfram, því námskeiðið er rosalega vinsælt,“ segir Margrét.

# Fólk
Helgin

LAUGARDAGUR 6. OKTÓBER 2018



**Það er talið sjálfsagt að fólk fái frítíma til að syrgja þegar einhver nákominn þeim lætur lífið. En fólk fær ekki frí frá vinnu þegar gæludýrin þeirra deyja, þó þau séu oft nánir vinir, jafnvel fjölskyldumeðlimir.** ➔8




Ingibjörg Sveinsdóttir hárgreiðslumeistari hefur aldrei séð aðra eins bót og betrun á hári og eftir inntöku á Protis® Kollagen. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Upplifði kraftaverk á hári sínu

Hárgreiðslumeistarinn Ingibjörg Sveinsdóttir lenti í slæmu hárlosi í fyrravetur. Til að styrkja hárið hóf hún að taka inn Protis® Kollagen í apríl og hefur síðan í vor öðlast mikinn hárvöxt sem skilar henni fallegu og ræktarlegu hári. ➔2

ENZYMEDICA®

Á að grilla í kvöld?



Framhald af forsíðu ➜

Ég missti heilmikið hár í fyrravetur vegna vöðvabólgu en gæti nú klippt á mig þykkan þvertopp," segir Ingibjörg Sveinsdóttir, hárgreiðslumeistari á Hári í höndum.

Ingibjörg hefur síðan í apríl síðastliðnum tekið inn Protis® Kollagen sem styrkir uppbyggingu og endurnýjun húðar, hárs og nagla.

„Sem hárgreiðslukona hef ég aldrei séð annað eins," segir Ingibjörg sem tekur þrjár töflur á dag og hefur ekki misst úr dag.

„Protis® Kollagen hefur gert kraftaverk fyrir mig. Á innan við hálfu ári var ég aftur komin með hár en áður var farið að skína ofan í kollinn á mér. Þá hefur húðin mín, sem orðin var þurr, aftur fengið eðlilegan raka og aukinn þéttleika, og neglurnar eru sterkar og flottar."

## Líka gott fyrir karla

Ingibjörg segir þekkt að vöðvabólga og allt sem þrengi að blóðflæði upp í höfuðið valdi hárlosi.

„Það, ásamt minni framleiðslu kollagens í líkamanum, er ástæða þess að eldra fólk verður þunnhærðara og kollvik hækka. Ég mæli því hiklaust með Protis® Kollagen fyrir þá sem vilja fallegt hár og ekki síst fyrir konur með hárlos og þær sem eru að eiga börn því eftir barnsburð er hárlos oft vandamál. Ég er líka viss um að Protis® Kollagen hjálpi körlum sem eru farnir að finna hár sitt þynnast en það gerist gjarnan vegna of mikillar gelnotkunar sem lokar hársekkjunum."

Í Bleikum október mælir Ingibjörg með Protis® Kollagen fyrir konur sem greinst hafa með krabbamein og ganga í gegnum erfiðar krabbameinsmeðferðir. „Lyfjameðferðir fara illa með húðina og valda hármissi. Því er kollgen eitt það besta sem hægt er að gera til að styrkja og efla hárið, húðina og neglurnar," segir Ingibjörg, en þess má geta að 250 krónur af öllum seldum vörum Protis í október fara til Krabbameinsfélagsins.

## Náttúrulegt yngingarmeðal

Kollagen er náttúrulegt byggingarefni húðar, hárs og nagla en eftir því sem aldurinn færist yfir fara birgðir þess minnkandi í líkamanum.

„Þess vegna hafa konur keypt sér kollagen í gegnum árin og ég er þar engin undantekning. Hins vegar er þrefalt meira kollagen í Protis® Kollagen en því sem ég hef keypt annars staðar. Kollagen má segja að sé náttúrulegt yngingarmeðal því það spornar við hrukkumyndun, endurnýjar húðina og dregur úr fínum línum," segir Ingibjörg sem talar af reynslu og fann fljótt mikinn mun á húð sinni, hári og nöglum með Protis® Kollagen.



Ingibjörg mælir með Protis® Kollagen fyrir allar konur sem glíma við hárlos en segir það einnig gott fyrir karla þegar hár fer að þynnast. MYND/SIGTRYGGUR ARI

> **Protis® Kollagen hefur gert kraftaverk fyrir mig. Á innan við hálfu ári var ég aftur komin með hár en áður var farið að skína ofan í kollinn á mér.**

„Ég hef aldrei séð slíkan mun áður. Hárið var orðið til vandræða og ég farin að nota gamla blástursbursta frá diskóárunum til að ná að lyfta því upp frá andlitinu. Hárið vex hratt og þykknar eftir því sem ný hár vaxa. Endurnýjunin er því mikil og hröð."

## Góður og greinilegur árangur

Fagurt hár Ingibjargar vekur athygli viðskiptavina hennar sem taka eftir því hár hennar hefur þykknað og er orðið ræktarlegt.

„Breytingin er svo mikil og augljós. Það er stór munur á mér og fólk veltir fyrir sér hvað ég gerði. Eftir að hafa tekið inn Protis® Kollagen í aðeins tvær vikur var ég laus við hárlosið og eftir tvo mánuði var greinilegur munur á hárinu sem hafði bæði þykknað og vaxið mikið. Þeir sem prófa svo Protis® Kollagen einu sinni kaupa það aftur og aftur því árangurinn er svo góður og greinilegur."

Protis® Kollagen fæst í flestum matvöruverslunum, apótekum og heilsuverslunum. Nánari upplýsingar á protis.is.

# PROTIS® Kollagen – Eina íslenska kollagenið

Kollagen er náttúrulegt prótein og eitt helsta byggingarefni líkamans. Virkni þess styrkir bæði uppbygginguna og endurnýjun húðar, hárs og nagla.

- Ekkert gelatín eða sykur
- Meira magn virkra efna en hjá flestum samkeppnisaðilum
- Engin aukaefni
- Sýnilegur árangur á 30 dögum
- Íslenskt hugvit og framleiðsla

## PROTIS® KOLLAGEN

Fyrsta og eina íslenska kollagenið sem er framleitt á Íslandi.

Protis® Kollagen er framleitt úr íslensku fiskroði hjá líftæknifyrirtækinu PROTIS. Varan er einstök blanda af bestu innihaldsefnum sem öll styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum. Kollagen úr fiski er áhrifaríkara en kollagen úr landdýrum þar sem upptaka úr meltingarvegi er betri.

## Helstu innihaldsefni

- SeaCol® er blanda af vatnsrofnu kollageni úr íslensku fiskroði og vatnsrofnu þorskprótíni úr íslenskum þorski. SeaCol ® tekur þátt í að styrkja vefi líkamans og viðhalda teygjanleika.
- C-vítamín tekur þátt í myndun kollagens í líkamanum.
- Hyaluronic-sýra er eitt mest rakagefandi efni náttúrunnar og viðheldur meðal annars raka húðarinnar.
- Kóensím Q10 er að finna í nær öllum frumum líkamans. Það er mikilvægt fyrir endurnýjun fruma eins og húðfruma.
- B2- og B3-vítamín, sink, kopar og bíótín fyrir hárvöxt, endurnýjun húðar og vöxt nagla.




**Protis® Kollagen er fyrsta og eina kollagenið sem framleitt er á Íslandi. Það er einstök blanda af bestu innihaldsefnum sem öll styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum.**

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# Mælir heils hugar með Bio-Kult

**Bio-Kult Pro-Cyan er háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás. Guðlaug Jóna Matthíasdóttir hefur endurtekið haft þvagfæraóþægindi en er nú betri eftir að hún fór að taka Bio-Kult Pro-Cyan.**



Guðlaug Jóna tekur Bio-Kult Pro-Cyan þegar hún finnur fyrir einkennum þvagfæraóþægindi. MYND/GVA

Margar konur þjást af þvagfæraóþægindum og er algengt að það sé af völdum E. coli-bakteríunnar. Ein af hverjum þremur konum hefur þjáðst af þvagfæraóþægindum fyrir 24 ára aldur og að minnsta kosti helmingur allra kvenna fær þvagfæraóþægindi einu sinni á ævinni. Fjórðungur þeirra fær endurteknar sýkingar. „Ég hef verið með krónísk óþægindi í blöðrunni í rúmlega tvö ár og hefur það valdið mér mikilli vanlíðan og óþægindum. Ég gat til dæmis aldrei farið í heitan pott eða verið úti í miklu frosti því það olli mér strax mikilli vanlíðan. Þar sem ég stunda hestamennsku og þarf oft að vera á ferðinni í vinnu þá var þetta mjög óþægilegt og hamlandi fyrir mig,“ segir Guðlaug Jóna Matthíasdóttir. Henni var ráðlagt að fara á meðhöndlandi kúr í tólf mánuði en hún var ekki alveg tilbúin til þess. „Því ákvað ég að prófa Bio-Kult Pro-Cyan þegar ég sá umfjöllun um það í blöðunum og fann fljótlega að það virkaði mjög vel gegn þessum króníska vanda mínum. Í fyrstu tók ég bara eitt hylki á dag eða þegar ég fann að ég fékk einkennin, en núna tek ég tvö hylki um leið og ég finn fyrir óþægindum og stundum nokkrum sinnum yfir daginn þegar ég er verst. Ég finn að Bio-Kult Pro-Cyan gerir mér gott, ég er í betra jafnvægi, meltingin er betri og ég er öll mun betri,“ segir Guðlaug ánægð.

> **Ég finn að Bio-Kult Pro-Cyan gerir mér gott, ég er í betra jafnvægi, meltingin er betri og ég er öll mun betri.**




### Tryggir heilbrigða þvagrás

Orsakir óþæginda í þvagrás geta verið nokkrar, meðal annars utanaðkomandi áhrif á þarmaflóruna, breyttur lífsstíll, aukið stress, ýmsir sjúkdómar og aukin lyfjanotkun. Einkennin eru meðal annars tíð þvaglát, aukin þörf fyrir þvaglát án þess að kasta af sér þvagi, verkir við þvaglát og óeðlileg lykt og litur á þvaginu. Trönuber hafa löngum verið þekkt fyrir að virka vel sem fyrirbyggjandi meðhöndlun gegn þvagfærasýkingum. Trönuber hindra að E. coli-bakteríán nái fótfestu við slímhúð þvagrásar og skola bakteríunni út með þvaginu. Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu, sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest, og á hún að tryggja heilbrigða þvagrás. Hylkin innihalda trönuberja-extrakt, vinveitta gerla og A-vítamín. Hlutverk gerlanna og A-vítamíns í Bio-Kult Pro-Cyan er að hjálpa líkamanum að viðhalda eðlilegu bakteríumagni í þörmum, einnig að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu. Bio-Kult Pro-Cyan er sérstaklega hannað fyrir barnshafandi konur en alltaf er mælt með því að ráðfæra sig við fagfólk áður en inntaka hefst. Börn mega líka nota Bio-Kult Pro-Cyan en þá er mælt með hálfum skammti af ráðlagðri skammtastærð fyrir fullorðna.

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

# Aldrei haft jafn þykkt hár

**Er hárlos eða of þunnt hár að plaga þig? Hair Volume inniheldur vaxtarvakann Proxyanidin B2, hirsisþykkni, vítamín og steinefni sem eru mikilvæg fyrir hárið og geta gert það líflegra og fallegra.**

Hair Volume er bætiefni sem getur hjálpað til að viðhalda þykkt hársins.

Edda Dungal hefur tekið inn Hair Volume í nokkurn tíma eftir að hún missti allt hár í lyfjameðferð:

„Þegar ég var í krabbameinsmeðferð missti ég allt hár, bæði á höfði, augnhár og augabrúnir. Þegar lyfjagjöfinni lauk byrjaði ég að taka Hair Volume frá New Nordic en það tók um það bil 4-6 vikur að sjá hárið byrja að vaxa aftur. Ég hef aldrei haft jafn löng augnhár, þykkar augabrúnir og þykkt hár og núna og það hvarflar ekki að mér að hætta að taka þetta inn.“




### Líflegra og fallegra hár

Hair Volume bætiefnið getur hjálpað til við að viðhalda þykkt hársins og hárvexti en það inniheldur jurtaþykkni úr eplum sem er ríkt af Proxyanidin B2 og hirsi sem er bæði ríkt af steinefnum og B-vítamínum. Bíótín og sink stuðla að viðhaldi eðlilegs hárs og kopar stuðlar að viðhaldi húð- og hárlitar.

Sölustaðir: Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.



> **Hef aldrei haft jafn löng augnhár og þykkt hár.**

Edda Dungal hefur góða reynslu af Hair Volume.

# Undir áhrifum frá Tove Jansson

## Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir og Atli Arnarsson, höfundar stillukvikmyndarinnar Marglita marglyttan, standa fyrir hreyfimyndasmiðjum um helgina, fyrir krakka á aldrinum átta til þrettán ára.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is





Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir og Atli Arnarsson kenna stillimyndagerð á bókasöfnunum á Seltjarnarnesi og í Grófinni um helgina. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Í fyrrasumar var ég að vinna í skapandi sumarstörfum hjá Kópavogsbæ og þetta var verkefnið mitt, stillumyndin Marglita marglyttan," segir Sólrún Ylfa og bætir við: „En þar sem við Atli erum trúlofuð og búum saman þá varð hann fljótt mjög flæktur í verkefnið og á endanum varð þetta að samstarfsverkefni okkar. Fyrr í sumar settum við myndina svo á netið og þá hafði fólk frá RIFF samband og bað okkur að halda námskeið fyrir krakka í tengslum við RIFF."

Atli bætir við að hvorugt þeirra hafi haft neina sérstaka reynslu af stillumyndagerð áður. „Ég hafði reyndar unnið í kvikmyndum en þá sem hljóðmaður en ég lærði hljóðtækni hjá Stúdíó Sýrlandi. Svo hafði ég verið í tónlist," segir hann og Sólrún bætir við: „Og ég er að mennta mig í fiðluleik. En ég hef alltaf verið með myndlistina svona til hliðar og þarna gafst mér tækifæri til að hafa það ekki til hliðar." Hún segir myndina vera undir áhrifum frá myndasögum eftir Tove Jansson. „Mig langaði að gera svona furðusögu sem gæti passað inn í söguheim hennar. Á sama tíma langaði mig líka að vinna með jafnrétti, vildi að aðalpersónan væri alveg kynlaus og eiginlega bara allar persónurnar sem var eiginlega útgangspunktur. En myndin fjallar um umhverfisvernd og líka bara samvinnuverkefni og hvernig lífið getur komið manni á óvart."

Námskeiðið er ætlað krökkum á aldrinum 8 til 13 ára. Sólrún og Atli hafa þegar haldið eitt námskeið, á Bókasafni Kópavogs. „Svo erum við með tvö námskeið um helgina, á Bókasafni Seltjarnarness í dag og á Grófarsafni á morgun. Við byrjum á því að sýna myndina og svo gefum við krökkunum lausan tauminn til að sleppa sköpunarkraftinum lausum," segir Atli og bendir á að þátttakendur megi taka með sér plastfígúrur, leikfangabíla, skrautpappír eða annað eftirlætisefni ef þeir óska eftir að vinna sérstaklega með það. „Og þau eru mjög hugmyndarík og fara strax að skapa. Við komum líka með efni til að vinna með. Það er best ef krakkar vinna á eigin síma eða spjaldtölvur en við verðum líka með spjaldtölvur til að lána þeim sem hafa ekki aðgang að slíkum tækjum," segir Sólrún. Þau benda á að æskilegt sé að þeir sem mæta með eigin snjalltæki verði búnir að hlaða niður forritinu Stop motion studio áður en þeir koma á staðinn. Forritið er ókeypis. En skyldi vera önnur stillumynd í farvegi hjá þeim Sólrúnu og Atla? „Það er ein mynd í pottinum sem okkur langar að gera og erum spennt að sjá hvernig kemur út," segir Sólrún og Atli bætir við: „Þetta er tímafrek vinna og þarf að skipuleggja sig vel og mikið. Það tók svona þrjá mánuði að gera Marglitu marglyttuna en okkar langar að gera ennþá vandaðri og flottari mynd næst."

**„Við byrjum á því að sýna myndina og svo gefum við krökkunum frelsi til að sleppa sköpunarkraftinum lausum.**

Atli Arnarsson

Aðgangur að smiðjunum er ókeypis en nauðsynlegt er að skrá sig. Skráning fer fram á heimasíðu bókasafnanna þar sem námskeiðin eru haldin. Þátttakendafjöldi er takmarkaður.



# Ert þú með bakflæði?

## Lansoprazol Krka 15 mg – nýtt lyf án lyfseðils við brjóstsviða og súru bakflæði.

**Lansoprazol Krka 15 mg**

- Magasýruþolin hörð hylki
- Meðferð við brjóstsviða og súru bakflæði
- Skammtur: 1–2 hylki á dag
- Hylkin skal taka að minnsta kosti 30 mínútum fyrir mat
- Pakkningastærðir: 28 stk. og 56 stk.






**Brjóstsviði, einkenni:**

- Bruna- eða sviðaóþægindi undir bringubeini
- Súrt óbragð í munni
- Kyngingarerfiðleikar
- Brjóstverkur
- Hæsi og hósti

Margir þjást af brjóstsviða og súru bakflæði og hefur það áhrif á líðan og líf einstaklingsins. Hjá sumum er brjóstsviði hreinlega fylgifiskur þess að borða," segir Sigrún Sif Kristjánsdóttir, lyfjafræðingur hjá LYFIS.

Brjóstsviði og súrt bakflæði stafa oftast af því að súr magavökvi flæðir frá maga upp í vélinda vegna þess að lokuvöðvinn í vélindanu starfar ekki eðlilega. Þegar magasýrur flæða ítrekað þessa leið getur það leitt til þess að bólgur og skemmdir verða á slímhúð í vélinda.

„Lansaprozol Krka inniheldur virka efnið lansoprazol sem hefur áhrif á seytingu magasýru. Það hemur magasýrumyndun með því að hamla virkni ákveðins ensíms í saltsýrufrumum magans," segir Sigrún Sif.

Lansoprazol Krka 15 mg er til í tveimur pakkningastærðum: 28 hylki og 56 hylki. Meðferð við brjóstsviða og súru bakflæði er 1–2 hylki á dag. Lyfið er ætlað fullorðnum.

Salan hófst 1. september og er Lansaprozol Krka 15 mg komið í sölu í flestum apótekum en hingað til hefur eingöngu verið hægt að fá þetta lyf gegn ávísun frá lækni.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

LYFIS
Traust í lyfjum

# D-vítamínskortur og heilsubrestur

Rekja má allt að 100 mismunandi sjúkdóma og sjúkdómseinkenni til skorts á D-vítamíni. D-Lux munnúðarnir frá Better You skila vítamíninu beint út í blóðrásina og tryggja hámarks upptöku.



Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

D-vítamín gegnir gríðarlega víðtæku hlutverki í líkamsstarfsemi okkar og hafa fjölmargar rannsóknir gefið okkur vísbendingar um hversu alvarlegar afleiðingar D-vítamínskortur hefur í för með sér.

### Beinþynning og D-vítamínskortur

D-vítamínskortur er algengur í vestrænum löndum en hann getur haft mjög alvarlegar afleiðingar til lengri tíma. Skiptir þetta vítamín t.a.m. sköpum fyrir heilbrigt ónæmiskerfi, starfsemi vöðva og fyrir sterkar tennur og bein. Rannsóknir gefa þó til kynna að það gegni mun víðtækara hlutverki en talið var og það sé í raun grundvallarefni til að viðhalda heilsu og fyrirbyggja sjúkdóma. Vitað er um a.m.k. 100 mismunandi sjúkdómseinkenni eða sjúkdóma sem tengjast D-vítamínskorti. D-vítamín er talið leika lykilhlutverk gegn bólgum í líkamanum og skortur getur átt þátt í því að ónæmiskerfið virkar ekki sem skyldi. Einnig getur orðið aukin hætta á öllum helstu krabbameinum, hjartasjúkdómum, minnisglöpum, sykursýki 1 og 2, MS, liðagigt, smitsjúkdómum og jafnvel meðgöngueitrun.

### D-vítamínskortur á norðlægum slóðum

Sérfræðingar við Friedman School of Nutrition Science and Policy hafa birt rannsóknir sem gerðar voru á skólabörnum í Boston og sýndu að allt að 90% þeirra voru með D-vítamínskort. Einnig kom það fram að þeir sem eru í ofþyngd, með dökka húð og/eða lifa á norðlægum slóðum séu oftar með skort en aðrir. Í september á síðasta ári voru birtar niðurstöður klíniskra rannsókna við þennan sama skóla þar sem skoðað var hversu mikið D-vítamín þyrfti að taka inn daglega til að hækka gildin hjá þeim börnum sem mældust með skort. Í ljós kom að stærstur hluti barnanna þurfti að taka 2000 a.e. (alþjóðlegar einingar) af D-vítamíni í 6 mánuði til að ná ásættanlegum gildum en hámarksskammtur fyrir 9 ára og eldri er 4000 a.e. á dag. Þetta segir okkur að ef um D-vítamínskort er að ræða dugir ekki að taka bara ráðlagðan dagskammt, enda eru þeir hugsaðir til að viðhalda þeim gildum sem fyrir eru, ekki til að hækka þau.

### Skortur á Íslandi

Landskönnun á mataræði 6 ára barna á Íslandi frá 2011–2012 sýndi að einungis um 25% barnanna fengu ráðlagðan dagskammt eða meira af D-vítamíni og var neysla fjórðungs barna undir lágmarksþörf (2,5 μg/dag). Þessar tölur eru væntanlega orðnar betri í dag en það er full þörf á stöðugri umfjöllun þar sem þetta vítamín er okkur svo lífsnauðsynlegt. Önnur rannsókn frá 2004 leiddi í ljós að 15% Íslendinga 30 ára og eldri þjást af D-vítamínskorti. En á þeim tíma taldist það skortur ef gildin voru undir 25 nmól/l sem er af mörgum erlendum sérfræðingum talið allt of lágt viðmiðunargildi. Síðan þessi rannsókn var gerð hefur Landlæknisembættið hækkað skortsmörkin í 50 nmol/l en ákjósanlegast er að hafa gildin á bilinu 75-125 nmol/l.

### Hvar fáum við D-vítamín?

D-vítamín er ekki eins og önnur vítamín sem við getum fengið úr fjölbreyttri fæðu en aðeins um 10% af D-vítamíni koma úr matnum. Sólin er helsta og besta uppspretta D-vítamíns en það verður til í líkama okkar vegna áhrifa UVB-geisla sólarinnar á húðina. Þetta gerist eingöngu þegar hún er mjög hátt á lofti og ef hún skín á stóran hluta líkamans. Því er erfitt fyrir fólk á norðlægum slóðum að tryggja sér nægilegt magn nema kannski rétt yfir hásumarið. Landlæknisembættið hvetur fólk til þess að taka D-vítamín sérstaklega á formi bætiefna.

### D-vítamín frá fæðingu

Allir þurfa að taka inn D-vítamín og er ráðlagt að gefa ungbörnum það nánast alveg frá fæðingu eða um 2 vikna aldur. D-Lux munnspreyin frá Better You eru hönnuð sérstaklega með þetta í huga en munnsprey fyrir yngstu krílin eru bragðlaus og innihalda ráðlagðan dagskammt í einum úða. Munnúði kemur einnig í veg fyrir magaónot sem margir kannast við.

### Munnsprey frá Better You

Nú er komin heildstæð lína af D-vítamín munnspreyjum sem henta hverju aldursbili fyrir sig og í réttum skammtastærðum. Spreyin eru einnig góð fyrir þá sem vilja hækka gildin sín og svo eru þau afar bragðgóð og auðveld í notkun. Munnsprey er góður kostur þar sem meltingin getur verið undir álagi og dregið úr frásogi en með því að úða D-Lux út í kinn förum við fram hjá meltingarkerfinu og tryggjum hraða og mikla upptöku.

D-Lux hentar grænmetisætum og sykursjúkum, sem og þeim sem eru á glútenlausu fæði.







VÍTAMÍNSPREY SEM TRYGGJA HÁMARKSUPPTÖKU




D +K2
Dlux +K2 vítamín vinna saman að viðhaldi og heilbrigði beina og hjarta

D 3000
Dlux 3000 munnúði, hver úði inniheldur 3000 a.e.

D 1000
Dlux 1000 munnúði, hver úði inniheldur 1000 a.e.

JUNIOR
Dlux Junior munnúði fyrir 3 ára og eldri, hver úði inniheldur 400 a.e.

INFANT
Dlux Infant munnúði fyrir ungabörn, hver úði inniheldur 400 a.e. og er bragðlaus

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana.




# Áhrifarík vörn gegn tannkuli

**Færð þú stundum sting í tennurnar þegar þú drekkur heitan eða kaldan drykk? Þegar þú borðar eitthvað súrt eða sætt, eða jafnvel þegar þú ert úti að ganga í kulda? Ef svo er þá er líklegt að þú sért með tannkul. Fjórir af hverjum tíu finna fyrir sting í tönnum en einungis 48% af þeim leita að lausn við þessu vandamáli.**

Tannkul er tímabundinn sársauki í tönnum, sem einkennist af skammvinnum, stingandi verk sem er svar við örvun sem stafar af óvöðru tannbeini en er ekki af völdum tannskemmda eða sjúkdóma.

Það geta verið margar ástæður fyrir tannkuli og viðkvæmni í tönnum.

### Algengustu ástæður fyrir sting í tönnum:

- Alltof kröftug tannburstun
- Bólga í tannholdi (tannholdsbólga)
- Tanngníst
- Tannhold gengið til baka

Tannkul kemur fram þegar glerungurinn og tannbeinið ná ekki að verja taugina gegn utanaðkomandi áreiti. Einnig getur tannkul komið fram ef tannhálsarnir eru berir og standa upp úr tannholdinu.

„Sensodyne tannkremin miða öll að því að vernda tennurnar gegn tannkuli,“ segir Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi hjá Artasan. „Nýjasta tannkremið frá Sensodyne er Sensodyne Repair & Protect, það gerir við viðkvæm svæði og verndar gegn tannkuli við notkun tvisvar á dag.“



Þórhildur Edda Ólafsdóttir, sölufulltrúi hjá Artasan.

» Sensodyne tannkremin miða öll að því að vernda tennurnar gegn tannkuli.

Sensodyne® Repair & Protect er fyrsta tannkremið sem ætlað er til daglegrar notkunar sem inniheldur hina nýstárlegu NovaMin® tækni auk flúors. Sýnt hefur verið fram á í klínískum rannsóknum að það hjálpar til við viðgerðir á viðkvæmum svæðum berskjaldaðs tannbeins og minnkar verki vegna ofurnæmni og veitir áframhaldandi verkjaminnkun við samfellda notkun tvisvar á dag. Tannkremið byggir á sérstakri kalsíumtækni og inniheldur náttúruleg byggingarefni tanna, kalsíum og fosfat.

Sensodyne® Repair & Protect sækir í tannsvæði sem eru viðkvæm fyrir tannkuli. NovaMin® virkjast eftir snertingu við munnvatn og festist við berskjaldað tannbein og myndar verndandi lag sem hjálpar til að gera við viðkvæm svæði.

SENSODYNE®

## SENSODYNE TANNKREM

**Sensodyne Original**
Það upprunalega gegn tannkuli



**Sensodyne Gentle Whitening**
Hvíttar tennur mildilega



**Sensodyne Extra Fresh**
Sérstaklega f

rískt bragð, gefur langvarandi ferskan andardrátt



**Sensodyne Rapid**
Hröð virkni gegn tannkuli á 60 sekúndum[2,3]



**Sensodyne Repair & Protect**
Gerir við viðkvæm svæði og verndar gegn tannkuli[1]



**Sensodyne Pro-Emalj**
Verndar gegn glerungseyðingu og sýruskemmdum



1. Myndar verndandi lag yfir viðkvæm svæði á tönnum. Burstið tvisvar á dag fyrir samfellda vörn gegn tannkuli.
2. Við notkun tvisvar á dag. 3. Þegar Sensodyne Rapid er notað samkvæmt leiðbeiningum á umbúðum.

**Sensodyne sérfræðingur í tannkuli**

- Áhrifarík vörn gegn tannkuli
- Inniheldur flúor og vinnur gegn tannskemmdum
- Sensodyne vinnur gegn sting í tönnum við notkun tvisvar á dag
- Mild hreinsun
- Ferskt bragð
- Inniheldur ekki SLS (natríumlaurylsúlfat)
- Inniheldur ekki slípiefni (RDA)

Fæst í verslunum og apótekum.

Spennandi starf

# Lögfræðingur

Hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu umhverfis og skipulags.
Leitað er að lögfræðingi með góða samskiptahæfni sem er tilbúinn til að takast á við krefjandi og áhugaverð verkefni.
Um er að ræða fjölbreytt starf í lifandi umhverfi.

**Umsóknarfrestur**
**22. október**

**Upplýsingar og umsókn**
**capacent.com/s/10239**

Starfssvið
- Vinna við afgreiðslu stjórnsýsluerinda, úrskurði og álitsgerðir.
- Samning lagafrumvarpa og reglugerða.
- Vinna við framkvæmd EES samningsins og innleiðingu EES gerða.
- Þátttaka í stefnumótun á málefnasviði skrifstofunnar.
- Samskipti við Alþingi, stjórnvöld, og hagsmunaaðila.
- Alþjóðleg samskipti.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Þekking og/eða reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar er æskileg.
- Þekking í evrópurétti og/eða reynsla af framkvæmd EES samningsins er kostur.
- Mjög gott vald á ritaðri og talaðri íslensku.
- Mjög góð kunnátta í ensku og góð kunnátta í einu Norðurlandamáli.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið fer m.a. með loftslagsmál, málefni hafsins, mengunarvarnir og hollustu, náttúruvernd, veiðistjórnun, skógrækt og landgræðslu, skipulag og landmælingar, mannvirkjamál og sjálfbæra þróun. Í ráðuneytinu starfa um fjörutíu starfsmenn og er verkefnum ráðuneytisins skipað á fjórar skrifstofur.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

*Capacent – leiðir til árangurs*

capacent



# Störf fyrir **framsækið fólk**

Við leitum að metnaðarfullu og þjónustulunduðu fólki sem vill takast á við spennandi verkefni í líflegu starfsumhverfi. Um er að ræða nokkur störf á ólíkum sviðum innan Advania.

## Sérfræðingur í viðskiptagreind
Greining, ráðgjöf og útfærsla á viðskiptagreindarlausnum í öflugum hópi sérfræðinga BI deildar Advania.

## Sérfræðingur í SalesForce
Aðlögun, ráðgjöf og hugbúnaðarþróun í SalesForce umhverfinu.

## Sérfræðingur í vöruþróun
Vöru- og hugbúnaðarþróun á sviði mannauðs-, ráðninga- og fræðslulausna og vörustýring eftir Scrum aðferðafræðinni.

## Deildarstjóri grunnþjónustu
Ábyrgð á daglegum rekstri grunninnviða hýsingarumhverfis. Verkefnastýring umbótaverkefna og þátttaka í þjónustuþróun.

## Hugbúnaðarsérfræðingar
**Vegna aukinna umsvifa viljum við bæta við sérfræðingum í hugbúnaðargerð og -þróun á ýmsum sviðum.**

### Forritari í .NET
Hugbúnaðarþróun í Visual Studio .NET, sérstaklega bakendaforritun.

### Forritari í Outsystems
Þróun vef- og snjalltækjalausna í Rapid Application Delivery Platform umhverfi.

### Forritari í JS, Java, Python og CSS
Framendaforritun á skólalausnum Advania.

Nánari upplýsingar og umsóknir á
**www.advania.is/atvinna**

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

advania

Spennandi starf

# Lögfræðingur

Hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu umhverfis og skipulags.
Leitað er að lögfræðingi með góða samskiptahæfni sem er tilbúinn til að takast á við krefjandi og áhugaverð verkefni.
Um er að ræða fjölbreytt starf í lifandi umhverfi.

**Umsóknarfrestur**
**22. október**

**Upplýsingar og umsókn**
**capacent.com/s/10239**

Starfssvið
- Vinna við afgreiðslu stjórnsýsluerinda, úrskurði og álitsgerðir.
- Samning lagafrumvarpa og reglugerða.
- Vinna við framkvæmd EES samningsins og innleiðingu EES gerða.
- Þátttaka í stefnumótun á málefnasviði skrifstofunnar.
- Samskipti við Alþingi, stjórnvöld, og hagsmunaaðila.
- Alþjóðleg samskipti.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Embættis- eða meistarapróf í lögfræði.
- Þekking og/eða reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar er æskileg.
- Þekking í evrópurétti og/eða reynsla af framkvæmd EES samningsins er kostur.
- Mjög gott vald á ritaðri og talaðri íslensku.
- Mjög góð kunnátta í ensku og góð kunnátta í einu Norðurlandamáli.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið fer m.a. með loftslagsmál, málefni hafsins, mengunarvarnir og hollustu, náttúruvernd, veiðistjórnun, skógrækt og landgræðslu, skipulag og landmælingar, mannvirkjamál og sjálfbæra þróun.
Í ráðuneytinu starfa um fjörutíu starfsmenn og er verkefnum ráðuneytisins skipað á fjórar skrifstofur.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

*Capacent – leiðir til árangurs*

capacent

---

rue de net

# *Ert þú framúrskarandi FORRITARI?*

***Vegna aukinna verkefna og umsvifa leitum við að framúrskarandi og drífandi einstaklingum til þess að starfa með okkur við forritun fyrir einhver mest spennandi fyrirtæki á Íslandi.***

***Ef þú hefur áhuga á að vinna á líflegum vinnustað og í framlínu tæknibreytinga þá erum við að leita að þér.***

Rue de Net er hugbúnaðarhús í upplýsingatækni sem aðstoðar fyrirtæki og stofnanir við val og innleiðingu á viðskipta- og verslunarlausnum.

## *VERKEFNI*

- **Forritun í viðskiptakerfum Microsoft Dynamics 365 Business Central (áður kallað Dynamics NAV)**
- **Forritun í verslunarkerfum LS Retail, eins og LS Nav**
- **Forritun vefverslanakerfa í Microsoft .NET (C#)**
- **Forritun skýjalausna fyrir Microsoft Azure**

## *HÆFNISKRÖFUR*

- **Háskólapróf í verkfræði eða tölvunarfræði**
- **Þekking og reynsla af Microsoft hugbúnaði**
- **Samskiptahæfileikar og góð þjónustulund**
- **Frumkvæði og öguð vinnubrögð**

## *UPPLÝSINGAR VEITA:*

**Torfi Markússon (torfi@intellecta.is) og Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 15. október. Umsókn með ferilskrá óskast fyllt út á www.intellecta.is. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.**

# Verkefnastjórar

Ríkiseignir

Ríkiseignir óska eftir að ráða verkefnastjóra, annars vegar á sviði leigumála og hins vegar á sviði gæða og skjalavörslu. Um er að ræða afar fjölbreytt og krefjandi verkefni.

## VERKEFNASTJÓRI LEIGUMÁLA

Verkefnastjóri hefur yfirumsjón með leigusamningum.

**Upplýsingar og umsókn**
**capacent.com/s/10224**

Helstu verkefni:

- Yfirumsjón með leigusamningum.
- Ákvarða leiguverð, sem ígildi markaðsleigu, út frá ástandi, gæðum og staðsetningu.
- Útfæra stofnkostnaðarleigu vegna nýfjárfestinga.
- Samningagerð.
- Forsvar gagnavart leigutökum varðandi leigumál
- Ábyrgð á að innheimtu, bókun húsaleigu og yfirliti um nýtingu húsnæðis.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærilegt próf sem nýtist í starfi.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Reynsla af fjármálagerningum er kostur.
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti.

## VERKEFNASTJÓRI GÆÐA OG SKJALAVÖRSLU

Verkefnastjóri hefur yfirumsjón með innleiðingu, þróun og rekstri gæðakerfis ásamt skjalavörslu.

**Upplýsingar og umsókn**
**capacent.com/s/10223**

Helstu verkefni:

- Gerð og uppfærsla gæða- og starfsmannahandbóka
- Kynning á gæðakerfi og þjálfun við innleiðingu
- Úttekt á virkni gæðakerfis og notkun þess.
- Uppbygging skjalastjórnunarkerfis og innleiðing.
- Umsjón með móttöku, söfnun, skráningu, varðveislu og miðlun skjala.
- Önnur verkefni er lúta að öruggri umhirðu gagna, s.s. persónuverndarmál.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf eða önnur framhaldsmenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla og þekking á gæðastjórnun.
- Reynsla af skjalastjórnun og rafrænum skjalvörslukerfum.
- Jákvætt viðmót og færni í mannlegum samskiptum.
- Nákvæmni í vinnubrögðum.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti.
- Góð almenn tölvukunnátta.

Ríkiseignir hafa umsjón með fasteignum, jörðum og auðlindum í eigu ríkisins í umboði fjármálaráðuneytis. Hlutverk Ríkiseigna er að tryggja örugga og hagkvæma umsýslu þessara eigna. Umsýsla fasteigna felst einkum í útleigu húsnæðis til stofnana ríkisins, viðhaldi fasteigna og daglegum rekstri þeirra. Umsýsla jarðeigna felst aðallega í útleigu og ábúð á ríkisjörðum, umsjón með leigusamningum og samskiptum við leigutaka og ábúendur. Að auki annast Ríkiseignir umsýslu og skráningu auðlinda í eigu ríkisins.

Umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

**Umsóknarfrestur**

**22. október**

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent

www.capacent.is



# Sérfræðingar í alþjóðlegum nýsköpunarverkefnum

***Loftslagsmál og nýsköpun eiga hug og hjörtu starfsfólks á Þróunarsviði OR og við stefnum á sporlausa vinnslu jarðhita í framtíðinni. Við hlutum styrk til fjögurra ára frá Evrópusambandinu til verksins og vantar liðsauka.***

## Kannt þú að gera og græja?
*- sérfræðingur í vélbúnaðarþróun*

Við leitum að sérfræðingi til að þróa, setja upp og prófa vélbúnað í tengslum við gashreinsun og -niðurdælingu við háhitavirkjanir auk þátttöku í alþjóðlegum rannsóknaverkefnum. Ef þú býrð yfir góðri samstarfshæfni, frumkvæði og hefur gaman af vinnu í þverfaglegum teymum hvetjum við þig til að sækja um.

- Menntun á sviði verkfræði, tæknifræði, iðnfræði eða skyldum greinum
- Ástríða fyrir nýsköpun og loftslagsmálum
- Reynsla af uppsetningu og rekstri tækjabúnaðar
- Þekking á rekstri og ferlum jarðhitavirkjana og gerð áhættumats er kostur

## Hefur þú alla þræði í hendi þér?
*- sérfræðingur í rekstri rannsóknarverkefna*

Við leitum að sérfræðingi til að skipuleggja og halda utan um rannsóknarverkefni sem unnin eru í samstarfi við erlenda og innlenda aðila. Starfið krefst yfirsýnar, nákvæmni, sveigjanleika, skipulagshæfileika og að geta hugsað í lausnum. Samskiptamál er stór hluti starfsins, þar á meðal umsjón með upplýsingamiðlun á vef- og samfélagsmiðlum.

- Menntun á sviði raunvísinda, verkfræði eða skyldum greinum
- Skilningur á rekstri stórra alþjóðlegra rannsóknaverkefna er kostur
- Áhugi og innsýn í notkun samfélagsmiðla til að gera vísindi aðgengileg og stuðla að samtali við umheiminn
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta

**Umsóknarfrestur er til og með 28. október 2018**

**Við hvetjum jafnt karla sem konur til að sækja um.**

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is.
Þú sækir um á ráðningavef OR, starf.or.is, þar sem nánari upplýsingar um starfið er að finna.

Orkuveita Reykjavíkur

JAFNRÉTTISRÁÐ

JAFNLAUNAVOTTUN 2018 - 2021




### GLERVERKSMIÐJAN SAMVERK OG TRÉSMIÐJAN BÖRKUR ÓSKA EFTIR STARFSFÓLKI Á SÖLUSKRIFSTOFU FYRIRTÆKJANNA AÐ SMIÐJUVEGI

**SAMVERK: Uppsetningar og mælingar**

**Starfslýsing**
- Mælingar og önnur undirbúningsvinna áður en gler er pantað til framleiðslu
- Uppsetning og frágangur glers hjá viðskiptavinum í samstarfi við sölu- og þjónusturáðgjafa

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af byggingarvinnu eða öðrum iðngreinum
- Iðnmenntun er kostur
- Þekking og reynsla af almennri smíða- og uppsetningarvinnu
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Snyrtimennska og hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, frumkvæði og þjónustulund

Óskir um nánari upplýsingar um starfið og umsóknir sendist á: gudmundur@samverk.is.

**BÖRKUR: Ráðgjöf og sala**

**Starfslýsing**
- Ráðgjöf og upplýsingar við sölu á gluggum og hurðum
- Tilboðsgerð og eftirfylgni
- Vettvangsskoðun á verkstaði

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sölu og þjónustu
- Gott vald á íslensku, talaðri sem ritaðri
- Jákvætt hugarfar og sjálfstæð vinnubrögð
- Menntun eða reynsla af iðnaðarstörfum er kostur

Óskir um nánari upplýsingar um starfið og umsóknir sendist á: emil@samverk.is.

**Umsóknarfrestur fyrir bæði störfin er til 15. október 2018.**

SAMVERK GLERVERKSMIÐJA

BÖRKUR HF

Söluskrifstofur | Smiðjuvegi 2 | 201 Kópavogur | Sími 488 9000 | www.samverk.is | www.borkur.is

HLJÓMAHÖLL

## HLJÓÐMAÐUR/VERKEFNASTJÓRI Í HLJÓMAHÖLL

Hljómahöll auglýsir lausa 100% stöðu hljóðmanns/verkefnastjóra. Tæknimál á höndum hljóðmanns/verkefnastjóra varða allar hliðar rekstursins s.s. tónleika- og ráðstefnuhald, fundi, dansleiki, Rokksafn Íslands o.s.frv. Viðkomandi þarf að búa yfir framúrskarandi þjónustulund,vera mjög sveigjanlegur varðandi vinnutíma, geta haft umsjón með hljóðblöndun á viðburðum, verkefnastjórn á viðburðum og helst búa yfir tæknimenntun af einhverju tagi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af hljóðvinnslu og tæknimálum á viðburðum
- Góð og yfirgripsmikil þekking á tæknibúnaði sem tengist viðburðahaldi
- Mikil tölvukunnátta (Apple, Windows, iOS og Android umhverfi)
- Tæknimenntun t.d. á sviði hljóðstjórnar er kostur
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Reynsla af lýsingu á viðburðum er kostur
- Góð yfirsýn og hæfni til að vinna undir álagi
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Áhugasamir fylla út umsókn á vef Reykjanesbæjar. Umsókninni um starfið þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Upplýsingar gefur Tómas Young, framkvæmdastjóri Hljómahallar og Rokksafns Íslands (tomas@hljomaholl.is)

**Umsóknarfrestur til: 18. október 2018**




We are seeking talented people to join our team of energetic and passionate people. We build products used by healthcare professionals in over 40 countries to help people sleep better.
Nox Medical was founded 12 years ago and now employs more than 50 people. We have grown to more than 2 billion ISK in revenue and have been profitable for 10 years.

# Frontend Developer

**FUNCTION & RESPONSIBILITIES:**

- Development of web based medical software
- Contribute to architecture design both front and backend
- Contribute to software development processes

**QUALIFICATION AND EDUCATION REQUIREMENTS:**

- B.Sc. / M.Sc. in Computer Science or equivalent
- Familiarity with Typescript, React, CSS
- Experience with Scrum, Continuous integration and TDD
- Extensive experience in Development
- Excellent oral and written communication skills to support quality documentation of engineering actions and assessments within the applicable QMS

---

# Software Developer

**FUNCTION & RESPONSIBILITIES:**

- Development of medical software
- Contribute to architecture design both front and backend
- Contribute to software development processes

**QUALIFICATION AND EDUCATION REQUIREMENTS:**

- B.Sc. / M.Sc. in Computer Science or equivalent
- Familiarity with WinForms, docker/kubernetes, Entity Framework and SQL
- Experience with Scrum, Continuous integration and TDD
- Extensive experience in development
- Comfort for working in highly regulated Medical Device Development environment
- Excellent oral and written communication skills to support quality documentation of engineering actions and assessments within the applicable QMS

---

# IT Manager

**FUNCTION & RESPONSIBILITIES:**

- Oversee the technological infrastructure (networks and computer systems) in the organization to ensure optimal performance
- Participate in designing, developing, implementing and coordination of systems, policies and procedures
- Ensure security of data, network access and backup systems
- Plan the implementation of new systems to streamline all internal operations and provide guidance to other staff within the organization
- Troubleshoot and resolve all problems encountered with hardware and software within the organization

**QUALIFICATION AND EDUCATION REQUIREMENTS:**

- B.Sc. / M.Sc. degree in Information Technology, Computer Science or related discipline
- At least 5 years experience in a related field
- Excellent knowledge of IT systems and infrastructure
- Hands-on experience with computer networks, network administration and network installation
- Excellent oral and written communication skills to support team leadership, project update and interaction with all levels within the organization

---

**APPLICATIONS**
Please attach your resume and cover letter to your application when applying. Application deadline is until October 18, 2018.
Applications should be sent through the form on https://noxmedical.com/about/careers/ – Applications are treated with full confidentiality.
For further details on developer positions, please contact kristmundur@noxmedical.com. For details on IT Manager position, please contact arnarth@noxmedical.com.

**nox medical**

Nox Medical | Katrínartún 2 | 105 Reykjavík | 570 7170 | info@noxmedical.com | noxmedical.com



# Rafvirki í Borgarnesi

RARIK ohf auglýsir eftir rafvirkja til starfa á starfsstöð fyrirtækisins í Borgarnesi. Hér er um fjölbreytt starf að ræða í öflugum vinnuflokki sem vinnur við dreifikerfi RARIK á Vesturlandi. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

# Rafvirki í Ólafsvík

RARIK ohf auglýsir eftir rafvirkja til starfa á starfsstöð fyrirtækisins í Ólafsvík. Hér er um fjölbreytt starf að ræða í öflugum vinnuflokki sem vinnur við dreifikerfi RARIK á Vesturlandi. Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um.

## Helstu verkefni

- Viðhald á dreifikerfi RARIK
- Eftirlit með tækjum og búnaði
- Viðgerðir
- Nýframkvæmdir
- Vinna samkvæmt öryggisreglum

## Hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Drifkraftur og sjálfstæð vinnubrögð
- Bílpróf

Nánari upplýsingar veitir Sturla Rafn Guðmundsson, deildarstjóri framkvæmdasviðs á Vesturlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 16. október 2018 og skal skila umsóknum með ferilskrá á netfangið atvinnuumsokn@rarik.is.

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.

RARIK ohf • Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík • Sími 528 9000
www.rarik.is

RARIK

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

# Yfirlæknir og sérfræðingur í heimilislækningum óskast á heilsugæsluna í Vestmannaeyjum

**Helstu verkefni og ábyrgð yfirlæknis heilsugæslunnar**

- Skipulag og stjórnun lækninga við heilsugæslu
- Almennar heilsugæslulækningar og heilsuvernd
- Fræðsla til skjólstæðinga og aðstandenda
- Vaktþjónusta
- Leiðandi hlutverk í mótun og framkvæmd teymisvinnu starfsfólks á heilsugæslu
- Þátttaka í gæðaverkefnum innan stofnunarinnar s.s. þátttaka í kennslu og starfsþjálfun kandídata og sérnámslækna í heimilislækninum auk fræðslu til samstarfsmanna

**Helstu verkefni og ábyrgð sérfræðings í heimilis-lækningum**

- Almennar heilsugæslulækningar og heilsuvernd
- Fræðsla til skjólstæðinga og aðstandenda
- Vaktþjónusta
- Þátttaka í teymisvinnu og gæða- og nýsköpunarverkefnum innan stofnunarinnar

**Hæfniskröfur í bæði störf**

- Sérfræðiréttindi í heimilislækningum
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni í tjáningu í ræðu og riti
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Áreiðanleiki, jákvæðni og árangursmiðað viðhorf

**Frekari upplýsingar um störfin**
Um er að ræða tvö 100% störf, annars vegar yfirlæknis við heilsugæsluna í Vestmannaeyjum og hins vegar sérfræðings í heimilislækningum við sömu heilsugæslu. Viðkomendur þurfa að geta hafið störf frá 1. febrúar 2019 eða samkvæmt nánara samkomulagi.
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármálaráðherra og Læknafélag Íslands hafa gert.

Umsóknum skal skilað rafrænt á vef HSU **www.hsu.is** undir flipanum "lausar stöður".
Umsóknum þarf að fylgja staðfestar upplýsingar um menntun, starfsleyfi og fyrri störf.

**Umsóknarfrestur í störfin er til og með 15.11.2018.**

**Nánari upplýsingar veitir:**
**Sigurjón Kristinsson,** settur framkvæmdastjóri lækninga HSU, *sigurjon.kristinsson@hsu.is*
Sími: **432-2000.**



# ERT ÞÚ NÝI AÐILINN Í SÖLUTEYMIÐ OKKAR?

AUGLÝSINGADEILD FRÉTTABLAÐSINS ÓSKAR EFTIR SÖLUSNILLINGI Á STÆRSTA PRENTMIÐIL LANDSINS.

**Helstu kröfur:**
- Reynsla af sölumennsku æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í starfi og geta unnið í hópi.
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á Jóhönnu Helgu Viðarsdóttur, framkvæmdastjóra rekstrarsviðs - **johannahelga@365.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 7. október 2018.**

Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf hið fyrsta.

FRÉTTABLAÐIÐ MARKAÐURINN GLAMOUR FRÉTTABLAÐIÐ.IS TORG

## Sérfræðingur í öryggis-, heilsu- og umhverfismálum

Starfið felur í sér rekstur öryggis-, heilsu og umhverfisstjórnunarkerfis Actavis og Medis á Íslandi

**Helstu verkefni:**

- Daglegur rekstur ÖHU stjórnkerfis, s.s. innleiðing og eftirfylgni ÖHU reglna og leiðbeininga
- Þátttaka í og umsjón með forvarnaverkefnum
- Gerð áhættumata, úrvinnsla og eftirfylgni úrbótaverkefna
- Samantekt upplýsinga, skjalastýring og vinnsla í Sharepoint

**Við leitum að einstaklingi**

- með háskólamenntun sem nýtist í starfi
- með reynslu af öryggis-, heilsu- og/eða umhverfismálum hjá framleiðslufyrirtæki (kostur)
- með þekkingu á lögum og reglum á sviði öryggis-, heilsu- og umhverfismála (kostur)
- með góða tölvu- og enskukunnáttu
- sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum
- sem er sjálfstæður og agaður í vinnubrögðum



**Hjá Actavis bjóðum við upp á:**

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mötuneyti
- fræðslu og þjálfun
- þjónustu sem snýr að heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafélag

## Sérfræðingur – QA Specialist

Actavis leitar að sérfræðingi í Quality Affairs sem tilheyrir International 3rd Party Quality. Deildin sér um frígjöf á lyfjum sem framleidd eru af þriðja aðila fyrir Actavis. Einnig er deildin ábyrg fyrir gæðatengdum verkefnum er varða vörur losaðar af þriðja aðila fyrir Actavis.

**Helstu verkefni:**

- Yfirferð og samþykkt á forskriftum og gæðasamantektum (Product Quality Reviews)
- Meðhöndlun breytingarbeiðna og frávika
- Meðhöndlun kvartana og innkallana
- Stuðningur við gerð tæknisamninga
- Yfirferð og samþykkt á lotuskrám og skýrslum
- Þróun og viðhald á gæðakerfi deildarinnar

**Við leitum að einstaklingi**

- með grunnmenntun á háskólastigi á sviði raunvísinda
- með reynslu af GMP vinnu
- með góða ensku- og tölvukunnáttu
- sem er nákvæmur og agaður í vinnubrögðum
- sem er fljótur að tileinka sér nýja þekkingu
- með góða samskiptahæfni og skipulagshæfileika

Reynsla af lyfjaframleiðslu, yfirferð á gögnum og samskiptum við contract framleiðendur er kostur.





**Umsóknarfrestur er til og með 14. október nk.**
**Sótt er um bæði störfin inn á www.alfred.is.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Heiðrún Hreiðarsdóttir, heidrun.hreidarsdottir@tevapharm.com

Actavis
www.actavis.is



## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Grunnskólar**
- Aðstoðarskólastjóri í Smáraskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Lindaskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Hörðuvallaskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Smáraskóla
- Frístundaleiðbeinandi í Snælandsskóla
- Kennari á yngsta stig í Snælandsskóla
- Matráður starfsfólks í Vatnsendaskóla
- Matráður starfsfólks og frístundar í Hörðuvallaskóla
- Umsjónarkennari í Vatnsendaskóla
- Þroskaþjálfi eða sérkennari í Hörðuvallaskóla

**Leikskólar**
- Deildarstjóri í Fífusali
- Deildarstjóri í leikskólann Kópahvol
- Leikskólakennari eða þroskaþjálfi
- Leikskólakennar í Kópastein
- Leikskólakennar í Marbakka
- Leikskólakennar í Álfatún
- Starfsmenn í hlutastarf eftir hádegi
- Starfsmaður í sérkennslu í leikskólann Læk

**Velferðarsvið**
- Starfsfólk í félagslega heimaþjónustu
- Starfsfólk í íbúðarkjarna fyrir fatlað fólk
- Þroskaþjálfi / fagaðili á heimili fatlaðra

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær

kopavogur.is



Veðurstofa Íslands

# Framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs

**Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða í nýtt starf framkvæmdastjóra upplýsingatæknisviðs**

Framkvæmdastjóri sinnir daglegri stjórnun upplýsingatæknisviðs. Þar má meðal annars telja:

- Ábyrgð á stefnumótun og markmiðasetningu sviðsins
- Ábyrgð á upplýsingatæknistefnu stofnunarinnar og framfylgd hennar
- Ábyrgð á rekstri sviðsins, s.s. skipulagi, mannauðsmálum og áætlanagerð
- Ábyrgð á samskiptum við önnur svið og stofnanir er varða upplýsingatæknimál
- Þátttaka í alþjóðlegri samvinnu á sviði upplýsingatækni

Framkvæmdastjóri situr einnig í framkvæmdaráði Veðurstofunnar sem tekur stefnumótandi ákvarðanir fyrir stofnunina.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf og framhaldsmenntun sem nýtist í starfi, s.s. í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegu
- Farsæl reynsla og yfirgripsmikil þekking á stjórnun
- Farsæl reynsla við lausn upplýsingatækniverkefna
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Hæfni til að miðla upplýsingum
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði munnlegri og skriflegri.

**Hlutverk og meginverkefni**
„Framsækni og áreiðanleiki" eru tvö af gildum Veðurstofu Íslands og endurspeglast þau í víðtæku starfsumhverfi upplýsingatæknisviðs. Sviðið sér um rekstur upplýsingakerfa, notendaþjónustu, kerfisþróun, DevOps og leggur til sérfræðiþekkingu og ráðgjöf á vettvangi upplýsingatækni.

Starfsmenn sviðsins eru að jafnaði um 15 talsins og sinna fjölbreyttu starfi. Vegna sérstöðu og víðtæks hlutverks Veðurstofunnar við eftirlit með náttúrunni er áhersla lögð á fjölhæfa og mikla getu í kerfisþróun og sérhæfðum kerfisrekstri. Einnig er þörf á víðtækri þekkingu í nýsköpun og getu til samvinnu við önnur svið stofnunarinnar, sem og aðrar innlendar og erlendar stofnanir. Náttúruvárhlutverk Veðurstofunnar krefst jafnframt hás uppitíma kerfa, stöðugs reksturs og yfirgripsmikillar þekkingar á þeim (*knowledgeable buyer* kerfa), sem og liprar og aðlögunarhæfrar þjónustu. Sviðið skiptist því annars vegar í kerfisrekstur og þjónustu sem veitt er í 24/7 umhverfi og hins vegar hreina kerfisþróun og DevOps. Þörfinni um lipurð og aðlögunarhæfni er mætt með Agile verklagi og þörfinni á stöðugleika með gæðavottun ISO 27001 og ISO 9001.

Nánari upplýsingar um starfið veita **Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is** og **Gyða Kristjánsdóttir, gyda@hagvangur.is**, hjá Hagvangi.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Hagvangs, **www.hagvangur.is**

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. október nk.**

*Hlutverk Veðurstofu Íslands er að stuðla að **bættu öryggi almennings, eigna** og **innviða** gagnvart öflum náttúrunnar, jafnframt því að styðja **sjálfbæra nýtingu náttúrunnar** og **samfélagslega hagkvæmni**. Því hlutverki sinnir starfsfólk Veðurstofunnar með **vöktun lofts, láðs** og **lagar**, byggðri á **öflun, varðveislu** og **greiningu gagna, rannsóknum, þróun** og **miðlun upplýsinga**.*

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Á Veðurstofunni starfa **um 140 manns** með **fjölbreytta menntun** og **starfsreynslu** sem spannar **mörg fræðasvið**. Auk þess starfa um **70 manns** við **athuganaog eftirlitsstörf** víðsvegar um landið.*

*Starfsemin fer nú fram á fjórum sviðum, en þau verða fimm með tilkomu sérstaks upplýsingatæknisviðs: **Athugana- og tæknisvið, eftirlits- og spásvið, fjármála- og rekstrarsvið, úrvinnslu- og rannsóknasvið** og **upplýsingatæknisvið**.*

*Gildi Veðurstofunnar eru **þekking, áreiðanleiki, framsækni** og **samvinna**. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*

*Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar **www.vedur.is***



HAGVANGUR



## EAK óskar eftir starfsmanni

**Vantar starfsmann í fast starf til viðhalds eldsneytisafgreiðslutækja á Keflavíkurflugvelli.**

Fjölbreytt starf við eftirlit og viðgerðir á bílum og búnaði.
Meirapróf kostur en ekki skilyrði.
Hreint sakavottorð og íslenskukunnátta er skilyrði.
Viðkomandi þarf að hafa reynslu af viðgerðum og verkstæðisvinnu.

**Upplýsingar og umsóknir sendast á melkorka@eak.is**
**Umsóknafrestur er til og með 16. október 2018**

**EAK ehf.**
**Aviation Fuel Service– Keflavík Airport Iceland**

STUÐLAR
MEÐFERÐARSTÖÐ FYRIR UNGLINGA

Fossaleynir 17 (Grafarvogi), 112 Reykjavík
www.studlar.is

## Ráðgjafar á Stuðla

Vilt þú taka þátt í krefjandi og spennandi starfi með unglingum þar sem starfsfólk fær þjálfun í meðferðarstarfi svo sem í ART (agression replacement training)?
Um er að ræða tvær 100% stöður í vaktavinnu.

**Starfssvið**
Starfið felst m.a. í:
- meðferðarvinnu og daglegum samskiptum við unglinga.
- Umönnun og gæslu unglinga.
- samskiptum við foreldra.
- vinnu að tómstundastarfi með unglingum.
- einstaklingsbundnum stuðningi við unglingana í meðferð í samvinnu við deildarstjóra, og sálfræðinga.

**Persónulegir eiginleikar**
Lögð er áhersla á persónulega eiginleika, svo sem góða samskiptahæfni, sveigjanleika, jákvætt viðhorf til skjólstæðinga, líkamlegt og andlegt heilbrigði, áhuga á meðferðarstörfum og skipulögð vinnubrögð.

**Hæfnikröfur**
Colway býður upp á 100% hreint kollagen gel/serum bæði fyrir andlitið og líkamann. 100% hreina kollagenið hentar öllum en sérstaklega þeim sem eru með viðkvæma ofnæmis- og vandamálahúð. Kollagen andlitsgelið heitir Platinum og líkamskollagenið heitir Silver. Þetta hreina kollagen er talið það allra besta sem hægt er að fá fyrir húðina.

> Það nota flestir húðvörur daglega. Með því velja húðvörur sem innihalda kollagen nærðu að seinka öldrun húðarinnar og halda henni unglegri og fallegri mun lengur.

### ATELO húðvörulínan

Colway býður einnig upp á heila húðvörulínu sem heitir ATELO og innihalda allar vörurnar kollagen. Þessi lína inniheldur einnig kollagen gel fyrir andlitið og líkamann ásamt rakakremi, bæði léttu og með meiri raka, næturmaska, augnkremi, andlitsvatni, farðahreinsa og sérstöku líkamskremi sem vinnur sérstaklega á appelsínuhúð og annarri vandamálahúð.

Einnig framleiðir Colway sérstaka hárþykkingarlínu fyrir þá sem eru að glíma við lélegan hárvöxt, hárlos, lélegt og slitið hár.

Sölustaðir: Flest apótek, Heilsuhúsið og www.heilsanheim.is

## Meðmæli frá viðskiptavinum:

„Það eru allir að hrósa mér fyrir útlitið og spyrja mig að því hvað ég sé að gera öðruvísi. Það eina sem ég hef breytt er að ég byrjaði að nota nýju kollagen húðvörurnar frá COLWAY. Og ég verð að segja að árangurinn er ótrúlegur. Ég elska þessar vörur.

Fríða Pétursdóttir

„Eftir að ég byrjaði að nota nýju kollagen húðvörurnar frá COLWAY hefur húðin breyst alveg ótrúlega mikið. Hún er miklu stinnari og fallegri. Galdurinn er að geta borið kollagenið beint á þau húðsvæði sem mér finnst vera farin að láta á sjá og þannig næ ég að vinna á þeim línum og hrukkum sem hafa verið að myndast og gera mér lífið leitt.

Erna P. Einarsdóttir.




HAUST
RESTAURANT
VINSÆLA AMERÍSKA JÓLAHLAÐBORÐIÐ SNÝR AFTUR
BIG AMERICAN
Christmas buffet
Njótið jólanna með fjölskyldu og vinum á veitingastaðnum Haust.
Grasker í karamellu, sætkartöflukrem með sykurpúðum, kleinuhringjabar, jólahús fyrir börnin, heilsteiktur kalkúnn, innbökuð hnetusteik, nautalund Wellington og margt fleira.
Verð:
9.900 kr.*
fimmtudags- til laugardagskvöld
7.900 kr.*
sunnudags- til miðvikudagskvöld
*Frítt fyrir 5 ára og yngri og hálft verð fyrir 6-12 ára
Jólabrunch
frá og með 17. nóvember
um helgar 4.950 kr*.
Hádegisverðarhlaðborð með jólaívafi
alla virka daga 3.950 kr.*
Glæsilegt Jólahlaðborð
Öll kvöld frá 16. nóvember til og með 1. janúar
Bókaðu borð á haust@haustrestaurant.is
eða í síma 531 9020
Sjá nánar á haustrestaurant.is/jol
Haust Restaurant | Fosshótel Reykjavík | Þórunnartúni 1

# Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

K2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**HIGH QUALITY TERRITORY IMPROVEMENT AND LANDSCAPING WORKS:**
*wooden and stone fences

*cobblestone paving, path pavement, stone

*custom patios and terraces

*other area improvement works

Fair prices with guaranteed quality.
**Call us or email and we will happily prepare the best offer on:**
**ph. +354 787 9689**
**email. sgmezi@gmail.com**

E.Mót
Fyrirtæki í byggingariðnaði getur bætt við sig verkefnum í uppsteypu og utanhússklæðningum.
Upplýsingar í síma 8691027 eða fagmot@mail.com.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Önnur þjónusta



**REYKJAVÍK OG AKUREYRI**
www.parketogmalun.is 25 ára reynsla. Parketslípun, sólpallaslípun, korkslípun og parketlagnir. S:7728100 Erum á facebook Parket og málun.

## Skemmtanir

Bingóleiga
hjá
bingospil.is

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN.IS S. 867 6677

GLUGGA GERÐIN
Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

**Vírushreinsun og stýrikerfis-hreinsun**



*Fljót og góð þjónusta*

tölvuvinir.is
tölvuverkstæði
Hafðu samband
Sími: 445 0100
Langholtsvegur 126
104 Rvk.

SKER Hönnun & Gjafavara



Opnunartími:
Mánudaga-Miðvikudaga frá 12-17
Laugardaga frá 12-15
Langholtsvegur 126
104 Reykjavík
www.sker.is



**ALLAR TEGUNDIR Í HVAÐA ÁSTANDI SEM ER*!**

**ALLIR, JÁ ALLIR NOTAÐIR BÍLAR GANGA SEM HÁLF MILLJÓN UPP Í NÝJAN Í OKTÓBER**

*Bílarnir verða að vera á númerum og a.m.k hægt að aka þeim inn á planið.

# GAMLI BÍLLINN = 500.000 kr.



NÝR BÍLL
RENAULT MEGANE INTENS SPORT TOURER
verð frá. 2.990.000



NÝR BÍLL
CITROEN GRAND C4 PICASSO
**7 MANNA** verð frá. 3.990.000



NÝR BÍLL
SKODA OCTAVIA COMBI STYLE 2,0
**4WD** verð frá. 4.980.000



NÝR BÍLL
RENAULT KANGOO ENERGY
**7 MANNA** verð frá. 2.990.000



NÝR BÍLL
HYUNDAI I10 COMFORT NAVI
verð frá. 1.990.000



NÝR BÍLL
HYUNDAI I40 COMFORT+
verð frá. 3.990.000

Myndir eru af sambærilegum bílum. Með fyrirvara um ritvillur. Skoðunarskylda kaupanda á alltaf við.

Bílalíf Bílasala
**Við seljum líka nýja bíla, gerið verðsamanburð.**
Klettháls 2, 110 Reykjavík s.562-1717 **bilalif.is**

## Til sölu




Kassagítarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Billjard (pool) borð til sölu,fylgihlutir kúlur og kjuðar,nýtt. Uppl. s: 895-8840

# Skólar & Námskeið

## Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH & NORWEGIAN F. FOREIGNERS - ENSKA - NORSKA**

Levels/Stig: I, II, III, IV, V, VI: ÍSLENSKA f. útlendinga, NORSKA, ENSKA f. Fullorðna: Start/Byrja: 29/10, 26/11. 2019: 7/1, 4/2, 4/3, 1/4, 29/4, 27/5, 24/6, 22/7: 4weeks/4 vikur x 5 days/5 daga. 2-6 students/nem. Morn/Aftern/Evening. Morgna/Síðd/Kvöld. Price/Verð: 45.000,- www.iceschool.is - ff@icetrans.is -facebook.com/fullordinsfraedslan. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði



**TIL LEIGU**

Skólavörðustígur 4 er til leigu frá 1. Nóvember 2018. Áhugasamir hafi samband við netfang ggg@simnet.is

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Stýrimaður óskast á Friðrik Sigurðsson ÁR 17 Uppl í síma: 4833548 email: sigrun@hafnarnesver.is

Gæðastál ehf óskar eftir starfsmanni í fjölbreytt verkefni. Mikil vinna framundan. Uppl. S:699-6867

## Atvinna óskast

**STARFSFÓLK Í BOÐI**

Höfum í okkar röðum áreiðanlegt og reynslumikið starfsfólk í hin ýmsu verkefni. Meðal annars í smíðavinnu, flísalagnir og aðra múrvinnu, pípulagnir, vélavinnu og málningarvinnu ásamt allri almennri verkamannavinnu.

**Manngildi Starfsmannaþjónusta**

**s.780-1222**

## Viðskiptatækifæri

**EINKAHLUTAFÉLAG SEM HÆTT HEFUR REKSTRI ER TIL SÖLU**

**Upplýsingar í s. 862 3390**








MARKAÐURINN

Viðskiptafréttir sem skipta máli

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á miðvikudögum

» Þú getur einnig nálgast Markaðinn í Fréttablaðs appinu


# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

*Snyrti & nuddstofan Smart*

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.**

**Hægt að panta tíma á hofdabon.is**

HÖFÐABÓN

**Höfðabón ehf**
**Dugguvogi 10 (bakvið húsið)**
**S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com**

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

**viftur.is**

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

**íshúsið**



S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

HÖFÐABÓN

**BÓN OG ÞVOTTUR**

Hægt að panta tíma á hofdabon.is

Höfðabón ehf • Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

# Ungfrúin ekur um Akureyri

**Ungfrú Ragnheiður er skaðaminnkunarverkefni á Akureyri og er systurverkefni Frú Ragnheiðar. Sjálfboðaliðar dreifa sprautum og sprautunálum til fólks sem sprautar vímuefnum í æð og veita aðstoð með sáraumbúnað.**



Berglind Júlíusdóttir og Edda Ásgrímsdóttir eru hópstjórar Ungfrú Ragnheiðar. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

Ungfrú Ragnheiður er dálítið minni í sniðum en Frú Ragnheiður. Verkefnið fór af stað hér á Akureyri í janúar og því erum við ekki komin eins langt í þróuninni. Auk þess er Akureyri mun minna bæjarfélag sem verður til þess að við störfum aðeins meira á bak við tjöldin, allavega enn sem komið er. Oft finnst einstaklingum erfitt að leita eftir þjónustu því þeir eru hræddir við að vera dæmdir, og eru hræddir um að hitta einhvern sem þeir þekkja," segir Berglind Júlíusdóttir sem er hópstjóri Ungfrú Ragnheiðar ásamt Eddu Ásgrímsdóttur.

Töluverð þörf er á skaðaminnkunarverkefni á borð við Ungfrú Ragnheiði á Akureyri að mati Berglindar. „Það voru einstaklingar sem leituðu til okkar strax í janúar. Það kom okkur í raun á óvart hversu snemma fólk fór að nýta þjónustuna því við héldum að lengri tíma tæki fyrir það að vita af okkur." Flestir sem til Ungfrú Ragnheiðar leita eru milli tvítugs og þrítugs en vitað er um eldri einstaklinga sem ekki hafa leitað til sjálfboðaliðanna. „Við finnum að margir hafa ekki enn treyst sér til að leita til okkar," segir Berglind og telur því að helsta verkefni Ungfrúarinnar næstu misseri sé að byggja upp traust, trúnað og gott orðspor.

## Nálaskipti og heilsufarspróf

Verkefnið snýst í stórum dráttum um að koma hreinum nálum og sprautum til fólks sem notar vímuefni í æð. „Við reynum einnig að aðstoða fólk með alls konar vandamál sem koma upp. Við skiptum um sáraumbúðir og bjóðum fólki að taka HIV- og lifrarbólgu C-skyndipróf. Við viljum að fólki finnist það geta leitað til okkar og að það viti að hér mæti þeim engir fordómar."

## Vel tekið af bæjarbúum

Berglind segist finna fyrir miklum velvilja bæjarbúa. „Langflestir hafa tekið þessu vel og við finnum mikinn meðbyr með verkefninu. Við fáum oft spurningar frá fólki um hvað við séum að gera og hvernig sé hægt að aðstoða okkur. Ekki leggja allir í að vera sjálfboðaliðar en vilja í staðinn leggja verkefninu lið með öðrum hætti."

## Best að hafa samband

Í kringum 25 til 30 sjálfboðaliðar koma að verkefninu en allir hafa þeir sótt tíu tíma námskeið. Ungfrú Ragnheiður er ekki á sérútbúnum bíl líkt og stóra systirin í höfuðborginni. „Við fáum aðgang að jepplingi sem Rauði krossinn á og ökum honum þangað sem fólk vill hitta okkur."

Ungfrú Ragnheiður er á vakt á mánudögum og fimmtudögum frá klukkan 20 til 22. „Yfirleitt hefur fólk samband við okkur og við förum og hittum það á hentugum stað. Svo erum við með Facebook-síðu sem við fylgjumst með á hverjum degi, og ef fólk sendir okkur skilaboð um að það vanti aðstoð reynum við að manna vakt."

Nánari upplýsingar má finna á Facebook undir Ungfrú Ragnheiður. Einnig er hægt að hafa samband án endurgjalds í síma 800 1150.

## Rauði krossinn þakkar eftirfarandi aðilum fyrir að styrkja útgáfu Hjálparinnar

- AB varahlutir ehf
- Ópal Sjávarfang ehf
- Vilhjálmsson sf
- Bílasmiðurinn hf
- Klausturkaffi ehf
- Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf
- VA arkitektar ehf
- Verkstæðið ehf
- Rafbreidd ehf
- Elísa Guðrún ehf
- Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
- Ósal ehf
- Ottó B. Arnar ehf
- Íslensk endurskoðun ehf
- Hvestuveita ehf
- Sigurgeir G. Jóhannsson ehf
- Bandalag starfsm ríkis og bæja
- Endurskoðun Vestfjarða ehf
- Íslensk sálgreining ehf
- Bókhaldsstofa Haraldar slf
- Gjögur hf
- Steypustöðin Hvammstanga ehf
- Stéttarfélagið Samstaða
- Réttingaverkstæði Jóa ehf
- Réttur - Aðalsteinsson & Partners ehf
- Hjá Guðjónó ehf
- Verslunarmannafélag Suðurnesja
- JSÓ ehf.
- Fljótsdalshérað
- Ísfell ehf.
- Tempra ehf
- VAL-ÁS ehf
- Hár og hamar ehf
- Hilmar Bjarnason ehf., rafverktaki
- Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf
- Tölvar ehf
- Nínukot ehf
- Sæplast Iceland ehf
- Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja,SSF
- Síldarvinnslan hf
- Vetrarsól ehf
- Múr og meira ehf
- Dýrabær ehf
- Landssamband lögreglumanna
- Hafnarfjarðarhöfn
- Skrifstofuþjónusta Austurlands ehf.
- B.Markan-Pípulagnir ehf
- Sjúkrahúsið á Akureyri
- Lögmannafélag Íslands
- Geislatækni ehf,Laser-þjónustan
- Bílastjarnan ehf.
- Skorradalshreppur
- Danica sjávarafurðir ehf
- Tannréttingar sf
- Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
- Vélvirkinn sf
- Glaður ehf
- Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf
- Höfðakaffi ehf
- Reykjavíkurborg
- Garðabær
- DMM Lausnir ehf
- Ævintýradalurinn ehf
- Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf
- Hagvangur ehf
- Skólar ehf
- S.S. Gólf ehf
- Grindavíkurbær
- Blómagallerí ehf.
- Gufuhlíð ehf
- Hvalur hf
- Árni Helgason ehf
- Nonni litli ehf
- Hlíð ferðaþjónusta ehf
- Menntaskólinn við Hamrahlíð
- Sjúkranuddstofa Óskars ehf.
- Samvirkni ehf
- Níels A. Ársælsson
- Dómkirkjan
- Árbæjarapótek ehf
- Krossborg ehf
- Landssamband slökkvilið/sjúkrfl
- Dýralæknirinn á Breiðdalsvík
- Dacoda ehf
- Spölur ehf
- SÍBS
- Veiðivon
- Solo hársnyrtistofa sf.
- Margt smátt ehf
- Hveragerðissókn
- Kortaþjónustan hf.
- Blaðamannafélag Íslands
- Nobex ehf
- Krappi ehf
- Garðs Apótek ehf
- Rafmiðlun hf
- Aurum ehf
- Blikkrás ehf
- Pökkun og flutningar ehf
- Hársnyrtistofan Fagfólk ehf
- Burger-inn ehf
- NORTHERN LIGHT INN
- Tannlæknastofa A.B. slf.
- Múlaradíó ehf.
- Verslun Haraldar Júlíussonar
- Norðanfiskur ehf.
- G.Ben útgerðarfélag ehf
- Steinunn hf
- Loftorka Reykjavík ehf
- Gunnarshólmi grasavinafélag ehf
- Sjúkraþjálfun Georgs
- Löndun ehf
- Akraneskaupstaður
- Betra líf - Borgarhóll ehf
- Brunavarnir Suðurnesja
- Fáskrúðsfjarðarkirkja
- Brim hf
- Hópferðabílar Svans Kristóferssonar ehf
- Durum ehf
- Laugarnesskóli
- Þórður ehf
- Efling stéttarfélag
- Manning ehf
- Jökulsárlón ferðaþjónusta ehf.
- Flóahreppur
- Kambur ehf
- Endurvinnslan hf
- Verslunin Urð ehf
- Vestmannaeyjabær
- Grensáskirkja
- Rarik ohf
- Lögskil ehf
- Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis
- Ísold ehf
- Ljósmyndaver Hörpu Hrundar ehf.
- Vinnslustöðin hf
- Flensborgarskóli
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
- Gull- og silfursmiðjan ehf
- Guðmundur Arason ehf Smíðajárn
- THG arkitektar ehf
- Jónatansson & Co, lögfræðistofa ehf.
- Víkurraf ehf
- Reki ehf
- Danfoss hf.
- Flísar og steinn ehf.
- Orkubú Vestfjarða ohf
- Ásvélar ehf
- Bruggsmiðjan Kaldi ehf.
- Menntaskólinn að Laugarvatni
- Reykjavíkurprófastsdæmi eystra
- Hjallastefnan ehf
- Framhaldsskólinn á Laugum
- Rafgeisli Tómas R. Zoëga ehf
- Skaftárhreppur
- Sigurbjörn ehf
- Grófargil ehf
- Gámaþjónustan hf.
- Tannlæknastofa A.B. slf
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
- Miðstöðin Vestmannaeyjum
- Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf
- Ræktunarsamband Flóa og Skeiða
- SFR Stéttarfélag í almannaþjónustu
- Samiðn
- Ístak hf.
- Klettur - sala og þjónusta ehf.
- Seyðisfjarðarkaupstaður

# Hlæja og tala út í eitt

**Sylvía Ólafsdóttir er einn heimsóknavina Rauða krossins en þeir heimsækja fólk og veita því félagsskap með ýmsum hætti. Hún segir sjálfboðaliðastarf sitt sem heimsóknavinur gefa báðum aðilum mikið.**

Heimsóknavinir Rauða krossins eru sjálfboðaliðar sem heimsækja fólk á heimili þess, stofnanir sem það dvelur á, sambýli eða dvalar- og hjúkrunarheimili. Helsta hlutverk þeirra er að veita félagsskap, nærveru og hlýju en oft er um að ræða fólk sem er félagslega einangrað og hefur ekki mikið bakland, segir Sylvía Ólafsdóttir sem hefur starfað sem heimsóknavinur í um eitt og hálft ár. „Gestgjafinn fær þá heimsókn vikulega en þarf ekki að undirbúa hana á nokkurn hátt. Hún snýst einfaldlega um félagsskap og spjall en svo má líka fara í göngutúr, bíó eða eitthvað annað.“

### Tíminn mikilvægur

Sylvía sá auglýsingu frá Rauða krossinum fyrir einu og hálfu ári og fannst þetta sniðugt verkefni. Hún hafði styrkt ýmis málefni með fjárframlögum í mörg ár en hugsaði með sér að sennilega væri meiri vöntun á því að fólk styrkti starfsemina með tíma sínum. „Að auki stefndi í að yngsti sonur minn og sá eini sem er eftir í hreiðrinu færi í Menntaskólann á Laugarvatni í nám og yrði því á heimavist næstu þrjá veturna. Ég sá þetta þannig líka sem eitthvað fyrir mig að gera ef svo ólíklega vildi til að ég myndi sakna úrills unglingspilts.“

### Fjölbreytt umræðuefni

Heimsóknirnar hafa gengið mjög vel en þær taka um klukkutíma. „Oftast spjöllum við saman en við eigum margt sameiginlegt.



Sylvía, sonur hennar Valdimar og Helga gestgjafi. MYND/EYÞÓR

Stundum förum við í bíó, eða að hluti heimsóknarinnar fer í smá göngutúr til að fá súrefni og koma blóðinu á hreyfingu. Í síðustu viku fórum við í Bíó Paradís á RIFF-kvikmyndahátíðina og röltum á eftir upp á Laugaveg og kíktum á smá djasstónlist á Dillon. Við smellum mjög vel saman, hlæjum mikið og tölum endalaust. Ég hef líka getað leitað til hennar eftir ráðum varðandi lögfræði þar sem hún starfaði áður til áratuga sem lögmaður en sjálf er ég lögfræðingur.“

### Sonurinn hjálpar til

Sonur Sylvíu, Valdimar Gunnarsson, kemur með óbeinum hætti að verkefninu en hann fór út með hundinn hennar Helgu nær daglega síðustu tvö sumur. „Sumarið 2017 sagði Helga mér hvað hún væri með mikið samviskubit yfir að geta ekki sinnt hundinum sínum sem skyldi varðandi hreyfingu. Ég nefndi við hana að ég ætti tvítugan son á einhverfurófi sem væri aðgerðalaus á sumrin og ég gæti beðið hann um að koma inn í þetta.“

Valdimar segist vera mikill dýravinur og að honum og hundinum komi afar vel saman. „Hann þekkir mig nú orðið og veit hvenær ég er kominn. Ég hrósa honum á göngunum og klappa honum, þannig að ég held nú að ég sé svolítið í uppáhaldi hjá honum. Yfirleitt tökum við um 40 mínútna göngutúra sem er líka góð rútína fyrir mig því það er gott að hafa eitthvað að gera yfir sumarið auk þess sem ég fæ líka eitthvað greitt fyrir þetta. Ég hugsa að ég haldi áfram næsta sumar ef hana vantar aðstoð.“

Samhliða göngutúrunum hefur Valdimar aðstoðað Helgu lítillega varðandi ýmis tölvutengd verkefni og eru þau tvö orðin ágætis vinir að sögn Sylvíu.

### Skemmtilegur félagsskapur

Sylvía mælir algjörlega með því að fólk gefi sér smá tíma til að sinna sjálfboðastörfum á borð við heimsóknavini. „Maður finnur vel hvað gestgjafinn kann að meta þetta og hvers virði þetta er fyrir hann. Það er líka hollt að kynnast fólki í öðrum aðstæðum en maður sjálfur og fara aðeins út fyrir þægindahringinn. Svo getur líka gerst að þátttakendur lendi í því sama og ég, að passa ágætlega við gestgjafann og fá skemmtilegan félagsskap út úr þessu, í stað þess að hanga alltaf með sömu gömlu vinunum.“



„Það er mjög gefandi að geta orðið öðru fólki að liði,“ segir Ágúst Ó. Georgsson símavinur. MYND/ERNIR

# Gefandi að hjálpa

Verkefnið Símavinir hófst haustið 2016 en þá hringja sjálfboðaliðar Rauða krossins til þeirra sem þess óska. Yfirleitt er þetta um hálftíma spjall sem er tekið tvisvar í viku en verkefnið er byggt upp á svipaðan hátt og heimsóknavinir Rauða krossins. Ágúst Ó. Georgsson hefur starfað sem símavinur frá upphafi og segir hann verkefnið hafa gengið afar vel. „Helsta markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun fólks með því að hringja í það en verkefnið er hugsað sem viðbótarúrræði við heimsóknavini sem lengi hafa verið við lýði. Viðmælendur eru oft í mikilli neyð, t.d. aldraðir, fatlaðir, fólk á stofnunum eða aðrir sem eru mjög einmana af öðrum ástæðum. Það getur hentað sumum betur að hringt sé í þá en að sjálfboðaliði komi í heimsókn og þá getur símavinur verið góður valkostur.“

Ágúst er enn að hringja í sama einstaklinginn og í upphafi sem

> **Helsta markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun fólks með því að hringja í það en verkefnið er hugsað sem viðbótarúrræði við heimsóknavini sem lengi hafa verið við lýði.**

segist bíða eftir símtali frá honum og að hann sakni hans þess á milli. „Dæmigert símtal byrjar á því að við heilsumst með virktum og gerum svolítið að gamni okkar. Svo spjöllum við um hvort eitthvað hafi gerst frá því að við töluðum saman síðast. Símavinurinn fær tækifæri til að ræða um sína hagi eða annað sem hann hefur áhuga á og þá er það mitt hlutverk að hlusta. Honum finnst gaman að tala um veðrið og matur og eldamennska er uppspretta endalausra umræðna. Í lok samtals þakkar símavinurinn mér hástöfum og segir elskan mín í öðru hverju orði. Það sem helst hefur komið mér á óvart er hvað þessi símtöl hafa gengið vel og að aldrei hefur komið neitt upp á, sem er alls ekki sjálfgefið.“

Hann mælir með þátttöku í verkefninu enda sé þörfin mikil og um leið er svo lítið sem sjálfboðaliðar þurfa að leggja á sig. „Tvö símtöl á viku heiman frá okkur geta skipt sköpum fyrir einmana sálir og þær eru allt of margar í velferðarsamfélagi okkar. Það er mjög gefandi að geta orðið öðru fólki að liði sem virkilega þarf á því að halda. Og ef þetta er að skila einhverju jákvæðu til símavinarins er það bæði uppbyggilegt og hvetjandi í senn fyrir mig og uppspretta gleði.“



Sigríður Ingvadóttir er sjálfboðaliði í ökuvinaverkefni Rauða krossins.

# Skemmtilegar samræður

Ökuvinaverkefni Rauða krossins hófst í nóvember 2017 og er þannig sett upp að annan hvern laugardag, ef veður leyfir, fá sjálfboðaliðar á Héraði bílaleigubíla lánaða hjá Bílaleigu Akureyrar og bjóða íbúum af Hjúkrunarheimilinu Dyngju á Egilsstöðum í bíltúr um nærliggjandi sveitir. Hópur sjálfboðaliða samanstendur af átta bílstjórum og er Sigríður Ingvadóttir einn þeirra. „Við tökum yfirleitt um um klukkutíma bíltúra og endum yfirleitt á kaffihúsi sem vekur alltaf jafn mikla gleði hjá hópnum. Þar fáum við alltaf mjög fínar móttökur og boðið er upp á flott kökuhlaðborð með kaffinu. Það eru þrír farþegar í bíl og oft nokkrir bílar. Þá er svo sannarlega mikið spjallað. Margir íbúa Dyngju eru mjög fróðir um staðhætti hér og nöfn á stöðum, fjöllum og hólum. Það er því óhætt að segja að það myndist skemmtilegar og fræðandi

> **Það er sannarlega gott að gefa af sér og sérstaklega gaman að geta gert eitthvað fyrir gamalt fólk. Það kann mjög vel að meta það.**

umræður í bílnum og sjálf fræðist ég heilmikið í þessum bíltúrum.“

Sjálf varð Sigríður öryrki um þrítugt en er komin yfir fimmtugt í dag. „Ég tek þátt í tveimur verkefnum hjá Rauða krossinum þar sem ég tekst á við ýmis verkefni til að hjálpa öðrum, án þess að það taki of mikið líkamlega á mig. Það er sannarlega gott að gefa af sér og sérstaklega gaman að geta gert eitthvað fyrir gamalt fólk. Það kann mjög vel að meta það.“




# Mannvinir eru *allra* mál

Starf Gylfa er mögulegt vegna Mannvina. Með mánaðarlegu framlagi styður þú við mannúðar- og hjálparstarf innanlands og utan þar sem þörfin er mest.

Vilt þú vera Mannvinur?
mannvinir.is

Rauði krossinn

# Veðrið mesta váin



Haukur segir gaman og gefandi að vinna með Rauða krossinum. MYND/EINKASAFN

**Neyðarvarnir eru eitt mikilvægasta verkefni sem Rauði krossinn sinnir. Haukur Valsson er í neyðarvarnarhópi Rauða krossins í Borgarnesi, sem er sérhæfður í að takast á við hópslys og setja upp fjöldahjálparmiðstöðvar.**

Neyðarvarnarhópurinn í Borgarnesi sinnir neyðarvörnum, líkt og Rauði krossinn gerir á landsvísu, og opnar fjöldahjálparstöð þegar á þarf að halda. Það getur t.d. verið vegna náttúruhamfara eða slysa. Oftast nær er skólahúsnæði notað fyrir þessa starfsemi. Hér í Borgarnesi höfum við góða aðstöðu í Hjálmakletti sem er mennta- og menningarhús Borgarbyggðar. Þar er mötuneyti og hvíldaraðstaða og fljótlegt að setja upp móttöku fyrir slasaða,“ segir Haukur Valsson sem hefur starfað með Rauðakrossdeild Borgarness í um tvo áratugi. Hann er slökkviliðsmaður og vinnur einnig við sjúkraflutninga. „Ég kynntist starfi Rauða krossins í gegnum konuna mína, Ragnhildi Kristínu Einarsdóttur, en hún var um tíma formaður deildarinnar í Borgarnesi,“ segir Haukur.

### Komu frönskum skólabörnum í skjól

Neyðarvarnarhópurinn sækir reglulega æfingar og námskeið og er ávallt viðbúinn til starfa. „Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu er alltaf á bakvakt og Neyðarlínan getur kallað út allar deildir á landinu eftir því sem þörf er á,“ segir Haukur.

Honum er ofarlega í huga atvik frá því fyrr á þessu ári þegar rúta með um 30 manns, þar af 26 frönskum skólabörnum, fauk út af Borgarfjarðarbraut, milli Hvanneyrar og Hests. Hann segir mikla mildi að enginn hafi slasast alvarlega. „Í þessu tilviki var hópslysaáætlun Almannavarna virkjuð eftir að kall barst frá Neyðarlínunni. Björgunarsveitir og allt tiltækt sjúkralið á svæðinu var kallað út. Mesta áherslan var á að koma fólki í skjól í Borgarnesi. Um leið og neyðarvarnarhópurinn var ræstur út var byrjað að undirbúa komu slasaðra í húsnæði skólans. Veðrið var svo vont að ekki var stætt úti. Þeir sem ekki fóru beint á sjúkrahús voru skoðaðir í fjöldahjálparmiðstöðinni. Hlúð var að börnunum sem voru að vonum skelkuð eftir þessa lífsreynslu.“




Neyðarvarnarhópurinn á kerru en í henni eru dýnur, teppi og annar nauðsynlegur búnaður. Kerran var lánuð á Suðurlandið þegar gaus í Eyjafjallajökli.

### Veðrið snarpara nú en áður

Hann segir að stuttu áður hafi neyðarvarnarhópurinn verið kallaður út vegna fjöldaáreksturs á Holtavörðuheiðinni. „Þá var einnig sett upp fjöldahjálparmiðstöð í skólanum. Í okkar starfi leikur veðrið stórt hlutverk. Veðrið er snarpara nú en áður og fólk er líka meira á ferðinni í hvaða veðri sem er, allt árið um kring. Ferðamönnum hefur einnig fjölgað mikið. Þetta þýðir að oft koma upp atvik sem þarf að sinna,“ segir Haukur.

> **Í okkar starfi leikur veðrið stórt hlutverk. Veðrið er snarpara nú en áður og fólk er líka meira á ferðinni í hvaða veðri sem er, allt árið um kring.**

Honum finnst bæði gaman og gefandi að taka þátt í sjálfboðaliðastarfi Rauða krossins og segir að oftast sé auðvelt að fá fólk til starfa. „Svo smitar þetta út frá sér. Tvö yngri börnin mín og tengdasonur eru að læra lögreglufræði. Sonur minn vinnur við sjúkraflutninga og er með neyðarflutningsréttindi,“ segir Haukur stoltur að lokum.

# Veitir flóttamönnum stuðning

**Inga Lára Ásgeirsdóttir er stuðningsaðili fyrir fjölskyldu flóttamanna sem kom til Íslands frá Írak í boði íslenskra stjórnvalda. Hún segir starfið skemmtilegt og gefandi, en að það geti verið erfitt.**

Inga Lára Ásgeirsdóttir er afar öflugur sjálfboðaliði sem hefur starfað sem stuðningsaðili fyrir fjölskyldu kvótaflóttafólks frá Írak sem kom til Reyðarfjarðar í boði íslenskra stjórnvalda. Hún segir að starfið sé virkilega gefandi, en það geti líka tekið á, því menningarmunurinn sé mikill og fólkið hafi gengið í gegnum erfiða lífsreynslu sem setji mark sitt á það.

„Í febrúar auglýsti Rauðakrossdeildin hér á Reyðarfirði eftir sjálfboðaliðum til að standsetja íbúðir fyrir fólkið,“ segir Inga. „Ég ákvað að taka þátt í því þar sem ég er vön að starfa sem sjálfboðaliði og mér finnst það gefa manni mikið að gefa af sér út í samfélagið.

Um páskana ákvað ég svo að ganga lengra og gerast stuðningsaðili. Ég sinni fyrst og fremst félagslegum stuðningi, skutla þeim í ýmis erindi, fer í heimsóknir og hjálpa þeim að aðlagast íslensku samfélagi,“ segir Inga. „Þau hafa

> **Þau hafa líka verið voðalega dugleg að bjóða mér í mat og leyfa mér að smakka matinn.**

líka verið voðalega dugleg að bjóða mér í mat og leyfa mér að smakka matinn frá heimalandinu, þannig að ég hitti þau töluvert oft.

Mér finnst þetta rosalega skemmtilegt og ég læri ótrúlega mikið af þeim. Það skemmtilegasta við þetta er að kynnast nýju fólki og nýrri menningu og að láta gott af sér leiða, en mér finnst mikilvægt að vita að maður sé að gera gott fyrir aðra,“ segir Inga. „Börnin eru líka rosalega skemmtileg og að upplagi er öll fjölskyldan afskaplega kát og þakklát.

En auðvitað getur þetta líka tekið á og maður þarf að passa sig að taka ekki of mikið inn á sig,“ segir Inga. „Eðlilega fara þau í gegnum miklar sveiflur, því þau hafa gengið í gegnum mikið og fólkið þeirra er úti um allan heim, bæði sem flóttafólk og við misgóðar aðstæður í Írak. Svo eru það mikil viðbrigði að koma til Íslands, það er allt öðruvísi hér.

Það geta verið tungumálaörðugleikar og auðvitað er erfitt að horfa upp á fólk sem líður illa, en maður þarf að muna að leyfa fagaðilum að sjá um ákveðna hluti,“ segir Inga. „Maður þarf að passa sig að fara ekki að reyna að leysa öll vandamálin, maður á bara að hjálpa og veita stuðning.

Þetta gengur vel, en það er eðlilegt í þessum aðstæðum að þetta sé miserfitt. Þess vegna skiptir máli að veita svona félagslegan stuðning,“ segir Inga. „Krakkarnir eru í skóla, þar sem þau læra íslensku hratt, en þau eldri þurfa að læra meiri íslensku og æfa sig meira til að hafa fleiri starfstækifæri. En heilt yfir finnst mér þeim ganga vel og þau vera ánægð.“



Inga Lára er hér með íröksku fjölskyldunni sem kom til Reyðarfjarðar frá Írak. Hún segist hafa lært ótrúlega mikið af þessari líflegu fjölskyldu.

Það er nóg að byrja á
hæ
Ekkert vandamál er of stórt eða of lítið fyrir netspjall 1717
HJÁLPARSÍMI OG NETSPJALL RAUÐA KROSSINS
1717 .is


LIFANDI VÍSINDI
KOMDU MEÐ Í FERÐALAG
UM ÆVINTÝRAHEIMA VÍSINDANNA!
FRÁBÆRT ÁSKRIFTARTILBOÐ!
www.visindi.is



Hjónin Magnús og Ragnheiður, ásamt sonum sínum Guðmundi og Hauki. Öll eru þau samtaka í að gera vel við gesti sína í Tjöruhúsinu, sem þau tóku við árið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Notum bara það nýjasta og ferskasta

Tjöruhúsið er merkilegt kennileiti á Ísafirði. Það er eitt af friðlýstu húsunum í Neðstakaupstað, fulltrúum 18. aldar. Húsið hefur breyst í vel metinn veitingastað og betri fiskur en þar er framreiddur er vandfundinn.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Heimamenn á Ísafirði fara með gesti sína í mat á Tjöruhúsið, túristar lesa lofsamlegar umsagnir um staðinn á netinu og láta ekki hjá líða að gera eigin bragðprufur þegar þeir eiga leið um. Því er Tjöruhúsið tvísett öll kvöld yfir sumartímann.

Það er fjölskylda sem rekur Tjöruhúsið. Magnús Hauksson og Ragnheiður Halldórsdóttir tóku þar við rekstri árið 2004, sem þá hafði verið í formi kaffi- og vöfflusölu, og þau bættu hádegismat við en höfðu einungis opið yfir sumarmánuðina fyrstu tvö árin. Nú er opið frá páskum út október og þrjú börn þeirra hjóna, Haukur, Salóme og Guðmundur, hafa tekið við stjórninni. Salóme sér um skipulag og gestamóttökur, Haukur um daglegan rekstur, bókanir og stefnumótun og Guðmundur er innkaupastjóri og kokkur, ásamt föður sínum. Foreldrarnir leggja hönd á plóg líka, enda annríki mikið, einkum yfir sumartímann. „Þetta er fimmtánda sumarið okkar en við erum að eldast,“ segir Magnús.

„Við vorum með veitingastað hér við höfnina áður, sem hét Sjómannastofan, það er að vísu langt síðan, 1987 til 1993. Seinna var Maggi beðinn að taka þetta að sér,“ lýsir Ragnheiður.

„Þá var þetta bara í mýflugumynd,“ segir Magnús. „Þetta var sumarstaður, það var erfitt að fá fólk til að vinna og Ísafjarðarbær bauð 150 þúsund króna meðgjöf með rekstrinum.“

„Ég sagði nei fyrst,“ segir Ragnheiður. Við áttum þá lítil börn og þetta er svo mikil vinna. En Maggi bað svo fallega, „geerðu það“, þá sagði ég já! Svo voru börnin hlaupandi hér um og þau vaxa ekkert upp úr því.“

Fiskurinn er aðalhráefnið í matargerðinni að sögn Ragnheiðar. „Ég sagði við Magga að við skyldum bara hafa fisk. Þegar við rákum Sjómannastofuna með alls kyns mat, þá voru 97% allra útlendinga sem völdu fisk.“

Eru fastir réttir? „Nei, það er breytilegt frá degi til dags og fer algerlega eftir því hvað kemur upp úr sjónum. Við notum bara það nýjasta og ferskasta,“ segir Magnús.

„Maggi sér um löndun hér og veit alveg hvernig fiskur á að vera. Hann þekkir hvað er best. Keypti til dæmis gríðarlega fallegan kola í gær,“ segir Ragnheiður. „Svo erum við mjög heppin að vera með svona ungan mann í eldhúsinu eins og Guðmund, hann kemur með nýjar hugmyndir að matreiðslu, því maður staðnar með aldrinum.

Hann er búinn að þróa ýmsa rétti. Þetta er í raun hlaðborð á kvöldin með sjö til ellefu tegundum, plús meðlæti, og við erum með tvísett í salnum í þrjá mánuði á sumrin.“



Kolapannan með kartöflum og salati komin á borð úti á stétt á milli húsanna fjögurra sem tilheyra Neðstakaupstað.

## Koli fyrir tvo að hætti Tjöruhússins

**Hveitiblanda**
- 1 bolli hveiti
- 2 matskeiðar Knorr fiskikrydd
- Kryddað eftir smekk (t.d. má nota kóríanderduft, paprikuduft, sítrónupipar).

**Til steikingar**
- Tvö væn flök af nýjum kola
- Fjórar matskeiðar (60 g) íslenskt smjör, mjúkt.
- Háhitaþolin matarolía til steikingar
- Safi úr hálfri sítrónu
- 250 g kirsuberjatómatar
- Knippi af steinselju (saxað smátt)
- Soðnar eða steiktar kartöflur sem bæta má á pönnuna áður en hún er borin fram, ef fólk vill.
- Smá af cayenne-pipar

**Aðferð**
Hrærið saman hveitiblönduna og komið fyrir í djúpum diski. Snyrtið kolaflökin ef með þarf, skerið þau í hentugar stærðir (miðlungs kolaflak mætti hluta í 3 til 4 bita, hægt er líka að steikja flakið heilt, en það er meiri kúnst að snúa).

Hitið matarolíu á pönnu þar til hún er við það að fara rjúka – mikilvægt er að ná góðum hita til að steikingin takist vel, þó ekki þannig að kolinn brenni.

Veltið kolastykkjum úr hveitiblöndu og komið þeim fyrir á rjúkandi pönnu með sárið niður, roðið upp. (Sýnið ávallt aðgát við meðferð steikjandi heitrar olíu.) Steikið þau við háan hita í ca. 90 sekúndur og bætið þá smjörinu á pönnuna. Látið það bráðna í ca. 20 sekúndur. Snúið flökunum við. Þau eiga að vera vel brúnuð að þessu ferli loknu.

Bætið við kirsuberjatómötum, kreistið sítrónu yfir og stráið steinselju yfir til skrauts, auk cayenne-pipars eftir smekk.

Ath! – Pannan ætti að vera í þykkri kantinum, svo hitadreifingin sé sem jöfnust. Heimakokkar eru öruggastir með að velja non-stick pönnur en lengra komnir geta gert tilraunir með aðrar gerðir.



Innanstokks er allt í fornum stíl eins og vera ber.

# HELGARTILBOÐ

OPIÐ ALLA HELGINA – LAU. 11-16 og SUN. 13-17 Á SUÐURLANDSBRAUT OG LAU. 10-17 og SUN. 13-17 Á GLERÁRTORGI



Hotpoint

**Hotpoint RPF843EU**
1400sn 8kg þvottavél með kolalausum mótor og 12 þvottakerfum ásamt hraðkerfi. Stafræn niðurtalning á þvottatíma.

TILBOÐ
**49.995**
FULLT VERÐ 69.995



LG

SOUND BAR

**LG SJ4**
2.1 Soundbar og þráðlaus bassahátalari með Bluetooth og SIMPLINK.

TILBOÐ
**19.995**
FULLT VERÐ 29.995

## RETRO ÚTVARPSTÆKI 5.000 KR. AFSLÁTTUR

GRUNDIG

**GRUNDIG TR1200**
Góður hljómur í smáu tæki.
Fáanlegt í tveimur litum.



TILBOÐ
**9.995**
FULLT VERÐ 14.995



blendtec *3 litir*

**Blendtec 575BL/WH**
Öflugur Classic blandari með FourSide könnu og einföldu hnappaviðmóti.

TILBOÐ
**39.995**
FULLT VERÐ 49.995

## VANDAÐ PÖNNUSETT 50% AFSLÁTTUR



Tefal

**TEFAL C6959082**
Pönnusett með þykkum og góðum botni fyrir betri hitaleiðni ásamt Thermospot.

TILBOÐ
**6.497**
FULLT VERÐ 12.995

## LOFTTÆMINGARVÉLAR 30% AFSLÁTTUR



OBH NORDICA

VERÐ FRÁ
**6.996**

## AVIKEN VÖFFLUJÁRN 25% AFSLÁTTUR



ÅVIKEN

VERÐ FRÁ
**4.871**

## TREBS SOUS VIDE TÆKI 40% AFSLÁTTUR



TREBS COMFORT PRODUCTS

**TREBS 99334**
Vacuumsuðutæki fyrir alla potta með tímastilli og nákvæmni upp á 0.1°C.

TILBOÐ
**8.997**
FULLT VERÐ 14.995

## DOLCE GUSTO KAFFIVÉLAR 20–30% AFSLÁTTUR



NESCAFÉ Dolce Gusto

VERÐ FRÁ
**4.995**



## UNITED TILBOÐ

RÉTTA SJÓNVARPIÐ Á BETRA VERÐI

**32"** United LED32X18
TILBOÐ
**19.995**
FULLT VERÐ 22.995

**55"** United LED55X18
TILBOÐ
**49.995**
FULLT VERÐ 69.995

**65"** United LED65X18
TILBOÐ
**89.995**
FULLT VERÐ 99.995

**75"** United LED75X18
TILBOÐ
**169.995**
FULLT VERÐ 199.995




*Opið alla helgina!*

Heimilistæki ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • AUSTURVEGI 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** skrifar um lyfjahneyksli.



Gervilimir sem útbúnir voru fyrir eitt þýsku Contergan-barnanna.

# Dauðinn í apótekinu

Í dægurlaginu We Didn't Start the Fire frá árinu 1989 stiklar laga- og textahöfundurinn Billy Joel á stóru í mannkynssögunni frá fæðingarári sínu 1949. Á rúmum fjórum mínútum ryður Joel út úr sér 100 mannanöfnum, örnefnum eða kunnum atburðum sem hann telur einkennandi fyrir tímabilið.

Flest nöfnin eru alþekkt enn í dag: Einstein, Truman, James Dean og Marilyn Monroe falla til dæmis í þann flokk. Söguáhugafólk kannast sömuleiðis við stjórnmálaleiðtoga úr þriðja heiminum, nöfn átakasvæða og helstu orrustur Víetnamstríðsins. Minnisstæðar bíómyndir og sjónvarpsþáttaraðir fá sinn sess, en svo eru það atburðirnir sem fallið hafa í gleymskunnar dá eða kalla á upprifjun. Þannig vísa orðin „Edsel is a no-go" (sem er látið haganlega ríma við Belgians in Congo) til hinnar misheppnuðu bifreiðategundar Ford Edsel frá árinu 1959. „Children of thalidomide" er önnur torræð vísun. Hún er einmitt viðfangsefni þessa pistils.

Thalidomide er fræðiheiti á efnasambandi sem markaðssett hefur verið undir mörgum ólíkum nöfnum í gegnum tíðina eftir að farið var að nýta það sem lyf. Saga þess er kolsvört og má segja að hneykslismálið sem varð Billy Joel að yrkisefni hafi orðið til þess að breyta hinum alþjóðlega lyfjamarkaði varanlega. Í Þýskalandi er talað um Contergan-hneykslið, en undir því nafni var lyfið selt þar í landi.

Upphaf þessarar sögu má rekja til hernáms Bandamanna í Þýskalandi í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar. Stjórnendur hernámsliðsins settu strangar reglur um ýmsa þætti þýsks samfélags, ekki hvað síst varðandi það hvaða varning þýskum iðnfyrirtækjum væri heimilað að framleiða. Meðal þess sem rataði á bannlistann voru fúkkalyf, sem leiddi til alvarlegs skorts á þessum mikilvægu lyfjum í stríðshrjáðu landinu. Þessi lyfjaskortur með tilheyrandi svartamarkaðsbraski varð síðar hluti af söguþræði hinnar minnisstæðu kvikmyndar Þriðji maðurinn eftir sögu Grahams Greene með Orson Welles í lykilhlutverki.

Að lokum fengust sigurvegarar stríðsins til að leyfa Þjóðverjum að framleiða fúkkalyf. Lítil verksmiðja, Chemie Grünenthal, sem einkum hafði búið til sápur og ilmvötn, reið á vaðið og viðskiptin blómstruðu. Grünenthal-fyrirtækið lét sápugerðina lönd og leið og sneri sér alfarið að lyfjaframleiðslu. Í fyrstu lét það nægja að framleiða lyf eftir einkaleyfum annarra, en fljótlega hófst þróun á nýjum lyfjum. Stjórnendur fyrirtækisins lögðu sérstaka áherslu á að þróa megrunarlyf, sem talin voru mjög söluvænleg. Þær rannsóknir leiddu þó lyfjafræðinga Grünenthal skjótt inn á allt aðrar brautir.

### Fundin gullgæs

Á árinu 1953 veittu vísindamenn fyrirtækisins athygli efninu sem síðar hlaut heitið thalidomide. Grunaði þá þegar að það gæti komið að gagni sem róandi lyf, bæði sem svefnlyf og til að slá á vanlíðan og ógleði. Tveimur árum síðar hófust þeir handa við að gera tilraunir á dýrum, sem einkum fólust í að gefa tilraunadýrunum skammta af efninu og kanna hvort þau dræpust. Fyrstu niðurstöður bentu til þess að jafnvel í mjög stórum skömmtum væri thalidomide ekki banvænt.

Túlkun fyrirtækisins á þessum takmörkuðu rannsóknarniðurstöðum var glannaleg svo ekki sé fastar að orði kveðið. Því var slegið föstu að efnið væri með öllu skaðlaust og þá ekki aðeins tilraunadýrum heldur einnig mönnum, þótt sáralitlar slíkar rannsóknir hefðu farið fram.

Í októbermánuði 1957 var lyfið sett á markað undir heitinu Contergan, sem fyrr segir. Fyrirtækið hafði tryggt sér söluleyfi í fjölda landa, auk þess sem framleiðsluleyfi voru seld til fyrirtækja víða um lönd. Jafnframt var ráðist í stórfellda auglýsingaherferð í fjölda fagtímarita og bréf send til 200 þúsund lækna með upplýsingum um lyfið nýja. Í kynningarefninu var sérstaklega lögð áhersla á hversu öruggt lyfið væri og laust við allar hliðarverkanir. Til að auka trúverðugleika þeirra staðhæfinga voru birt ummæli og rannsóknarniðurstöður ýmissa sérfræðinga og heilbrigðisstarfsmanna. Í mörgum tilvikum var þó aðeins hið jákvæðasta í umsögnunum valið úr en varnöglum og fyrirvörum sleppt.

Markaðurinn tók hinu nýja lyfi fagnandi. Í Vestur-Þýskalandi var Contergan ekki lyfseðilsskylt og jók það vinsældir þess enn frekar. Það var selt við hvers kyns kvillum, vanlíðan og svefnleysi. Einkum var því þó haldið að þunguðum konum, þar sem lyfið var talið vinna gegn morgunógleði.

Stjórnendur lyfjafyrirtækisins höfðu ástæðu til að kætast. Pantanirnar streymdu inn og peningarnir sömuleiðis. En fljótlega mátti líka sjá fyrstu óveðursskýin við sjóndeildarhring. Fyrirtækinu tóku að berast fyrirspurnir frá sérfræðingum sem óskuðu eftir staðfestingu á fullyrðingum um skaðleysi lyfsins, þar á meðal frá finnskum yfirvöldum sem spurðu hvort öruggt væri að efnið gæti ekki borist í fóstur í móðurkviði. Í Austur-Þýskalandi neituðu heilbrigðisyfirvöld að samþykkja sölu á Contergan, en auðvelt var að afskrifa þá ákvörðun sem öfund kommúnistastjórnarinnar í garð nágranna sinna.

> LYFIÐ VAR TALIÐ VINNA GEGN MORGUNÓGLEÐI.

### Hörmulegar afleiðingar

Enn alvarlegra áhyggjuefni voru þó bréf sem tóku að berast frá læknum sem lýstu ýmiss konar hliðarverkunum af notkun lyfsins, einkum í stórum skömmtum. Voru vísbendingar um að Contergan gæti valdið taugabólgu og jafnvel óafturkræfum taugaskemmdum. Síðar, þegar farið var í gegnum gögn fyrirtækisins kom í ljós að viðbrögðin voru einatt á sömu leið: ábendingunum var svarað með því að engar aðrar kvartanir hefðu borist vegna lyfsins. Áhyggjuröddunum var meðal annars vísað á bug með þeim rökum að læknar væru skiljanlega með horn í síðu lyfs sem almenningur gæti keypt í lausasölu og læknastéttin missti því spón úr aski sínum. Innan fyrirtækisins var þó farið að ræða á laun um hvort ástæða væri til að breyta auglýsingum lyfsins á einhvern hátt, vegna vísbendinganna um hættuna á taugabólgu.

Það var þó ekki fyrr en langt var liðið á árið 1958 að skelfilegustu afleiðingar Contergan tóku að birtast. Börnum með alvarlega fæðingargalla tók að fjölga gríðarlega. Um var ræða börn með afmyndaða útlimi eða sem vantaði hreinlega hendur og fætur. Augnskaðar voru algengir, sem og ýmiss konar skemmdir á innri líffærum. Meira en helmingur barnanna dó skömmu eftir fæðingu.

Fæðingargallar af þessu tagi voru vissulega ekki óþekkt fyrirbæri, en nú urðu þeir tíðari en nokkur dæmi voru um. Á fáeinum misserum fæddust á bilinu fimm til sjö þúsund börn með fæðingargalla sem raktir hafa verið til lyfsins í Vestur-Þýskalandi.

Erfitt er að skilja hvers vegna faraldur af þessari stærðargráðu vakti ekki samstundis athygli heilbrigðisyfirvalda og hafa sagnfræðingar leitað á því skýringa. Bent hefur verið á að umsjón með málaflokknum hafi að mestu verið í höndum héraðsstjórna og stjórnvöld í Bonn því skort yfirsýn. Til marks um það var sjálfstætt heilbrigðisráðuneyti ekki stofnað á vegum sambandsstjórnarinnar fyrr en rétt um það leyti sem Contergan-hneykslið kom upp.

Önnur skýring hefur verið nefnd til sögunnar, en hún er sú að ódæðisverk nasista hafi enn hvílt á þýskum læknum eins og mara. Mannkynbótastefna nasista gekk meðal annars út á að skrá fólk sem talið var erfðafræðilega ófullkomið og sem hindra ætti í að auka kyn sitt. Í ljósi þeirrar fortíðar hafi heilbrigðisfólk veigrað sér við því að skrá fæðingargalla nýbura eða vekja athygli á tíðni þeirra.

Með tímanum hlutu grunsemdir þó að vakna, jafnt hjá sérfræðingum og almenningi, um að eitthvað skrítið væri á seyði. Frásögnum af alvarlega vansköpuðum börnum fjölgaði, sem leiddi til þess að enn fleiri stigu fram og höfðu sömu sögu að segja.

### Upp komast svik ...

Fyrstu tilgátur voru á þá leið að um væri að kenna kjarnorkuvopnatilraunum risaveldanna, sem kepptust um þær mundir við að þróa vopn sín með sprengingum í andrúmsloftinu. Áhyggjur af skaðlegum áhrifum þess á heilsu fólks fóru vaxandi og samþykkti þýska þingið í tvígang að láta rannsaka hvort samhengi kynni að vera á milli tilraunanna og fæðingargalla.

Á sama tíma í Ástralíu hafði fæðingarlæknirinn William McBride veitt athygli grunsamlegri fjölgun alvarlegra fæðingargalla. Líkt og hjá starfsbræðrum hans í Vestur-Þýskalandi beindust grunsemdir McBrides í fyrstu að kjarnorkuiðnaðinum. Fljótlega áttaði hann sig þó á að mæður barnanna sem um ræddi áttu það sameiginlegt að hafa notað Contergan á fyrstu stigum meðgöngu. McBride varð fyrstur lækna til að benda opinberlega á þessi tengsl árið 1961 og öðlaðist hann mikla frægð fyrir. Uppgötvun hans var lengi hampað sem stórafreki af ástralska vísindasamfélaginu, en eftir að McBride dróst sjálfur inn í lyfjahneyksli nokkrum árum síðar var nafn hans snyrtilega máð úr sögubókum.

Ábendingar McBrides og fleiri aðila urðu til þess að Contergan var tekið úr sölu á árinu 1961. Við tóku margra ára réttarhöld þar sem stjórnendur lyfjafyrirtækisins voru sakaðir um falsanir og yfirhylmingu. Áður en dómur féll höfðu vesturþýsk stjórnvöld frumkvæði að sáttargjörð, þar sem fórnarlömbum lyfsins voru tryggðar bætur sem að miklu leyti komu úr ríkissjóði. Enginn þurfti að dúsa í fangelsi vegna afbrotanna og Grünenthal hélt áfram rekstri eins og ekkert hefði í skorist. Margir áratugir liðu áður en fyrirtækið fékkst til að biðjast afsökunar á gjörðum sínum. Þótti mörgum sú afsökunarbeiðni koma alltof seint og ekki ganga nógu langt. Harmleikurinn varð þó til þess að eftirlit með lyfjaiðnaðinum og nýjum lyfjum á markaði var hert til mikilla muna.

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17
KVIKA



33%

## GUFUSLÉTTIR ALGJÖR SNILLD

ALDREI VERIÐ LÉTTARA AÐ SLÉTTA ÚR FLÍKUM

VERÐ ÁÐUR.....5.995
TILBOÐ ............3.995



30% af öllum Jamie Oliver pottum og pönnum frá Tefal

Jamie Oliver HA pottasett 5stk.

FULLT VERÐ.......34.995
KRINGLUKAST ...24.495

# KRINGLUKAST

# byggtogbúið

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS

## ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á WWW.BYGGTOGBUID.IS

KAI PURE **KOMACHI2** 3STK **HNÍFASETT**



25%

VERÐ ÁÐUR...7.995
TILBOÐ .........5.995

KitchenAid BLANDARI



20%

SVARTUR

VERÐ ÁÐUR...29.995
TILBOÐ .........23.995

OBH Nordica **SLÉTTIBURSTI ARTIST PRO**

40%

VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ .........5.995

Medisana **HITA UNDIRTEPPI**

VERÐ ÁÐUR...4.995
TILBOÐ .........3.745

OBH Nordica **MATVINNSLUVÉL** Compact Fresh

40%

VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ .........5.995

CONTIGO **BRÚSAR OG MÁL**

20%



LE CREUSET

50%

40x38 sm

Alhliða grillpanna Svört - Mött

VERÐ ÁÐUR...19.995
TILBOÐ ...........9.995

Le Creuset **VASAR**

50%



VERÐ ÁÐUR...5.995
TILBOÐ .........2.995

## NÝJUNG – SENSEO SWITCH



PHILIPS Senseo

VEGLEGUR KAUPAUKI
3 pakkar af Senseo kaffi og 2 Senseo glös!

FULLT VERÐ ............22.995
KYNNINGARVERÐ ... 17.995

## RYKSUGUVÉLMENNI

iRobot

HREIN SNILLD!



ÞÚ SPARAR 10.000

Roomba 695
VERÐ ÁÐUR...69.995
TILBOÐ .........59.995

ÞÚ SPARAR 20.000

Roomba 981
VERÐ ÁÐUR... 149.995
TILBOÐ ......... 129.995

ARIETE STRAUSTÖÐ

60%



VERÐ ÁÐUR...19.995
TILBOÐ ...........7.995

**Philips** SJÁLFVIRK KAFFIVÉL INCANTO



ÞÚ SPARAR 25.000

VERÐ ÁÐUR... 104.995
TILBOÐ ........... 79.995

**DeLonghi** ESPRESSO KAFFIVÉL MAGNIFICA 1,8L

ÞÚ SPARAR 10.000

VERÐ ÁÐUR... 59.995
TILBOÐ ......... 49.995



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Elínbjörg Kristjánsdóttir**

sem lést á heimili sínu mánudaginn 1. október, verður jarðsungin í Garðakirkju þriðjudaginn 9. október kl. 13.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar yndislega eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**Sesselja Sigurrós Gísladóttir**
**(Setta)**
Starengi 30,

andaðist laugardaginn 29. september. Hún verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 11. október kl. 13.00.

**Viggó Vilbogason**
**Reynir Örn Viggósson** **Berglind Harpa Helgadóttir**
**Rósa Viggósdóttir** **Emil Sigurður Magnússon**
**Gísli Páll Jónsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún Snævarr**

lést á líknardeild Landspítalans þann 30. september. Útför verður gerð frá Háteigskirkju föstudaginn 12. október klukkan 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð líknardeildar Landspítala.

**Jakob Möller**
**Sunna Dóra Möller** **Bolli Pétur Bollason**
**Kristín Þóra Möller** **Örn Ævar Hjartarson**
**Árni Baldur Möller** **Hildur Freysdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



**Jón Ásgeirsson. Aría um vorið og ástina úr nýrri óperu hans um Vatnsenda-Rósu verður frumflutt í næstu viku.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Fór tíu ára að semja en sagðist hafa fundið lögin

## Jón Ásgeirsson tónskáld fagnar níræðisafmæli 11. október. Íslenskt tónlistarfólk fagnar því allan mánuðinn og hver viðburðurinn rekur annan. Sá fyrsti er í Salnum.

Það eru vinir, kunningjar og gamlir nemendur sem hafa tekið það upp hjá sjálfum sér að gera svona mikið úr afmælinu mínu," segir Jón Ásgeirsson tónskáld sem verður níræður þann 11. október. Þegar því er slegið fram að þetta fólk líti á hann sem guðföður sinn í tónlist, tekur hann því sem fjarstæðu. „Nei, nei, blessuð vertu," segir hann ákveðinn.

*En þú ert nú búinn að kenna ansi mörgum, er það ekki?*

„Jú, tugum. Meðal þeirra eru tónskáldin Gunnsteinn Ólafsson og Kjartan Ólafsson. Mamma hans Kjartans kenndi mér á píanó. Hún hringdi í mig og spurði hvort ég væri ekki til í að taka að mér strákinn."

Jón kveðst hafa sjálfur verið með í ráðum þegar ákveðið var að hafa opið hús í Von, sal SÁÁ við Efstaleiti, á afmælisdaginn, þann 11. október. Þar kemur tónlistarfólk fram og formlega verður kynnt ný útgáfa Ísalaga á öllum sönglögum hans í tveimur heftum og eitt hefti með aríum og dúettum úr óperum. Meðal þess sem sungið verður er upphafskafli nýjustu óperunnar hans, sem fjallar um Vatnsenda-Rósu. „Það er aría um vorið og ástina," segir Jón og tekur fram að um frumflutning sé að ræða.

En margt annað er á döfinni. Í dag verða Maximús-tónleikar í Hörpu og þar á Jón eitt verk, Tröllaslag. Svo tekur Salurinn forskot á afmælissæluna með tónleikum annað kvöld, þar sem sönglög Jóns, bæði einsöngslög og kvartettar, hljóma og líka aríur og dúettar úr óperum hans, Þrymskviðu, Galdra-Lofti og Möttulssögu.

Jón starfaði lengi við kennslu við Söngskólann í Reykjavík og Kennaraháskólann og 1996 var hann skipaður prófessor við þann síðarnefnda. Hann stjórnaði líka kórum, Liljukórnum, Karlakór Reykjavíkur og Fóstbræðrum. Eftir hann liggur mikið af tónsmíðum sem munu halda nafni hans á lofti um ókomin ár.

*Byrjaðir þú ungur að semja?*

„Ég var um tíu ára aldurinn þegar ég lærði nótur, bara af sjálfum mér. Mamma hafði keypt píanó handa bróður mínum en hann hafði engan áhuga. Ég varð hins vegar hrifinn og byrjaði strax að búa til lög, skrifaði þau niður og sýndi kennaranum mínum þau. Hann sá náttúrlega strax að ég hefði búið þetta til sjálfur en ég sagðist hafa fundið þetta í bók. Kennarinn var gæðamaður og þegar leið langt á milli þess að ég kom með eitthvað frumsamið þá spurði hann: „Hefurðu ekki séð neitt í bókum nýlega?" Svo fór ég að læra á píanó og Kristinn Ingvarsson, sem var organisti í Reykjavík, kenndi mér fyrstu tvö árin. Alger öðlingur."

*Hvernig skyldi svo afmælisbarninu líða með aldurinn?*

„Ágætlega nema hvað ég er að verða blindur. Ég get ekki lesið lengur og ekki skrifað nótur. Það er dálítið bagalegt."

**gun@frettabladid.is**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kristjana Helga Guðmundsdóttir**
Núpalind 6, Kópavogi,

lést á hjartadeild Landspítalans miðvikudaginn 3. október. Útför auglýst síðar.

**Kristjana Bjarnadóttir** **Þorsteinn Sigurðsson**
**Ólöf Bjarnadóttir** **Guðlaugur G. Jónsson**
**Ása Bjarnadóttir** **Árni Valur Árnason**
**Elín Hreindal Bjarnadóttir**
**Birna Bjarnadóttir** **Gísli Örn Gíslason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn og faðir,

**Þorsteinn Kristjánsson**
frá Gásum,
Suðurbyggð 12 á Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 1. október. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 15. október kl. 13.30.

**Þórey Ólafsdóttir**
**Stefanía Þorsteinsdóttir** **Gísli Pálsson**
**Kristín J. Þorsteinsdóttir** **Kristinn Sigurharðarson**
**Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir** **Rögnvaldur Ólafsson**
**Ásdís Alda Þorsteinsdóttir** **Árni Þór Bjarnason**
**Ólöf Ásta Þorsteinsdóttir** **Sigurþór Guðmundsson**
**afa og langafabörn.**

# Svo eitt haust fór mærin með…

Endurmenntun Háskóla Íslands verður með opið hús í dag, 6. október, frá klukkan 14 til 16 á Dunhaga 7, í tilefni af 35 ára afmæli sínu. Boðið verður upp á kaffi frá Kaffitári ásamt afmælistertu og Blaðrarinn verður á staðnum með blöðrudýr handa yngstu kynslóðinni.

Fluttir verða nokkrir örfyrirlestrar fyrir alla fjölskylduna. Einn þeirra ber yfirskriftina Svo eitt haust fór mærin með mjólkurbíl um leið og féð. Þar fjallar Kristín Einarsdóttir um dægurlagatexta síðustu aldar og tengsl þeirra við samfélagið og maður hennar, Gunnar Jóhannsson, syngur þá.

„Ég ætla að velta því upp hvernig dægurlagatextar endurspegluðu andann í þjóðfélaginu hverju sinni,“ segir Kristín. Til dæmis þegar þéttbýlismyndun stóð sem hæst og sveitastúlkan kom alsaklaus í hina syndum spilltu borg og leigði sér herbergi upp við Óðinstorg og Þórður sjóari sem elskaði þilför, var fulltrúi margra manna,“ segir Kristín. Hún telur að upp úr miðri öld hafi fólk farið að læra að njóta náttúrunnar, ekki bara nota hana. Textar eins og Fram í heiðanna ró og Söngur villiandarinnar beri vitni um það.


Gunnar og Kristín kunna skil á gömlum dægurlagatextum.

Fleiri smellnir fyrirlestrar verða á dagskrá. Edda Björgvins fjallar um húmor og fleiri styrkleika og Örn Óskarsson er með einn sem nefnist: Fuglarnir okkar – heiðlóa, himbrimi og krossnefur. Herdís Finnbogadóttir býður svo upp á fjölskylduhugleiðslu.

– gun

---



✝

**Alda Finnbogadóttir**

lést á Landspítalanum í Fossvogi 29. september sl. Útför fer fram föstudaginn 12. október kl. 15.00 frá Hafnarfjarðarkirkju.

**Torfi Sigurbjörnsson**

---



✝

Bróðir okkar,

**Guðmundur Guðfinnsson**

frá Bolungarvík,

lést á Hrafnistu 25. september sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Systkini hins látna.**

---



✝

Elsku systir okkar, mágkona og frænka,

**Ásta Valmundardóttir**

Eiðistorgi 3, Seltjarnarnesi,

er andaðist þann 24. september, var jarðsett frá Seltjarnarneskirkju í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Jakobína Margrét Valmundardóttir**
**Knútur Valmundsson** **Ingibjörg Sigfúsdóttir**
**Birna Valmundsdóttir Driva** **Stig Driva**
**frændsystkini.**

---



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og minningargjafir vegna andláts og útfarar ástkærar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Hrafnhildar Magnúsdóttur**

Neðstaleiti 8, 103 Reykjavík.

**Guðmundur Pálsson** **Ragnheiður Þóra Kolbeins**
**Auður Pálsdóttir** **Ingólfur Ásgeir Jóhannesson**
**Guðbjörg Pálsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Elskulegur bróðir minn og frændi okkar

**Bragi Þór Guðjónsson**

húsasmíðameistari
frá Vatnsdal í Fljótshlíð
Vesturbergi 62,

lést fimmtudaginn 27. september á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði. Útför hans fer fram í Fossvogskirkju þriðjudaginn 9. okt. nk. kl. 13.00.

**Lóa Guðjónsdóttir og frændsystkini hins látna.**

---



✝

Ástkæra dóttir okkar, systir og móðir,

**Karen Rós Kristjánsdóttir**

lést á heimili sínu 29. september. Útförin fer fram frá Útskálakirkju fimmtudaginn 11. október kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarreikning í nafni dóttur hennar, Rakelar Evu. 211014-3850-142-18-751601.

**Kristján Þór Pétursson og Arna Ósk Arnbjörnsdóttir**
**Pétur Már Kristjánsson**
**Rakel Eva Karenardóttir**

---



✝

Okkar ástkæra

**Rannveig Jónsdóttir**

Hraunvangi 7, Hafnarfirði,
áður Kleppsvegi 6, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði aðfaranótt 25. september. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 12. október kl. 13.

**Fyrir hönd aðstandenda og vina,**
**Helga Loftsdóttir og Sigurbjörn Þorbergsson**

---



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Unnsteins Þorsteinssonar**

vélstjóra,
Miðleiti 3, Reykjavík.

Okkur langar sérstaklega að þakka starfsfólki 4B á Landspítalanum í Fossvogi fyrir sérlega góða umönnun, fallega framkomu og hversu þétt þið stóðuð við bakið á okkur aðstandendum. Þið eigið heiður skilið fyrir ykkar mikilvæga og óeigingjarna starf.

**Rut Árnadóttir**
**Þorsteinn Unnsteinsson**
**Árni S. Unnsteinsson** **Anna Guðmundsdóttir**
**Sigurlaug K. Unnsteinsdóttir** **Þorsteinn J.J. Brynjólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og stuðning vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, fósturföður, tengdaföður og afa,

**Gísla Magnússonar**

frá Frostastöðum,
til heimilis að Freyjugötu 28, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fá Ljósið, heimahjúkrun og líknardeild Landspítalans.

**Ólöf S. Arngrímsdóttir**
**Magnús Halldór Gíslason** **Sólveig Þrándardóttir**
**Jóda Elín Valgerður Margrétardóttir**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn og besti vinur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Brynjólfsson**

framkvæmdastjóri Verkfæralagersins,
Kríuhólum 4, Reykjavík,

lést sunnudaginn 23. september á Tenerife. Útför verður auglýst síðar.

**Hrafnhildur Gunnarsdóttir**
**Brynjólfur Gunnarsson** **Ásta Bjarnadóttir**
**Tómas Haraldsson** **Selma Smáradóttir**
**Móeiður Tómasdóttir**
**Sara Brynjólfsdóttir** **Alma Brynjólfsdóttir**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Hansína Magnúsdóttir**

Hátúni 4,
Reykjavík,

lést 27. september. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 10. október kl. 13.

**Karítas Kristín Ísaksdóttir**
**Magnús Gunnarsson**
**Guðmundur Gunnarsson** **Helga Lára Árnadóttir**
**Örn Magnússon** **Bergljót Bragadóttir**
**Gunnar Þór Gunnarsson** **Halla Sigurgeirsdóttir**
**og ömmubörn.**

---



✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og systur,

**Ásthildar Salbergsdóttur**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Líknardeildar og Heimahlynningar LSH fyrir góða umönnun, vinsemd og hlýlegt viðmót.

**Friðrik F. Söebech**
**Berglind Söebech**
**Þórarinn Söebech** **Stefanía Unnarsdóttir**
**Birta Kristín, Ásta Fanney og Friðrik Fannar**
**Vilhelmína Þórdís Salbergsdóttir**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, sonur minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Óskar Áskell Sigurðsson**

lést á Hjartadeild Landspítalans miðvikudaginn 3. október sl.

Útför verður auglýst síðar.

**Rebekka Alvars**
**Guðríður Magnúsdóttir**
**Karen Rakel Óskarsdóttir** **Stefán Þór Helgason**
**Guðríður Svava Óskarsdóttir** **Halldór Benjamín Guðjónsson**
**Alvar Óskarsson** **Eydís Örk Sævarsdóttir**
**Edith Ósk Óskarsdóttir** **Kristinn Dan Guðmundsson**
**Kristín Eva Óskarsdóttir** **Ágúst Birgisson**
**og barnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kolbrún Jóhannesdóttir**

veitingakona,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu föstudaginn 28. september. Útför fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 9. október klukkan 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Linda Ingvarsdóttir** **Gissur Ísleifsson**
**Guðmundur Ingvarsson** **Winut Somri**
**Ísleifur Gissurarson** **Erna Kristjánsdóttir**
**Kolbrún Gissurardóttir**
**Hrafnkell Gissurarson**
**Védís Gissurardóttir**
**Snorri Guðmundsson** **Auður Kristjánsdóttir**
**Sara Guðmundsdóttir** **Bjarki Freyr Arason**
**barnabarnabörn.**

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**ULLARSOKKAR**



**LAUSNARORÐ** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtast bæði fjall og skáldsaga (12). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 11. október næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „6. október".



FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Hinir smánuðu og svívirtu** eftir **Fjodor Dostojevskí** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku voru **Elísa Björg Þorsteinsdóttir, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Flárað tæmum vér blóðvöll í einlægum fögnuði (13)
**11** Hér ræktar jötuninn Loki kál sitt og kartöflur (8)
**12** Tilfinningar tóku yfir í 12 mánuði; það voru þvingandi tímar (13)
**13** Finnið það nafn á þennan mat sem best á við (10)
**14** Tel grænlensku sléttbakana að norðan (11)
**15** Örg eftir átök og áhlaup (6)
**16** Leita lóðar þjóðar vorrar bestu sveitar (9)
**17** Honum tókst að nota kíló pipar í piparkökurnar (11)
**23** Höndlar þú spjót konungs sveiflunnar? (10)
**28** Þekki varg á sveipum sem tíðkast í þeirra sveitum (11)
**29** Allt um snatt og kleinur (10)
**30** Slægjurnar voru grösugar en hneigðar til vætu (9)
**31** Með pólís á íshokkívelli (12)
**32** Stálpinni í óbognum tálknflísum (9)
**34** Leik með þá aura sem leikurinn býður (12)
**40** Herrar og frúr frá Hellissandi eru dansarar góðir (8)
**41** Læt lund mína og nærveru fyrir rétt verð (7)
**42** Fer frá Fróni fyrir tré fjarri garði (7)
**43** Liðurinn er fullkomlega í keng (8)
**44** Veggernir? Hvort er þetta flámæli eða fagmenn? (7)
**45** Jóakim – fremstur meðal steggja (7)

### LÓÐRÉTT

**1** Fljót geyma dæmafá leiði enn í huga sér (10)
**2** Lemur sála ljá á sláandi tún (10)
**3** Velgjum hold og sóla í híbýlum manna og hitakompum (10)
**4** Lengja varataugina (10)
**5** Ætla má að snar rani narri fuglsins sin (8)
**6** Rýnt í rán kvikindanna hans Ægis (9)
**7** Garður Þorsteins kallar á tigl (9)
**8** Skel skal grafin í útpælda jörð (9)
**9** Vil að þú gangir út, það væri skref í rétta átt (9)
**10** Ímyndaður molinn dugar skammt fyrir hnugginn mann (9)
**17** Bújörð eða barnaskóli tengir vatn við vatn? (9)
**18** Stafir eru neðansjávar en stjórar ráða för (9)
**19** Hersing feit sem fox rambaði í skollans felluna (12)
**20** Þau sem sjá eftir hverjum sopa kalla ég dreypara (12)
**21** Er þessi eldgamla Ísafold þá úr Eyjum? (7)
**22** Af lömbum og staðbundnum smábilunum (7)
**24** Ilmdrekar í flutningabransanum (7)
**25** Haukur er þjófóttur spjátrungur (7)
**26** Öldukast er sjaldan stakt, en sjógangur er það (7)
**27** Tekurðu snúning með mér gæska, við til þess gjörða tóna? (8)
**33** Ben er fyrir utan, skelfilega skakkur (6)
**34** Messa um fræ sem opna allar dyr (5)
**35** Gulir og geggjaðir eftir að þær tóku þeim blóð (5)
**36** Tré raska röðinni (5)
**37** Hvernig kemur maður Persa í uppnám? (5)
**38** Búinn með allt í húsinu og byrjaði þó á öfugum enda (5)
**39** Ein stika hvar sem torfa finnst (5)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | 3 | | 2 | | 9 | 6 | 5 |
| | 1 | | | | | | 2 | |
| | 5 | 6 | | | 3 | | 8 | |
| 4 | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | | | 7 | 1 | 4 | 2 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | | | 8 | | | 2 | | |
| 5 | 7 | | 3 | 4 | | 6 | | 8 |
| | 4 | | 2 | | | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | | | 3 | 1 | 7 |
| | | | | | 4 | 2 | | |
| 1 | | | | | | | 4 | |
| 5 | | | | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | | | 8 | | 7 | |
| | | 9 | 6 | 2 | | | 8 | 4 |
| 6 | | 5 | 7 | 3 | | | | |
| | 3 | | 8 | | | | | 5 |
| | | 8 | 9 | 5 | 6 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 4 |
| 4 | | | 8 | | | 7 | | |
| | | 8 | | | 6 | 5 | | |
| | | 9 | | 1 | | 8 | | 5 |
| | 4 | 7 | | | 8 | | | 6 |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 2 | | | 3 | | |
| 1 | | | 6 | | 7 | | | |
| | 3 | | | 8 | | 9 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 8 | 1 | 5 | 7 | 3 | 9 | 6 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 6 | 1 | 2 | 9 | 5 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 8 | 4 | 7 | 2 | 3 | 1 | 6 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 4 | 6 | 1 | 2 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 3 | 6 | 4 | 2 | 9 | 5 |
| 4 | 9 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 7 | 1 |
| 5 | 2 | 3 | 1 | 9 | 7 | 4 | 8 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 1 | 6 |
| 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 6 | 4 | 7 | 2 |
| 6 | 2 | 7 | 9 | 1 | 4 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 7 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 1 | 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 | 8 |
| 4 | 3 | 6 | 2 | 5 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 7 | 1 | 8 | 5 | 4 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 8 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 5 | 4 | 9 | 6 | 3 | 1 | 8 | 2 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 |
| 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 7 | 3 | 8 | 1 |
| 8 | 1 | 2 | 9 | 3 | 5 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 | 1 | 2 |
| 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 3 | 7 |
| 7 | 3 | 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 |
| 1 | 9 | 3 | 6 | 5 | 2 | 8 | 7 | 4 |
| 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 4 | 9 | 6 | 3 |
| 6 | 4 | 7 | 8 | 9 | 3 | 1 | 2 | 5 |

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Alhechin átti leik gegn Freeman í New York árið 1924.

**1. Rh6+! Dxh6 2. Hxf8+ Kxf8 3. Dd8# 1-0.** Fylgst er vel með Ólympíuskákmótinu á skak.is og meðal annars er daglegt hlaðvarp þar sem Gunnar og Ingvar fara yfir allt það helsta.

**www.skak.is:** Allt um Ólympíuskákmótið.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### SJALDSÉÐ MISTÖK

Bestu spilarar heims gera einnig mistök eins og við meðalspilararnir þó að þau séu færri. Nýverið fór fram heimsmeistarakeppni í Orlando (21.09.-6.10.) og sveitakeppnismótið bar heitið „Rosenblum". Eftir útsláttarkeppni, þar sem flestar sterkustu sveitir heims spiluðu, mættust sveitir Zimmermann og Lavazza í úrslitaleiknum. Margir telja þær sterkustu sveitir heims. Úrslitaleikurinn var 64 spil og sigurinn kom í hlut Zimmermanns. Í sveit hans voru: Pierre Zimermann, Franck Multon, Piotr Gawrys, Michel Klukowski, Tor Helness og Geir Helgemo. Leikurinn fór 241 impi gegn 162. Í sveit Lavazza var Ítalinn Sementa sem gerði sjaldséð mistök í úrslitaleiknum í þessu spili. Suður var gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ ÁK732
♥ K987
♦ K
♣ KG10

**Vestur**
♠ G5
♥ 5
♦ 8632
♣ D97642

**Austur**
♠ -
♥ ÁDG106
♦ DG10754
♣ Á8

**Suður**
♠ D109864
♥ 432
♦ Á9
♣ 53

Sementa opnaði á 2 ♠ veikt í suður og Ítalinn Bocchi í norður hækkaði í 4 ♠. Þá kom Helness inn á 4 gröndum (2 litir) á austurhöndina. Helgemo í vestur sagði 5 ♣ sem Bocchi doblaði og Helness sagði 5 ♦ (sem lofaði tígli og hjarta). Þann samning doblaði Bocchi einnig. Sementa spilaði út laufafimmu, Helness reyndi drottningu sem Bocchi drap á kóng og ás frá sagnhafa. Hann spilaði áfram laufi og Bocchi átti slaginn á tíuna. Hann reyndi spaðaásinn og Helness trompaði. Hann spilaði nú tíguldrottningu og Sementa gaf samninginn með því að fara upp með ás og fella kóng blankan hjá Bocchi. Á hinu borðinu í leiknum voru einnig spilaðir 5 ♦ doblaðir eftir svipaðar sagnir og sá samningur fór rólega 1 niður.

# PIER





EMMEN HÆGINDASTÓLAR
69.900,- 55.920,-



VELÚR SKEMLAR
59.900,- 41.930,-



HAAG HORNSÓFI
169.900,- 135.920,-

20% AFSLÁTTUR AF HAAG SÓFUM





PAPASAN STÓLL + PULLA FRÁ 14.990,-



HAAG TUNGUSÓFI
199.900,- 159.920,-



NÝJAR VÖRUR!



30% AFSLÁTTUR AF MANHATTAN LÍNUNNI



VELÚR KOLLAR 12.990,-

**www.pier.is**

**SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS**

Gildir 4. - 10. október. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

PIER BRINGING IT HOME

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KJARNAFÆÐI

ÍSLENSKT
Lambakjöt

Af nýslátruðu 2018




**2.098**
kr. kg

**Kjarnafæði Lambahryggur**
Lundarpartur, af nýslátruðu




**1.998**
kr. kg

**Kjarnafæði Lambahryggur**
Heill, af nýslátruðu




**1.259**
kr. kg

**Íslandslamb Lambalæri**
Sérskorið, af nýslátruðu

ÍSLENSK
FRAMLEIÐSLA




**698**
kr. ks

**Pepsi og Pepsi Max**
10x330 ml

Íslenskur
KJÚKLINGUR
á góðu verði




**669**
kr. kg

**Bónus Kjúklingaleggir**
Ferskir

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ




**1.398**
kr. kg

**Brauðostur**
26%




**298**
kr. 770 g

**Myllu Heimilisbrauð**
770 g




**1.398**
kr. 150 stk.

**Lýsi Omega3 Forte**
150 töflur

Verð gildir til og með **7. október** eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

ÍSLENSKT
*gjörið svo vel*

**Haframjöl og tröllahafrar**
Sunnlensk gæðavara unnin úr bragðmiklum og hægsprottnum höfrum af ökrum í Meðallandi sem hafa aldrei verið úðaðir með eiturefnum.

Hágæða **ÍSLENSK** Repjuolía




**579** kr. 500 ml

**Sandhóll Repjuolía**
Extra Virgin olía, 500 ml

**NÝTT Í BÓNUS**




**479** kr. 1 kg

**Sandhóll Haframjöl**
1 kg

**NÝTT Í BÓNUS**




**479** kr. 1 kg

**Sandhóll Tröllahafrar**
1 kg






**359** kr. 125 g

**Lambhaga Bónusblanda**
125 g

**SAMA VERÐ UM LAND ALLT**



**298** kr. kg

**Rófur**
Ný uppskera




**359** kr. 500 g

**Leynir Gulrætur**
Ný uppskera, 500 g

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 321




„Þetta lítur nú út eins og eitthvert bull,“ sagði Kata þegar hún sá þessa gátu. „Við eigum að finna út hvaða kassi í neðri línunni, A, B, C eða D, á að koma þar sem spurningamerkið er,“ sagði Konráð hugsi. „Hvaða kassi?“ sagði Kata. „Ég get ekki séð eftir hverju ég á að fara, þessi strik virðast bara vera út og suður og ekkert kerfi.“ Konráð horfði drykklanga stund á gátuna og braut heilann.

„Það er eitthvað skrítið við þessa gátu, það skal ég viðurkenna,“ sagði hann. „En það er alltaf eitthvert kerfi í öllum gátum, við þurfum bara að finna það út.“

**Getur þú fundið út hver af þessum kössum, A, B, C eða D, á að vera þar sem spurningamerkið er og hvers vegna?**



## Listaverkið

Hann **Ásgeir Volkan** sendi okkur þessa mynd af sér og Rósu, kisunni sinni. Hann er sex ára en verður bráðum sjö.




**Lausn á gátunni**

B, þá er hægt að lesa nafnið Ester út úr línunum í kössunum



Það merkilegasta sem hefur komið fyrir Odda er að fara á kajak, en hann var svolítið hræddur um að það kæmi stór fiskur – kannski hákarl. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Langar að verða indjáni

Odda Breiðfjörð þykir skemmtilegast af öllu að leita að kríueggjum en leiðinlegast að klippa neglurnar og bíða einn í bílnum.

**Hvað heitir þú fullu nafni og hvað ertu gamall?** Ég heiti Oddi Breiðfjörð og ég er fimm ára.

**Hefur þú farið í ferðalag nýlega** Já, ég fór á Vestfirði að tína bláber, veiða og í sund.

**Hvað þykir þér skemmtilegast af öllu að gera?** Að leita að kríueggjum. Til að finna þau þarf maður að sjá hvar kríurnar sitja við veginn og svo hlaupa þangað. Ef það eru tvö egg í hreiðrinu má taka eitt. Stundum reyna þær að gogga í mann, þess vegna er gott að vera með húfu og prik til að halda þeim frá.

Það er líka mjög gaman að fara í fjárhúsin hjá ömmu og afa í Suðursveit, í dýragarða, í bíó og líka á teikninámskeið. Og það er mjög skemmtilegt að leika í Legói.

**Hvað er langleiðinlegast að gera?** Að klippa neglurnar og bíða einn í bílnum.

**Áttu uppáhaldsfugl?** Já, kría er uppáhaldsfuglinn minn af því að kríur verpa út um allt í Suðursveit. En þar eru líka skúmar. Aðrir fuglar sem ég þekki eru lundi, skarfur, súla, gæs og örn sem er konungur fuglanna.

**Hvaða hljómsveit eða tónlistarmaður er í uppáhaldi hjá þér?** Sinfóníuhljómsveit Íslands, Maxímús og Páll Óskar.

**JÁ, KRÍA ER UPPÁHALDSFUGLINN MINN AF ÞVÍ AÐ KRÍUR VERPA ÚT UM ALLT Í SUÐURSVEIT. EN ÞAR ERU LÍKA SKÚMAR.**

**Hefur þú farið í leikhús?** Já, ég hef séð Fjarskaland, Ronju ræningjadóttur og Línu. Það er mjög gaman því þá getur maður verið svo nálægt.

**Hvað er það merkilegasta sem hefur komið fyrir þig?** Þegar ég fór í fyrsta skipti á kajak í sumar. Ég varð svolítið hræddur um að það kæmi stór fiskur, kannski hákarl!

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Ofurhetja, ljón og Siggi Hafberg.

**Hvað gera ofurhetjur?** Það er misjafnt. Superman er uppáhaldsofurhetjan mín af því hann getur skotið geislum úr augunum og flogið. Batman getur bara flogið í flaug.

Hulk getur lyft þrjú þúsund húsum í einu og breytir vondum gaurum í pönnukökur.

Spiderman getur skotið köngulóarvef og Robin er alltaf á nærbuxunum. Allar ofurhetjur berjast og setja vonda menn í fangelsi.

**Hvernig ofurhetja ætlar þú að verða?** Indjáni sem bjargar mannfólki.

FASTEIGN Á SPÁNI EXPO

# Fasteignaráðstefna um kaup á húseign á Spáni.

## 6. og 7. október 2018

## RADISSON BLU SAGA HOTEL REYKJAVÍK

Inngangur Landsbókasafns megin | Opið 10:00 – 18:00

- **KYNNINGAR.** Öflugustu byggingaraðilar á svæðinu kynna verkefni sín.
- **EIGNIR Í BYGGINGU .** Fáðu upplýsingar um 40 glæsileg verkefni byggingaraðila á svæði Costa Blanca.
- **FYRIRLESTRAR.** Haldnir verða fyrirlestrar um kaupferlið á Spáni.
- **RADISSON BLU SAGA HOTEL REYKJAVIK.** Fáðu svör við öllum spurningum á einum og sama staðnum







Skipulagt af

medland SPAIN

**Fáðu fría aðgöngumiða á www.fasteignaspaniexpo.com**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Hvöss suðaustanátt með slyddu eða rigningu á SA-, S- og V-landi, en hríðarveður til fjalla. Hægari vindur og þurrt NA-lands. Hiti 0 til 5 stig síðdegis. Lægir SV-til í kvöld með skúrum.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 14° | Oslo 11° | Stokkhólmur 12° | Gautaborg 12° | Helsinki 12° | Þórshöfn 6° | Nuuk -3° |
| London 11° | Amsterdam 19° | París 23° | Berlín 21° | Madríd 26° | Brussel 21° | Róm 19° |
| Boston 11° | New York 17° | Orlando 23° | Moskva 14° | Singapúr 27° | Tókýó 24° | Sydney 15° |

## Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ↗7 | 6° ↖5 | 4° ↖6 | 6° ↑8 | 4° ↓11 |

## Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° ↗4 | -0° ←10 | 1° ←4 | 1° ←8 | 0° ←2 |

## Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° ↗8 | -0° →1 | 1° ←3 | 3° ↑6 | 0° ↙3 |

## Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° ↗7 | 2° ↗5 | 2° ↙3 | 3° ↑8 | 3° ↙12 |

## Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° ←1 | 4° ←2 | 3° ↙1 | 5° ↑4 | 4° ↙11 |

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Kynntu þér Opel Grandland X og bókaðu reynsluakstur á grandland.opel.is
Bílabúð Benna

Rýmingarsala bókaútgefenda í **Holtagörðum**

# SÍÐASTA HELGIN

**ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR**

**Opið 10-18**
**alla helgina**

**BÆKUR FRÁ 99 KR.**

**ALLIR SEM VERSLA FÁ BÓK AÐ GJÖF**




**Hönnun**
Verð: 3.990 kr.



**Stangveiðar á Íslandi og Íslensk vatnabók**
Verð: 3990 kr.




**Jólamatur Nönnu**
Verð: 1490 kr.




**Nigella á ítölskum nótum**
Verð: 490 kr.




**Erfið samskipti**
Verð: 990 kr.




**Týnda hafið litabók**
Verð: 490 kr.




**Judy Moody**
Verð: 599 kr.
hver bók




**1000 orð og límmiðar**
Verð: 990 kr.

# Fantasíur hins einstaka Karls Dunganon

**Fyrsta yfirlitssýningin á verkum listamannsins í Listasafni Íslands. Sérstakur persónuleiki og sérstæður listamaður. Bók á leiðinni.**




Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is




Harpa Björnsdóttir sýningarstjóri við uppsetningu sýningarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Yfirlitssýning á verkum Karls Einarssonar Dunganon verður opnuð í Listasafni Íslands í dag, laugardaginn 6. október. Sýningarstjóri er Harpa Björnsdóttir.

Karl Dunganon fæddist á Íslandi árið 1897 en flutti barnungur til Færeyja og síðar til Danmerkur þar sem hann lést árið 1972. Hann arfleiddi íslensku þjóðina að öllum myndum sínum og handritum. Myndverkin eru varðveitt í Listasafni Íslands en ritverk og handrit eru í Þjóðskjalasafni Íslands.

Á sýningunni, sem nefnist Véfréttir, verður fjöldi verka úr myndröð sem Dunganon gerði við ljóðabálk sinn Oracles of St. Kilda. Verkin eru unnin á tímabilinu 1946-1960. „Á sýningunni eru um hundrað verk. Þetta eru fantasíur, allar í sömu stærð, og sagðist Dunganon hafa notað við gerð þeirra liti sem hann stal frá krökkum. Svo lakkaði hann yfir þær í lokin sem gaf þeim gullinn blæ. Þetta eru ótrúlega fallegar myndir sem hann gerði við ljóðabálkinn, en hvernig hann tengdi saman ljóð og mynd er eitthvað sem hefur reynst illmögulegt að fá botn í, þrátt fyrir mikla yfirlegu,“ segir Harpa.

### Ákveðin tímamót

Fyrsta opinbera sýningin hér á landi á verkum Dunganons var árið 1976, fjórum árum eftir andlát hans. „Vinur hans, Björn Th. Björnsson listfræðingur, fékk verk eftir hann lánuð frá listasafninu og sýndi þau á Listahátíð í Bogasal Þjóðminjasafnsins,“ segir Harpa. „Vinkona hans, Helga Hjörvar, fékk árið 2005 lánuð um þrjátíu verk sem hún sýndi í Norðurlandahúsinu í Færeyjum og árið 2009 sýndi hún um sjötíu verk hans í Kaupmannahöfn. En þetta er fyrsta yfirlitssýningin á verkum hans í þessu safni sem varðveitir þau og eru það ákveðin tímamót.“

**ÞETTA ER FYRSTA YFIRLITSSÝNINGIN Á VERKUM HANS Í ÞESSU SAFNI SEM VARÐVEITIR ÞAU OG ERU ÞAÐ ÁKVEÐIN TÍMAMÓT.**



**Ein af hinum skemmtilegu fantasíum Dunganons sem til sýnis eru í Listasafni Íslands.**

### Heillaði fólk

Spurð um Dunganon segir Harpa: „Hann var mjög sérstakur persónuleiki og sérstæður listamaður. Hann fæddist á Íslandi og kallaði sig alltaf Íslending þótt hann hefði alist upp í Færeyjum. Hann bjó öll sín efri ár í Danmörku en hafði farið um Evrópu þar á undan, verið í Frakklandi, Belgíu og á Spáni.

Hann tók sér ungur nafnið greifi af Dunganon og sæmdi sig einnig titlinum hertogi af St. Kildu, auk annarra titla og skáldanafna. Hann gaf út fyrstu ljóðabók sína árið 1931 en seinna fór hann að teikna og mála. Hann setti sig oft í ákveðið hlutverk, hafði gaman af því að vera öðruvísi og jafnvel ganga pínulítið fram af fólki. Hann kom úr mjög borgaralegu umhverfi og var á margan hátt mjög borgaralegur sjálfur, en á sama tíma var hann í algjöru andófi gegn alls konar reglum og kreddum borgaralegra viðhorfa. Hann var vel lesinn, las mikið heimspeki og dulspeki, og þegar hann var kominn á efri ár töluðu margir um hann sem hálfgerðan lífsspeking. Hann virðist hafa heillað fólk sem persóna og vonandi heillar hann fólk enn með verkum sínum.“

Sýningin stendur fram í janúar og samhliða henni verður gefin út bók um Dunganon þar sem fjallað er um ævintýralegt lífshlaup hans, sem og höfundarverk. Harpa Björnsdóttir og Helga Hjörvar ritstýra bókinni sem kemur út á næstu mánuðum.

# Af raunum og sigri sembalsins

**Helguleikur**

★★★★☆

**Höfundur:** Kolbeinn Bjarnason
**Blaðsíður:** 450 síður
**Útgefandi:** Sæmundur

Þegar farið var að senda loftskeyti í gamla daga birtist frétt í einhverju dagblaðinu þar sem stóð: „Loftskeyti geigaði og drap belju.“ Fólk var álíka tortryggið þegar fyrst fór að heyrast í sembal í tónleikalífinu hér. Semball er hljómborðshljóðfæri og forfaðir píanósins. Það eru strengir í honum, en ekki er slegið á þá með hömrum, heldur eru þeir plokkaðir með sérstökum mekanisma. Hljómurinn er veikur, enda ekki hægt að stjórna styrkleikanum með því að slá misfast á nóturnar. Áferðin er vélræn og hún kemur illa út í samspili við venjuleg nútímahljóðfæri. Þetta fannst fólki vafasamt.

Helga Ingólfsdóttir semballeikari, sem lést fyrir tæpum áratug, lét þó takmarkanir sembalsins ekki aftra sér. Hún barðist fyrir því að hann fengi verðskuldaðan sess í tónleikalífinu. Frá þessu segir í bók sem ber nafnið Helguleikur, saga Helgu Ingólfsdóttur og Sumartónleika í Skálholtskirkju, og er eftir Kolbein Bjarnason. Með bókinni fylgja sex geisladiskar með leik Helgu.




Fjallað er um ævistarf hennar, en hún stofnaði téða Sumartónleika, afar veglega og vandaða tónlistarhátíð. Áherslan þar er annars vegar á barokktónlist sautjándu aldarinnar og fyrri hluta þeirrar átjándu, og svo nútímaverk sem yfirleitt eru innblásin af trúarlegum, þjóðlegum efnivið.

Fyrsti hluti bókarinnar, tæpar hundrað síður, er um sembalinn sjálfan og vandamálin sem upp koma þegar hljómur hans blandast nútímahljóðfærum. Svar Helgu við því var að hvetja til þess að barokktónlist yrði öll leikin á „upprunaleg“ hljóðfæri. Eftir því sem tónlistin þróaðist frá barokktímanum yfir í rómantík 19. aldarinnar þurftu hljóðfærin meiri hljómstyrk til að hægt væri að túlka þær tilfinningaólgur sem rómantíkin kallaði á. Farið var að nota stálstrengi í stað garna í strokhljóðfærunum, flautan var smíðuð úr málmi en ekki tré, o.s.frv. Þessi breyting umturnaði barokktónlistinni, hún varð miklu belgingslegri og missti hinn fínlega karakter sem einkenndi hana. Í slíku umhverfi þar sem einnig var leikið á sembal, drukknaði hann einfaldlega í hljómgnýnum.

Helga var leiðandi afl í því að breyta þessu, og nú er svo komið að maður getur notið barokktónlistar með reglulegu millibili eins og hún var upphaflega hugsuð. Alþjóðlega barokksveitin í Hallgrímskirkju kemur árlega fram með stórvirki barokktímans, en þar er leikið á upprunahljóðfæri. Minni hópar á borð við Nordic Affect hafa auk þess vakið ánægju og gleði undirritaðs oftar en einu sinni. Á slíkum tónleikum er gjarnan leikið á sembal, og hann hljómar miklu betur en ella.

Helguleikur er fróðleg bók. Saga sembalsins á Íslandi og Sumartónleikanna í Skálholti er rakin mjög ítarlega. Lesandinn fær hins vegar nánast ekkert að vita um Helgu sjálfa, hið persónulega um hana mætti segja á einni blaðsíðu – í mesta lagi. Þetta gerir að verkum að stór hluti bókarinnar er nokkuð þurr, en sem fræðibók er hún engu að síður frábær. Farið er í allt sem átti sér stað á tónleikunum í Skálholti í gríðarlegum smáatriðum og þau mega ekki gleymast, því þar voru frumflutt mörg íslensk tónverk. Óneitanlega er bókin skyldueign allra sem hafa áhuga á íslenskri tónlistarsögu.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Vönduð fræðibók um mikilvægan þátt íslenskrar tónlistarsögu.


UFC
229
KHABIB VS McGREGOR
WORLD LIGHTWEIGHT CHAMPIONSHIP
Í KVÖLD kl.02:00
Tryggðu þér áskrift á stod2.is
©2018 ZUFFA, LLC. ALL RIGHTS RESERVED. CARD SUBJECT TO CHANGE.
Keiluhöllin
EGILSHÖLL
SPORT
KAUPTU STAKAN VIÐBURÐ:
vodafone Síminn



Sönghópurinn Norðurljós heldur hausttónleika í Fella- og Hólakirkju í dag kl. 15 og býður tónleikagestum til veglegs kaffihlaðborðs að tónleikum loknum.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

### 6. OKTÓBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Friðrik Dór – Í síðasta skipti – Kvöldtónleikar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Kaplakriki
Friðrik Dór Jónsson mun í dag, 6. október, gefa út sína þriðju breiðskífu sem hefur að geyma öll hans vinælustu lög síðustu ár sem og nokkur ný lög. Til að fagna útgáfunni og þrítugsafmæli sínu ætlar Friðrik Dór að halda tónleika í Kaplakrika í kvöld. Tónleikarnir nefnast „Í síðasta skipti“ enda munu þeir endurspegla ákveðin leiðarlok á ferli Friðriks. Friðrik Dór mun koma fram ásamt tólf manna hljómsveit á hvorum tveggja tónleikunum undir handleiðslu tónlistarstjórans Ara Braga Kárasonar. Á tónleikunum munu einnig koma fram tónlistarmenn sem Friðrik hefur starfað með í gegnum árin ásamt einum bróður hans.

**Hvað?** Pictura Poesis, Devine Defilement, Dead End & Moronic
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Gaukurinn, Tryggvagötu

**Hvað?** Sönghópurinn Norðurljós
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Fella- og Hólakirkja
Sönghópurinn Norðurljós heldur hausttónleika í Fella- og Hólakirkju í dag, laugardag, kl. 15 og býður tónleikagestum til veglegs kaffihlaðborðs að tónleikum loknum. Arnhildur Valgarðsdóttir stjórnar kórnum og leikur á píanó og með leikur einnig Matthías Stefánsson á fiðlu og gítar. Einsöngur Birna Jensdóttir. Þess má geta að kórinn fór í söngferð til Rúmeníu í ágúst og söng þar m.a. á Enescu-festivalinu í Transylvaníu og í Ceaucescu-höllinni í Búkarest. Fjölbreytt dagskrá innlendra og erlendra laga, og kórinn brosmildur að venju og í kaffinu má sjá myndir úr Rúmeníuferðinni. Miðaverði er stillt í hóf, kr. 2.500 við innganginn, en 1.000 kr. fyrir eldri borgara og öryrkja og frítt fyrir 12 ára og yngri. Innifalið í þessu verði er kaffihlaðborð. Ekki er posi á staðnum.

### Viðburðir

**Hvað?** Súkkulaði og kaffipörun
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Omnom, Hólmaslóð
Omnom súkkulaði og Reykjavík Roaster taka höndum saman þann 6. október næstkomandi og efna til sælkeraviðburðar með því að para saman súkkulaði og kaffi. Bragðlaukarnir munu syngja af ánægju.

**Hvað?** Griðastaður
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Tjarnarbíó
Griðastaður er einleikur um dauðleikann, fjöldaframleiðslu húsgagna, Billy-hillur, bældar tilfinningar, mömmur, sænskar grænmetisbollur, fyrrverandi kærustur, krúttlegar skjaldbökur, einsemd, sniðugar kryddhillur, dauðann, Nockeby-sófa, lífið, sorgina og fleira.

**Hvað?** Smiðja | Ljóðaslamm!
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi
Slamm-fræðingarnir Ólöf Rún Benediktsdóttir og Jón Magnús Arnarsson stýra ljóðaslammsnámskeiði í Gerðubergi, þar sem þau hjálpa þátttakendum að setja saman sitt fyrsta slammljóð og kenna aðferðir til að fá hugmyndir, vinna texta og bæta flæði.

**Hvað?** Dömur og herra – Bíó-burlesque
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Secret Cellar, Lækjargötu 6
Burlesque-hópurinn Dömur og herra hitar poppvélina og sækir innblástur í heim kvikmyndanna í víðum skilningi. Þó ekki verði um beinar hryllingsmyndir að ræða eru þarna atriði sem henta ekki áhorfendum yngri en átján ára. Miðasalan er á tix.is og við hurð.

## Hvað? Hvenær? Hvar? Sunnudagur

hvar@frettabladid.is

### 7. OKTÓBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Heiðurstónleikar: Mahalia, Aretha & Sister Rosetta
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Lindakirkja
Mögnuð dagskrá í tónum, tali og myndum sem heiðrar minningu þessara frábæru listamanna, Mahaliu Jackson sem kölluð var drottning gospeltónlistarinnar, Arethu Franklin, sem er nýlátin og var nefnd drottning soul-tónlistarinnar og síðast en ekki síst systur Rosettu Tharpe. Nafn hennar er minnst þekkt þessara þriggja en hún hefur verið kölluð guðmóðir rokksins.

**Hvað?** Ómstríð
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Harpa
